BIRNA MELSTED

*Á fullan fataskáp af íslenskri hönnun*

• tíska • heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS






LANDIÐ MITT NORÐURLAND

*Tónleikar, sýningar og almenn hátíðarhöld*

Sérblað um Norðurland

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.






JÓN VIÐAR JÓNSSON

*Óverjanleg staða Rúnars í Grímunefnd*

Undarlegt fyrirkomulag verðlaunanna

FÓLK 46





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. júní 2009 — 131. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Pilsner og snakk hjá Rauða krossinum



Spurningakeppni og Herbert Guðmundsson í Rauða kross-húsinu.

FÓLK 36

### Laxness á arabísku



Gengið hefur verið frá samningum um að gefa Brekkukotsannál út á arabísku.

FÓLK 46

### Sóttu sömu tíma

Sólveig Valgerður Stefánsdóttir útskrifast ásamt dætrum sínum.

TÍMAMÓT 26

### Valur hirti toppsætið



Valur vann Fylki í toppbaráttuslag í Pepsi-deild kvenna í gærkvöld.

ÍÞRÓTTIR 42

### VEÐRIÐ Í DAG




**SKÝJAÐ VESTAN TIL** Í dag verður hæg breytileg átt og víða bjartviðri norðan- og austanlands annars hálfskýjað eða skýjað og úrkomulítið. Hiti 8-16 stig.

VEÐUR 4

# Ríkiskaup sögð sveigja reglur

**Forstjóri Símans kærir Ríkiskaup fyrir að semja við Vodafone um fjarskiptaþjónustu þótt eiginfjárstaða Vodafone sé neikvæð. Ríkiskaup segja eigið fé Vodafone munu verða jákvætt við undirritun samninga.**

**STJÓRNSÝSLA** „Við munum að sjálfsögðu kæra áður en þessi samningur kemst á,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, um þá ákvörðun Ríkiskaupa að semja við Vodafone um fjarskiptaþjónustu fyrir Landspítalann.

Um er að ræða þriggja ára samning um fjarskiptaþjónustu fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús. Síminn bauð 227 milljónir króna í hinn umdeilda verkhluta en Vodafone (Og fjarskipti ehf.) 185 milljónir, eða 42 milljónum minna. Sævar segir bjóðendur hafa átt að sýna fram á jákvæða eiginfjárstöðu. Það hafi Vodafone ekki getað gert enda verið með neikvæða eiginfjárstöðu upp á 1.200 milljónir króna.

„Leikreglur verða að vera skýrar og eftir þeim farið. Við erum ósátt við að ríkisfyrirtækið Vodafone fái þennan samning með því að menn sveigi reglur,“ segir Sævar og vísar til þess að stærstu eigendur Teymis, móðurfélags Vodafone, eru ríkisfyrirtæki.

> Leikreglur verða að vera skýrar og eftir þeim farið. Við erum ósátt við að ríkisfyrirtækið Vodafone fái þennan samning með því að menn sveigi reglur.
>
> SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON
> FORSTJÓRI SÍMANS

Í bréfi Júlíusar S. Ólafssonar, forstjóra Ríkiskaupa, til Símans útskýrir hann skilmála um eiginfjárstöðu. „Í þessari grein er gerður sá fyrirvari að sé eigið fé bjóðanda ekki jákvætt þegar tilboðum er skilað sé heimilt að gera undanteknignu verði eigið fé jákvætt við undirritun samnings sem í þessu tilviki er stefnt að af hálfu bjóðanda að verði í byrjun júlí. Samkvæmt þessari grein er ekki hægt að líta svo á að tilboð Og fjarskipta uppfylli ekki útboðskilmála,“ segir forstjóri Ríkiskaupa.

Í dag greiða kröfuhafar Teymis atkvæði um frumvarp til nauðasamninga. Samkvæmt því eignast ríkisfjármálafyrirtækin Landsbankinn, Straumur og Íslandsbanki samtals 67 prósent í Teymi.

„Á sama tíma og reglur eru sveigðar í þágu Vodafone er almenningur að greiða tæplega 31 þúsund milljónir til þess að bjarga því að þetta fyrirtæki og önnur fyrirtæki Teymis geti starfað áfram á markaði,“ segir Sævar sem kveður þetta fela í sér gríðarlegt ójafnræði gagnvart öðrum fjarskipta- og upplýsingatæknifyrirtækjum.

„Þótt þjóðfélagið gangi nú í gegnum erfiða tíma og það þurfi að hjálpa fyrirtækjum megum við ekki víkja frá þeim grundvallarreglum sem halda þjóðfélaginu gangandi,“ segir forstjóri Símans.

- gar



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Hermann Hreiðarsson landsliðsfyrirliði, Eiður Smári Guðjohnsen, nýkrýndur Evrópumeistari með Barcelona, og Stefán Gíslason, leikmaður Bröndby, skemmtu sér konunglega á æfingu íslenska landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framtíð Eiðs hjá Barca:

## Tek ákvörðun í lok sumars

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen er mættur heim til Íslands fyrir landsleikinn gegn Hollandi í undankeppni HM 2010 sem fram fer á Laugardalsvelli á laugardaginn. Eiður Smári er þó enn að ná áttum eftir eftirminnilegt þrennutímabil með Barcelona sem lauk með fræknum sigri gegn Manchester United í úrslitaleik Meistaradeildarinnar í Rómaborg.

„Ég er búinn að fagna vel með vinum og fjölskyldu. Heimkoman til Barcelona eftir úrslitaleikinn geri annars einhver ótrúlegasta upplifun sem ég hef lent í,“ segir Eiður Smári sem á enn eitt ár eftir af samningi sínum við Börsunga en ákveður að öllu óbreyttu framhaldið í lok sumars. Hann er orðaður við endurkomu til Englands en útilokar ekki að prófa eitthvað annað en England og Spán.

-óþ/sjá síðu 42






Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra gerði húsleit hjá Hannesi Smárasyni:

# Meint ólöglegt lán rannsakað

**LÖGREGLUMÁL** Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra rannsakar meint ólöglegt fimm milljarða króna lán FL Group til Hannesar Smárasonar, fyrrum forstjóra félagsins. Lánið er talið hafa verið notað til kaupa á Sterling-flugfélaginu árið 2005. Einnig er til rannsóknar hvort Hannes hafi orðið uppvís af umboðssvikum.

Þetta kemur fram í viðtali vefútgáfu danska blaðsins Berlingske Tiderne við Helga Magnús Gunnarsson, saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.

Efnahagsbrotadeildin og fulltrúar á vegum sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins gerðu í gær húsleit hjá lögmannastofunni Logos og á heimili Hannesar Smárasonar. Rannsókn efnahagsbrotadeildar er talin tengjast kaupunum á Sterling, auk fleiri meintra brota á skattalögum.

Húsleit embættis sérstaks saksóknara er liður í rannsókn á kaupum eignarhaldsfélags í eigu Sjeiks Mohamed Bin Khalifa Al-Thani frá Katar á fimm prósenta hlut í Kaupþingi.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segist fagna því að vasklega sé gengið til verks í rannsóknum sem þessum.

- kg / sjá síðu 2








Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

## SPURNING DAGSINS



*Gylfi, rann ekki af ykkur þegar þið sáuð Pálma í lystigarðinum?*

„Nei, en við vorum með Pálmann í höndunum á meðan við kláruðum lagið.“

Í bæklingi sem fylgir nýrri hljómplötu Papanna með lögum Gylfa Ægissonar, sem kemur út í dag, er sagt frá tilurð lagsins Í sól og sumaryl. Þá mun séra Pálmi Matthíasson, þá sumarafleysingamaður í lögreglunni, hafa leyft vel hífuðum Gylfa og félaga hans að klára að semja lagið áður en þeim var gert að yfirgefa Lystigarðinn á Akureyri.

Leitað að braki og svarta kassanum úr frönsku flugvélinni sem fórst á sunnudag:

# Kassinn finnst kannski aldrei

**BRASILÍA, AP** Mögulegt er að svarti kassi flugvélarinnar sem fórst yfir Atlantshafinu á sunnudag finnist aldrei. Flugvélar og skip leituðu að meira braki úr vélinni við mjög erfiðar aðstæður í gær. Sjö metra langur hluti af vélinni fannst um 90 kílómetrum sunnar en það brak sem hafði fundist á þriðjudag.

Sérfræðingar reyna nú að finna orsök slyssins, en án svarta kassans er það talsvert erfiðara. Ef kassinn er á hafsbotni verður mjög erfitt að finna hann þar sem dýpið er sums staðar fimm kílómetrar og að auki mikið fjalllendi. Kenningar eru uppi um það að mikið óveður eða eldingar hafi valdið því að flugvélin fórst. Alain Bouillard, sem stýrir rannsókninni, sagði í gær mögulegt að elding hafi grandað vélinni, ef eldingin hefur lent á olíutanki eða náð að slá út rafmagnskerfi. Annars eru flugvélar eins og sú sem fórst hannaðar til að þola að fá í sig eldingar. Eins og er eru engar upplýsingar um að nokkuð hafi verið að vélinni áður en hún fór á loft.

Ef enginn finnst á lífi verður slysið það mannskæðasta í sögu Air France, og það mannskæðasta í heiminum í tæp átta ár, eða frá því að farþegavél American Airlines hrapaði á íbúðahverfi í New York í nóvember 2001. **- þeb**



**MINNINGARATHÖFN** Fjöldi manns kom saman við minningarathöfn í og við Notre Dame-kirkju í París í gær. Þeirra á meðal voru frönsku forsetahjónin, fjöldi ættingja fórnarlamba og starfsfólk Air France. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ólafur F. Magnússon:

# Starfa ekki með meirihlutanum

**REYKJAVÍKURBORG** „Ég frábið mér að lesa í blöðum frá Hönnu Birnu Kristjánsdóttur að hún sé að lýðræðisvæða borgina. Hún er ekki að því heldur er hún að framsóknarvæða borgina,“ segir Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-listans.

Ólafur vísar í orð borgarstjóra í Fréttablaðinu í gær um ný vinnubrögð í borgarstjórn með samstarfi allra borgarfulltrúa. „Þvert á móti er verið að bola okkur úr þeim nefndum sem hægt er og koma framsóknarmönnum að þar sem hægt er í nefndum og ráðum,“ segir Ólafur. **- gar**

Fyrsta hlutafjárútboð ársins:

# Marel slær taktinn í Kauphöll

**VIÐSKIPTI Stjórn Marel Food Systems ákvað í gær að efna til áskriftarútboðs fyrir fagfjárfesta með það fyrir augum að styrkja lausafjárstöðu félagsins. Gefið verður út nýtt hlutafé í útboðinu sem lýkur á föstudag.**

**Þetta er fyrsta hlutafjárútboðið hjá skráðu félagi í Kauphöllinni það sem af er árs.**

**Ætla má að allt frá tæpum 1,1 til 2,1 milljarðs króna bætist við sjóði Marels ef miðað er við að gefnir verði út allt frá tuttugu til 35 milljónir hluta og seldir á verðbilinu 54 til 60 krónur á hlut. Lægra verðið jafngildir um tíu prósenta afslætti af bréfum félagsins, en það er nokkuð í samræmi við hlutafjárútboð erlendis upp á síðkastið.**

**Gengi hlutabréfa Marel stóð í 63 krónum á hlut við lokun viðskipta á hlutabréfamarkaði á þriðjudag en féll um tólf prósent í gær.** **- jab**

Handtekinn í Breiðholti:

# Sveiflaði sveðju og kveikti í

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla handtók í fyrrinótt karlmann á fertugsaldri sem ógnað hafði nágrönnum sínum í fjölbýlishúsi í Breiðholti með sveðju. Maðurinn hafði farið út úr íbúð sinni og verið með háreysti á stigaganginum svo að endingu hringdu nágrannarnir á lögreglu. Hann beindi þá að þeim stærðar sveðju og var ógnandi í fasi.

Þegar lögregla kom á staðinn logaði eldur í teppi í stigaganginum. Talið er að maðurinn hafi kveikt í teppinu. Maðurinn er góðkunningi lögreglu og þekktur fyrir fíkniefnaneyslu. Til stóð að yfirheyra hann í gær þegar hann hefði sofið úr sér vímuna. **- sh**

# Steingrímur fagnar vasklegri framgöngu

**Embætti sérstaks saksóknara og efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra gerðu húsleitir hjá Logos lögmannastofu og á heimili Hannesar Smárasonar. Grunur um brot á skattalögum. Fjármálaráðherra bindur góðar vonir við aðgerðirnar.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég fagna því að rannsóknarmenn séu að ganga vasklega til verks í þessum málum. Það hefur verið mikil eftirspurn eftir því að þessari rannsóknarvinnu miðaði áfram,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og fulltrúar á vegum sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins gerðu í gær húsleit hjá lögmannastofunni Logos.

Steingrímur segir það vonandi boða gott að tvisvar á stuttum tíma hafi verið gripið til víðtækra rannsóknaraðgerða á þessum málum. „Ekki veitir af. Það er bráðnauðsynlegur hluti þess að þjóðin sættist við þetta að ekkert sé undan dregið í þessum efnum,“ segir Steingrímur.

Húsleitin er meðal annars talin tengjast meintu ólöglegu risaláni FL-Group upp á 46 milljónir dollara, eða fimm milljarða króna, til Hannesar Smárasonar, fyrrum forstjóra FL Group. Lánið á að hafa verið notað til kaupanna á Sterling-flugfélaginu árið 2005. Einnig er til rannsóknar hvort Hannes hafi orðið uppvís af umboðssvikum. Þetta kemur fram í viðtali vefútgáfu danska dagblaðsins Berlingske Tiderne við Helga Magnús Gunnarsson, saksóknara efnahagsbrotadeildarinnar. Logos kom mikið að Sterling í gegnum FL Group.

Efnahagsbrotadeildin gerði einnig húsleit á tveimur heimilum Hannesar Smárasonar við Fjölnisveg. Rannsóknin tengist meintum skattalagabrotum nokkurra félaga sem tengjast Hannesi Smárasyni. Félögin eru FI fjárfestingar ehf., sem áður var Fjárfestingarfélagið Primus, og dótturfélög þess, EO eignarhaldsfélag ehf., sem áður var Oddaflug, Eignarhaldsfélagið Sveipur ehf., 3S ehf., Hlíðarsmári 6 ehf. og Fjölnisvegur 9 ehf.

Gunnar Sturluson, faglegur stjórnandi Logos, sat í stjórnum félaganna sem tengjast Hannesi fram í lok nóvember síðastliðinn. Rannsóknin er á frumstigi.

Gunnar Sturluson staðfesti í samtalið við Fréttablaðið að húsleitin hefði farið fram og afhent hefðu verið þau gögn sem beðið var um. Hann vildi ekki tjá sig nánar um málið að svo stöddu.

Ekki náðist í Hannes Smárason vegna málsins. **kjartan@frettabladid.is**



**HÚSLEIT** Logos hefur einnig starfsstöðvar í Kaupmannahöfn og London. Ekki hefur verið leitað þar.

## ÁFRAMHALD Á RANNSÓKN

Fulltrúar á vegum sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins gerðu einnig húsleit hjá Logos lögmannastofu í gær. Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir húsleitina áframhald á rannsókn á sölu fimm prósenta hlutar í Kaupþingi til Q Iceland Invest, eignarhaldsfélags í eigu sjeiksins Al Thani. Fyrir tíu dögum var gerð húsleit vegna þeirrar rannsóknar, meðal annars á heimilum fyrrum stjórnenda Kaupþings.

Logos hefur einnig starfsstöðvar í Kaupmannahöfn og London.

Framkvæmdastjóri SA:

# Lífeyrissjóðirnir styrki krónuna

**EFNAHAGSMÁL „Ef Seðlabankinn lækkar ekki vexti þá höfum við ekkert annað að gera en að fara heim og undirbúa sautjánda júní,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sem vill að stýrivextir lækki niður í eins stafs tölu í dag.**

**„Við verðum að finna einhvern flöt á því að fyrirtæki og heimili geti horft fram á að hafa starfsfrið og lágmarks starfsgrundvöll,“ segir Vilhjálmur og bætir við að stungið hafi verið upp á því að lífeyrissjóðir legðu til eignir erlendis til að styrkja gjaldeyrisforðann. Hann segir ríkisfjármálin „ótrúlega stórt“ verkefni. „Það þarf alls staðar að lækka útgjöld og hækka skatta.“** **- gar**

Hvarf í lok nóvember:

# Rjúpnaskyttan fannst látin

**LÖGREGLUMÁL** Lík rjúpnaskyttu sem leitað var að í lok nóvember í fyrra fannst á Selgilsbökkum við Þverá í fyrradag, rúman einn og hálfan kílómetra norðnorðaustur af bænum Fossnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Lögreglunni barst tilkynning um líkfundinn í fyrradag.

Staðfest hefur verið að líkið er af Trausta Gunnarssyni, fæddum árið 1938, sem varð viðskila við félaga sína 29. nóvember. Mikil en árangurslaus leit var gerð að Trausta í kjölfarið og lauk henni ekki fyrr en 5. desember. Mest tóku um 200 manns þátt í leitinni. **- sh**

## MINJAVERND

### Vaktarahúsið endurgert

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur heimilað fyrirtækinu Minjavernd að endurgera einbýlishúsið Vaktarabæinn í Garðastræti 23. Húsið er frá árinu 1848.


**Umsóknarfrestur rennur út á morgun!**

**Nám á framhaldsskólastigi og starfsnám:**

- Atvinnuflugmannsnám með blindflugsréttindum
- Einkaflugmannsnám
- Flugumferðarstjórn
- Flugrekstrarfræði
- Flugfreyju-/þjónanám
- ÍAK einkaþjálfari
- ÍAK íþróttaþjálfari

**Nánari upplýsingar á www.keilir.net.**

**Nám á háskólastigi:**

- Mekatróník tæknifræði
- Orkutæknifræði
- Frumkvöðlanám

**Undirbúningsnám fyrir háskólanám:**

- Háskólabrú, staðnám

**Keilir**
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

ÁSBRÚ - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET


Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins vill breytingar á íslensku bönkunum:

# Verði útibú erlendra banka

**EFNAHAGSMÁL** Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, telur heppilegt fyrir atvinnulífið að íslensku ríkisbankarnir færist í eigu erlendra banka og verði jafnvel útibú frá þeim.

Nauðsynlegt sé að bankarnir geti fjármagnað sig á góðum kjörum og margir erlendir bankar njóti mun betra lánshæfismats heldur en íslenska ríkið.

„Það skiptir höfuðmáli að íslenskir bankar hafi aðgang að erlendum lánsfjármörkuðum og öruggasta leiðin til þess er að þeir verði í eigu erlendra banka og jafnvel útibú frá þeim í stað þess að vera sjálfstæð fyrirtæki.“

Hætta sé á að bankarnir einangrist á alþjóðavettvangi verði þeir áfram í ríkiseigu.

Endurskipulagning bankanna er meðal þess sem Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á í stöðugleikaviðræðum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Vilhjálmur segir stjórnvöldum vandinn ljós og að þau vinni að því að finna lausn á eignarhaldi bankanna til frambúðar.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir engum dyrum hafa verið lokað í þessum málum. „Erlendir kröfuhafar eru aðeins komnir inn í bankana í gegnum samningana um Sparisjóð Mýrasýslu, þannig að vísir að þessu er til staðar. Hins vegar er alveg ósýnt um hvort þeir hafa áhuga á að vera þátttakendur í bankakerfinu. Eins er ekki víst að þeir aðilar sem við vildum helst fá til samstarfs séu áhugasamir um að vera meðeigendur. Þetta verður bara að skýrast, og gerir það vonandi fljótlega.“

**- bþf, kg**



Það skiptir höfuðmáli að íslenskir bankar hafi aðgang að erlendum lánsfjármörkuðum.

**VILHJÁLMUR EGILSSON**
FRAMKVÆMDASTJÓRI SA

# TAX FREE!

Byrjar í dag!

# TAX FREE!



BYRJAR
Í DAG
sumarblóm
og trjáplöntur
án vsk

## AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT

### AF SUMARBLÓMUM OG TRJÁPLÖNTUM

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

## STJÚPUSPRENGJAN HELDUR ÁFRAM

Tax Free gildir ekki af stjúputilboði




*10 stk* Stjúpur **799** kr

*20 stk* Stjúpur **1499** kr

*30 stk* Stjúpur **1999** kr

**Gildir í verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals um land allt.**

**Munið opið til 21:00 í Skútuvogi**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

## GENGIÐ 3.6.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,57 | 121,15 |
| Sterlingspund | 199,86 | 200,84 |
| Evra | 171,92 | 172,88 |
| Dönsk króna | 23,086 | 23,222 |
| Norsk króna | 19,269 | 19,383 |
| Sænsk króna | 15,973 | 16,067 |
| Japanskt jen | 1,2574 | 1,2648 |
| SDR | 187,8 | 188,92 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
209,3679

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tuttugu ár voru í gær liðin frá atburðunum á Torgi hins himneska friðar:

# Aðgangur að torginu bannaður

**KÍNA, AP** Erlendum blaðamönnum var meinaður aðgangur að Torgi hins himneska friðar í gær, þegar tuttugu ár voru liðin frá því að friðsamleg mótmæli fyrir lýðræðisumbótum voru brotin á bak aftur.

Dagana á undan höfðu þeir blaðamenn og ljósmyndarar sem reyndu að taka myndir á torginu eða ræða við andspyrnufólk verið handteknir. Þá var þekktu andspyrnufólki ýmist haldið heima hjá sér eða það neytt til að fara frá Peking í gær. Mikill fjöldi lögreglumanna gætti torgsins og þurfti fólk að framvísa skilríkjum til þess að komast nálægt því.

Á þriðjudag hafði samskiptavefjum á borð við Twitter og Facebook, myndasíðum og fjölmörgum spjallborðum á netinu verið lokað. Allar þessar öryggisaðgerðir voru gerðar til að koma í veg fyrir umræðu og möguleg mótmæli vegna atburðanna. Aðfaranótt 4. júní 1989 höfðu friðsamleg mótmæli þúsunda Kínverja, að mestu leyti stúdenta, staðið í nokkrar vikur. Þá lét herinn til skarar skríða gegn fólkinu og jafnvel mörg hundruð eða þúsund manns voru drepnir og enn fleiri voru handteknir. Kínversk stjórnvöld hafa aldrei leyft óháða rannsókn á málinu. - þeb



**BLÓÐBAÐSINS MINNST** Atburðanna á Torgi hins himneska friðar fyrir tuttugu árum var minnst víðs vegar um heiminn í gær, meðal annars í Taívan, þar sem frægar myndir úr mótmælunum voru til sýnis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ákærður fyrir líkamsárás:

# Rifbeinsbraut lögreglumann

**DÓMSMÁL** Karlmaður um þrítugt hefur verið ákærður fyrir umferðarlagabrot og brot gegn valdstjórninni, en honum er gefið að sök að hafa veist að lögregluþjóni eftir að hafa verið handtekinn fyrir ölvunarakstur í október árið 2006.

Samkvæmt ákæru gaf maðurinn lögregluþjóninum olnbogaskot í síðuna þar sem þeir sátu í lögreglubíl. Síðan mun hann hafa spyrnt með öxlinni í síðu lögregluþjónsins þannig að líkami hans klemmdist við bílþakið með þeim afleiðingum að hann rifbeinsbrotnaði og tognaði á fingri. - sh

Bolli í félagsmálaráðuneytið:

# Sviptingar í stjórnsýslunni

**STJÓRNSÝSLA** **Bolli Þór Bollason hagfræðingur var skipaður ráðuneytisstjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu í gær. Bolli var áður ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu og fór í tímabundið leyfi þegar Jóhanna Sigurðardóttir tók við í forsætisráðuneytinu.**



BOLLI ÞÓR BOLLASON

**Ragnhildur Arnljótsdóttir lögfræðingur var jafnframt skipuð ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins til fimm ára frá og með 1. júní 2009.**

**Hún var settur ráðuneytisstjóri frá 1. febrúar 2009, eftir að minnihlutastjórn VG og Samfylkingar tók við.**

**Anna Sigrún Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur og MA, var skipuð aðstoðarmaður Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra í gær.** - vsp



**TF-LÍF** Hefur farið tvær ferðir á haf út þar sem kalla þurfti til mannskap á frívakt. Ekki er sjálfgefið að það sé hægt. MYND/LHG

# Aftur þurfti að kalla út frívakt á þyrluna

**Landhelgisgæslan hefur í tvígang þurft að kalla út frívakt til að fara í björgunarflug við strendur landsins. Dómsmálaráðherra ætlar að ræða við forstjóra LHG um endurskoðun á sparnaðaraðgerðum sem varða þyrlusveitina.**

**ÖRYGGISMÁL** Tvisvar í þessari viku hefur Landhelgisgæslan þurft að kalla til frívaktir til að fara í björgunarflug á haf út. Dómsmálaráðherra hyggst ræða við forstjóra Landhelgisgæslunnar til að kanna hvort hægt sé að endurskoða leiðir til sparnaðar hjá þyrlusveitinni.

„Landhelgisgæslan þarf að hagræða og reksturinn er núna með þeim hætti sem forstöðumaðurinn lagði til við ráðuneytið. Þetta tilvik gefur okkur tilefni til að fara betur ofan í það hvernig hægt sé að hagræða í stofnuninni með öðrum hætti því mín skoðun er sú að björgunarþjónustan verður að vera með forsvaranlegum hætti,“ segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra.

Ragna vill ekki tjá sig sérstaklega um þær aðstæður sem komu upp á mánudagsnótt, þegar kalla þurfti til menn á frívakt til að hægt væri að fara í björgunarflug til að sækja fársjúka 67 ára gamla konu á portúgalskt farþegaskip, statt rúmar 80 sjómílur suður af Vestmannaeyjum. Staðfest hefur verið að um líf og dauða var þar að tefla.

Í fyrrinótt þurfti svo í annað sinn á jafn mörgum dögum að kalla til frívakt til að fara í björgunarflug á haf út. Í því tilviki var um grænlenska togarann Polar Nanoq að ræða þar sem einn úr áhöfninni var talinn vera með innvortis blæðingar.

Ragna hyggst ræða við Georg Lárusson, forstjóra LHG, vegna málsins og biðja hann um tillögur um hvernig hægt sé að hagræða með öðrum hætti en fækka þyrluvöktum úr sex í fimm, en vegna niðurskurðarins er ekki mögulegt að halda úti þeirri öryggisþjónustu sem hingað til hefur verið talin lágmark. „Auðvitað verður Landhelgisgæslan að halda sig innan fjárheimilda, en sjófarendur verða að búa við öryggi og ekki spurning um neitt annað,“ segir Ragna.

Georg hefur ítrekað bent á hversu starfsemi LHG er viðkvæm fyrir breytingum á gengi krónunnar og sveiflum í eldsneytisverði. Landhelgisgæslunni sé nauðugur sá kostur að draga saman seglin sem óumflýjanlega hefur áhrif á björgunargetu.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur sagt í fjölmiðlum að auknar fjárframlögur til LHG komi ekki til greina í því efnahagsástandi sem þjóðin glímir við. svavar@frettabladid.is

Skipstjórnarmenn álykta:

# Skelfileg þróun í öryggismálum

**ÖRYGGISMÁL** **Félag skipstjórnarmanna (FS) mótmælir þeirri „skelfilegu þróun sem átt hefur sér stað í öryggismálum sjómanna“ og skorar á stjórnvöld að sjá til þess að öryggi sjófarenda verði tryggt.**

**Í greinargerð félagsins segir að eftir að dregið var úr þjónustu Landhelgisgæslunnar (LHG) sé öryggi sjófarenda við Ísland stórlega ógnað. Þar segir að niðurskurður hjá LHG sé óásættanleg meðferð og vanvirða við sjómenn, ekki síst nú á tímum þegar fiskiveiðar eru ein tryggasta stoð íslensku þjóðarinnar.**

**Í greinargerðinni kemur fram að þótt félagsmenn FS skilji vel vanda stjórnvalda þá geti þeir ekki unað því að öryggi þeirra sé skert og krefjast þess að LHG verði tryggt fjármagn til að sinna hlutverki sínu með tryggum hætti, allt árið um kring.** - shá

Ungur maður í síbrotagæslu:

# Ræningi settur í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Héraðsdómur hefur úrskurðað tvítugan mann í gæsluvarðhald, en hann braust inn á heimili í Hafnarfirði um helgina, réðst þar á sautján ára íbúa og fór ránshendi um heimilið. Maðurinn er annar þeirra sem réðust inn á heimili á Seltjarnarnesi í síðustu viku og börðu og bundu aldraðan íbúann. Ungur piltur var einnig handtekinn vegna ránsins og sendur á meðferðarheimilið Stuðla.

Eftir ránið á Seltjarnarnesi voru ræningjarnir tveir úrskurðaðir í gæsluvarðhald til dagsins í dag á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Þegar rannsókn málsins var lokið á föstudaginn síðasta, 29. maí, var mönnunum hins vegar sleppt úr haldi. - sh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fjórtán staðnir að hraðakstri

Fjórtán ökumenn voru staðnir að hraðakstri á Gullteig í Reykjavík í gær. Á einni klukkustund eftir hádegi óku 22 prósent ökumanna of hratt eða yfir afskiptahraða.

## LEIÐRÉTTING

Í frétt sem birtist á þriðjudag undir fyrirsögninni „Einsleit nefnd um RÚV“, þar sem fjallað er um nefnd sem Katrín Jakobsdóttir skipaði til að fara yfir málefni RÚV, var einn nefndarmanna sagður heita Hjálmar Sigurðsson, fyrrum leiklistarstjóri RÚV. Umræddur nefndarmaður er Hallmar Sigurðsson.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

**FLOTT VEÐUR**
Enda þótt sólinni sé ekki jafnskipt á landinu verður ekki á annað fallist en hér ríki góðviðri. Það er og verður hægviðrasamt fram yfir helgi, víðast tveggja stafa hitatölur. Það er helst að dropar geri vart við sig hér og þar, sýnu ákveðnast á föstudag og þá nokkuð víða um land, síst fyrir austan.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Amsterdam | 14° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 14° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 13° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 19° |
| New York | 25° |
| Orlando | 30° |
| Osló | 14° |
| París | 20° |
| Róm | 25° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




# FYRSTA STOPP

## FERÐALAGIÐ BYRJAR Í SMÁRALIND

Hvort sem þú ert á leið til útlanda eða ætlar að skoða þig um innanlands er tilvalið að hefja ferðalagið í Smáralind. Komdu við og náðu þér í útivistarvörur, grill, grillmat, drykki, ferðafatnað, ferðatösku, sólarvörn, sumarlesningu, sólgleraugu, sundföt og sandala og allt annað sem þú þarft til að njóta ferðalagsins.

Góða ferð – í Smáralind!

OPIÐ Í DAG 11-19

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM38108

**KJÖRKASSINN**



*Sóttir þú atburði tengda Dalai Lama meðan á heimsókn hans stóð?*

| | |
|---|---|
| Já | 5,4% |
| Nei | 94,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú á tónleika í sumar?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Formaður viðskiptanefndar krefst þess enn að staðið sé við stjórnarsáttmálann:

# Á von á eigendastefnu fljótlega

**EFNAHAGSMÁL** Formaður viðskiptanefndar, Álfheiður Ingadóttir, segist innan skamms eiga von á tillögu frá ríkisstjórninni um eigendastefnu ríkisins gagnvart bönkunum. Hún krafðist stefnunnar í blaðinu fyrir um viku, og minnti á að þessu væri heitið í stjórnarsáttmála.

„Og ekki bara um bankana, heldur öll þessi fyrirtæki sem lenda í fanginu á ríkinu. Það þarf að vera ákveðin stefna sem er gagnsæ og tryggir að jafnræði ríki," segir Álfheiður. Í eigendastefnu megi til að mynda kveða á um að auglýsa þurfi störf innan bankanna. Nú mun svo ekki vera, enda bankarnir hlutafélög í eigu ríkisins, og því undanþegnir stjórnsýslulögum, nema eigandinn ákveði annað.



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR** Formaður viðskiptanefndar vill að stöður innan bankanna verði auglýstar lausar til umsóknar og krefst þess enn að ríkisstjórnin standi við sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Að auki skortir lög um hvort og hvenær eigi að selja fyrirtækin aftur, segir Álfheiður.

Hún segist annars ekki hafa forsendur til að fjalla um ráðningu Ara Skúlasonar, sem ráðinn var án auglýsingar sem framkvæmdastjóri peningamarkaðssjóðs Landsbanka. Né heldur um að bankastjóri Landsbankans, Ásmundur Stefánsson, sitji sem stjórnarformaður í báðum eignarhaldsfélögum bankans, sem nýlega voru stofnuð. „Ég veit bara ekkert til hvers þessi félög eru," segir Álfheiður, en hún hefur kvartað undan því að bankarnir séu „á sjálfstýringu". **- kóþ**

Sögulegar kosningar:

# Vinstrisigur á Grænlandi

**GRÆNLAND, AP Vinstriflokkurinn Inuit Ataqatigiit sigraði í þingkosningunum á Grænlandi. Flokkurinn hlaut 44 prósent atkvæða og 14 af 31 þingsæti.**

**Leiðtogi flokksins, Kuupik Kleist, hefur lýst því yfir að hann sé reiðubúinn í samstarf með öllum flokkum nema Siumut. Siumut fékk 26 prósent atkvæða og tapaði miklu fylgi, eftir að hafa verið við stjórnvölinn á Grænlandi allt frá því að landið fékk heimastjórn fyrir þrjátíu árum. Kosningarnar voru þær síðustu fyrir aukið sjálfstæði Grænlendinga frá Dönum, sem verður að veruleika 21. júní. - þeb**


Ný lausn í heimabanka Byrs

Þú getur sparað **milljooo.ooonir** með niðurgreiðslu íslenskra lána!

**- það er fjárhagsleg heilsa!**






**Milljóna sparnaður með 10.000 kr. aukagreiðslu á mánuði**

Tökum sem dæmi **11 milljón króna verðtryggt íbúðalán** sem tekið var í september 2007. Með því að greiða **10.000 krónur aukalega** á mánuði, sparast **10.671.376 krónur á lánstímanum.** Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphaflegar afborganir gera ráð fyrir og við það sparast **milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum.**

**Það er einfaldara en þú heldur!**

- **Einföld aðgerð í heimabanka Byrs þér að kostnaðarlausu**
- **Stakar eða fastar mánaðarlegar greiðslur**
- **Ekkert uppgreiðslugjald á íslenskum lánum undir 50 m.kr. hjá Byr**

**Sjáðu hvað þú sparar á byr.is**




**Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum**

BYR SPARISJÓÐUR


# Skuldavandinn ekki jafn mikill og sagt er

**Forsætisráðherra segir langflest heimili landsins búa við viðráðanlega greiðslubyrði vegna fasteigna- og bílalána. Tillögur um skuldaniðurfellingar séu ábyrgðarlausar. Stjórnarandstaðan segir stjórnina ekkert gera fyrir heimilin.**

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að skuldavandi heimilanna sé ekki eins víðtækur og ýmsir hafi haldið fram. Nýjar upplýsingar frá Seðlabankanum um eignir og skuldir heimilanna sýni það.

Í þingumræðu um stöðu heimilanna í gær sagði Jóhanna tölur Seðlabankans sýna að þrjú af hverjum fjórum heimilum með fasteignaveðlán verji innan við 30 prósent ráðstöfunartekna sinna til að standa undir fasteignalánum og fjögur af hverjum fimm heimilum verji innan við tuttugu prósent af ráðstöfunartekjum sínum í bílalán. „Langstærsti hluti heimila landsins býr því við viðráðanlega greiðslubyrði vegna fasteigna- og bílalána," sagði Jóhanna.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sem óskaði eftir umræðunni, hafði aðra sögu að segja í framsögu sinni. Tíundaði hann nýjar tölur frá Fjármálaeftirlitinu og Creditinfo um vanskil einstaklinga. Hefðu þau aukist stórum og væru tæplega nítján þúsund manns á vanskilaskrá.

Sigmundur sagði afskriftir lána óumflýjanlegar og kvað ríkisstjórnina þurfa að taka af skarið. Hún stæði aðgerðalaus gagnvart vandanum og svo virtist sem hún þyrði ekki að taka ákvarðanir.

Jóhanna sagði Sigmund mála myndina of dökkum litum og vitnaði sjálf til talna um nauðungarsölur fasteigna og gjaldþrotabeiðnir. Sagði hún beiðnum um nauðungarsölur hafa fjölgað um tvö prósent á fyrstu fjórum mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra og gjaldþrotum einstaklinga hefði fækkað.

Jóhanna sagðist ekki draga úr þeim vanda sem fjöldi fólks stæði frammi fyrir vegna gjörbreyttra aðstæðna í samfélaginu. En við blasti að úrræði ríkisstjórnarinnar virkuðu og að þau ættu að duga langstærstum hluta þeirra sem nú væru í vanda vegna húsnæðisskulda. „Við þurfum hins vegar að tryggja að þeir sem eru í vanda fái nauðsynlegan stuðning og ekki síður upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru."

Ræður stjórnarandstæðinga voru á sömu lund og Sigmundar; ríkisstjórnin hefði ekki skilning á vandanum, væri úrræðalaus og gerði ekkert með hugmyndir annarra.

**bjorn@frettabladid.is**



**STAÐA HEIMILANNA** „Gegndarlaus yfirboð um skuldaniðurfellingar í ýmsu formi sem dynja á almenningi eru hins vegar fullkomlega ábyrgðarlaus," sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## VARAÐ VIÐ NIÐUFELLINGU SKULDA

Seðlabankanum hugnast illa tillögur talsmanns neytenda um eignarnám fasteignaveðlána. Í umsögn bankans um tillögurnar segir að slík aðgerð myndi setja vinnu við verðmat eigna nýju bankanna í uppnám. Fram kemur að fasteignaveðlán eru umtalsverður hluti eigna nýju bankanna og án þeirra stæðu þeir eftir enn berskjaldaðri gagnvart sveiflum krónunnar en nú er. „Yrði farið eftir tillögum talsmanns neytenda væri nauðsynlegt að fullar bætur komi fyrir svo endurreisa megi lífvænlegt bankakerfi á Íslandi, þ.e.a.s. greiða þyrfti bönkunum markaðsverð fyrir íbúðaveðlánin miðað við áætlað endurheimtuhlutfall þeirra. Þrátt fyrir erfiðleika heimila er líklega um að ræða einhverjar tryggustu eignir þeirra. Eftir stæði því mjög veikburða bankakerfi sem erfitt yrði að byggja upp að nýju."

**Neytendur:** Hvað kostar bjórinn?

# *Kanadískur og ástralskur ódýrastir*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Starfsmenn ÁTVR í Kringlunni voru í óðaönn að endurverðmerkja hinn forboðna mjöð í gær. Einn ónefndur starfsmaður gaf sér þó tíma til að segja mér verð á nokkrum af vinsælustu tegundunum og má sjá samanburðinn hér. Fæstir velja sér þó væntanlega bjórtegund eftir verðinu. Líklegra er að bragð og vani skipti meira máli þegar kippa er sett í körfuna. Athyglisvert er að sjá að niðurstaðan er sú að ástralski Foster's bjórinn er ódýrasti dósabjórinn í Ríkinu. Hann er reyndar sá veikasti líka, bara fjögur prósent. Í flokki flöskubjóra sigrar Moosehead-bjórinn frá Kanada. Starfsmaðurinn sem leiddi mig um rekkana var mjög ánægður með þann kanadíska. „*Hann er mjög fínn og sá ódýrasti í Ríkinu,*" sagði hann án þess að blikna.



**ÞORSTANUM SVALAÐ** Hvað ætli þessi sé að drekka?

| Ljós bjór í 330 ml glerflöskum | | |
|---|---|---|
| Moosehead | 5% | 198 kr. |
| Egils Lite | 4,4% | 248 kr. |
| Víking gylltur | 5,6% | 265 kr. |
| Grolsch | 5% | 269 kr. |
| Heineken | 5% | 270 kr. |
| Jökull | 5% | 272 kr. |
| Kaldi | 5,2% | 289 kr. |
| Stella Artois | 5% | 293 kr. |
| Corona | 4,6% | 293 kr. |
| Skjálfti | 5% | 299 kr. |

| Ljós bjór í 500 ml dósum | | |
|---|---|---|
| Foster's | 4% | 215 kr. |
| Bavaria Light | 4,2% | 229 kr. |
| Pilsner | 4,5% | 237 kr. |
| Lager | 4,5% | 238 kr. |
| Faxe Premium | 4,6% | 249 kr. |
| Víking Lite | 4,4% | 265 kr. |
| Polar Egils | 4,7% | 289 kr. |
| Carlsberg | 4,5% | 294 kr. |
| Thule | 5% | 299 kr. |
| Víking gylltur | 5,6% | 326 kr. |

# 15.000 kr.

## afsláttur ef þú setur gamla grillið upp í nýtt!




### Nú er tækifærið til að fá sér nýtt grill!

grandhall living style

**Grandhall Premium 323**
- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4,5kWh hliðarhella
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Hitaplata úr pottjárni
- Ytra byrði úr stáli með há-glans áferð
- Postulínshúðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir

Þú borgar
**74.999kr**
ef þú skilar gamla grillinu

89.999stk.



grandhall living style

**Grandhall Classic 219**
- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4,5kWh hliðarhella
- Postulínshúðaðar stálgrindur til eldunar
- Postulínshúðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Ytra byrði úr 430 ryðfríu stáli
- Innbyggður hitamælir

Þú borgar
**54.999kr**
ef þú skilar gamla grillinu

69.999stk.









Ef þú kaupir Grandhall grill tökum við gamla grillið upp í á

**15.000kr.**

Við sendum þér nýja grillið samsett heim og tökum það gamla.*

*Frí heimsending á stórhöfuðborgarsvæðinu

## *Úrval af Grillpro grillaukahlutum á frábæru verði*


Grillpenslar


Maís höldur


Gaskveikjari


Grillpinnar


Trépinnar


Keramic steinar


Kjúklingagrind


Hamborgaragrind




**Garðhúsgögn**
Cuba Octagon sett
Átthyrnt borð og fjórir samfellanlegir stólar.

**19.999kr**
Verð áður 24.999.-




**Garðhúsgögn**
Cuba Bistro sett
Samfellanlegt borð og tveir stólar.

**12.999kr**
Verð áður 15.999.-




**Garðhúsgögn**
Bistro sett
Borð með glerplötu og tveir stólar.

**7.999kr**
Verð áður 9.999.-

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 7. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver er höfundur nýrrar bókar um bankahrunið?
2. Í eigu hvaða flugfélags var þotan sem hrapaði í hafið úti af ströndum Brasilíu í vikunni?
3. Hvað heitir innanríkisráðherra Bretlands?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Svínaflensan heldur áfram að breiðast út um heiminn:

# Samræmdar aðgerðir ræddar

**HEILBRIGÐISMÁL** Svæðisáætlanir um viðbrögð vegna svínaflensufaraldurs verða ræddar á fundum um allt land á komandi dögum.

Fulltrúar sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra munu hitta sóttvarnalækna, lögreglustjóra, forystumenn sveitarfélaga og heilbrigðisstarfsmenn á alls fimmtán fundum víðs vegar um landið til að ræða svæðisáætlanir um viðbrögð vegna inflúensufaraldurs. Þannig á að samræma aðgerðir í héraði og á landsvísu ef svínainflúensa eða önnur álíka inflúensa breiðist út hérlendis.

Ríflega nítján þúsund tilfelli af svínaflensunni höfðu verið greind í heiminum í gær. Þar af voru 605 í ríkjum ESB og EFTA. Skráð dauðsföll af völdum veikinnar voru orðin 117 talsins, þar af 97 í Mexíkó, sautján í Bandaríkjunum, tvö í Kanada og eitt í Kosta Ríka. Á Íslandi hefur einungis eitt tilfelli sýkingar verið staðfest.

Viðbúnaðarstig hér á landi er óbreytt, samkvæmt upplýsingum sóttvarnalæknis og unnið verður áfram samkvæmt hættustigi. Ekki er gert ráð fyrir auknum viðbúnaði hér á næstunni þar sem inflúensufaraldurinn er vægur. - jss



**SVÍNAFLENSAN** Víða um lönd eru uppi sterkar varnir gegn svínainflúensunni.

Helga Valfells snýr aftur:

# Aftur orðin aðstoðarmaður

**STJÓRNMÁL** Helga Valfells hefur verið ráðin á ný sem aðstoðarmaður Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra. Hún hætti rétt eftir kosningar 25. apríl, ásamt Þorfinni Ómarssyni fjölmiðlafulltrúa.

„Ég byrjaði núna fyrir tíu dögum. Byrjaði að vinna annars staðar 1. maí en var komin vel inn í nokkur verkefni hér og best var að ég myndi fylgja þeim eftir," segir Helga. Hún tekur jafnframt fram að mjög gott sé að vinna með Gylfa.

Þorfinnur Ómarsson mun hins vegar ekki snúa aftur í starf fjölmiðlafulltrúa. - vsp





Lóritín®
– Kröftugt ofnæmislyf

**Notkun:** Lóritín er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn (>12 ára): 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára (<30 kg): ½ tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef Lóritín er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munnþurrks. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstagjöf er ekki ráðlögð nema í samráði við lækni. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Lóritín þolist almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfgi, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Desember 2005.

actavis
hagur í heilsu


Tekjur af miðasölu á Dalai Lama nema um 15 milljónum króna:

# Allt fer í tilfallandi kostnað

**HEIMSÓKN** Tekjur af miðasölu á fyrirlestur Dalai Lama í Laugardalshöll í fyrradag skiluðu líklega rúmlega 15 milljónum króna. Einnig var tekið við frjálsum framlögum. Enginn hagnaður á að vera á félaginu Dalai Lama á Íslandi sem flutti hann inn. Hvorki Dalai Lama né nokkur af tíu manna fylgdarliði hans fá greitt. Allt fer í tilfallandi kostnað.

„Ef svo færi að það yrði einhver gróði þá er það gefið til hans [Dalai Lama] og hann gefur það til líknarstarfa," segir Þórhalla Björnsdóttir, talsmaður samtakanna Dalai Lama á Íslandi. Félagið er rekið af sjálfboðaliðum.

Sá kostnaður sem þarf að greiða er til dæmis uppsetning á sviði í Laugardalshöllinni, uppihald og ferðakostnaður á fylgdarliði, miðasala, hótelkostnaður og annað.

„Það er búin að vera gígantísk vinna hjá þeim sem standa á bak við þetta," segir Þórhalla.

Uppselt var á fyrirlesturinn. Samkvæmt upplýsingum frá Laugardalshöll eru 2.800 miðar í boði. Þar af eru 1.283 sæti í stúku. Miðinn í stúku kostaði 3.990 kr. Sæti í sal voru 1.517. Selt var á svæði A, 7.990 krónur miðinn og svæði B, 5.990 krónur miðinn. Ekki fengust upplýsingar um hversu mörg sæti voru á hvaða svæði. Í útreikningum er því gert ráð fyrir að jafnmörg sæti hafi verið á báðum svæðum.

Félagið Dalai Lama á Íslandi var stofnað í ágúst árið 2005 með það að markmiði að vinna að heimsókn Dalai Lama til Íslands. - vsp



**DALAI LAMA** Hann tekur enga þóknun fyrir að koma til Íslands. Gróði af miðasölunni fer til hans og hann gefur það til líknarstarfa.

**ÚTREIKNINGUR Á TEKJUM AF MIÐASÖLU**

| **2.800 miðar í boði** |
|---|
| 1.283 miðar í stúku * 3.900 kr. = 5.003.700 krónur |
| 758 miðar á svæði A * 7.900 kr. = 5.988.200 krónur |
| 759 miðar á svæði B * 5.900 kr. = 4.478.100 krónur |
| Samtals = 15.470.000 kr. |







# Einstakt fjölskyldutilboð í júlí

**50% afsláttur af pakkaferðum fyrir börnin.**

**Hálft fæði fyrir fullorðna á aðeins 12.600 kr. á viku og 6.300 kr. fyrir börn.**

**Skiptu kostnaðinum í fjórar vaxtalausar og jafnar greiðslur á www.urvalutsyn.is**

Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. 3% færslugjald leggst ofan á uppgefið verð.

MasterCard VISA

## Forum Residence

★★★★

TYRKLAND – MARMARIS

VERÐ FRÁ **67.775 kr.**

VIKUFERÐ 3. júlí | á mann í viku m. v. 2 með 2 börn. 99.550 kr. m.v. tvo fullorðna.

Nýlegt og glæsilegt íbúðahótel, við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í alla þjónustu, verslanir og veitingastaði. Sundlaugargarður með góðri aðstöðu til sólbaða, barnalaug og snakkbar. Íbúðirnar eru nýtískulegar og mjög rúmgóðar, með einu eða tveimur svefnherbergjum. Allar íbúðir með svölum, loftkældar með góðu eldhúsi, sjónvarpi, síma og þráðlausri nettengingu.

ÚRVAL·ÚTSÝN

Fíton/SÍA

MasterCard VISA Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

**Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000 – www.urvalutsyn.is**

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.



**FORSETAGERÐ** Myndhöggvarinn David Adickes vinnur um þessar mundir að höggmynd af Barack Obama Bandaríkjaforseta. Styttan verður sett við hlið höggmynda af hinum 43 forsetunum í Forsetagarðinum í Suður-Dakóta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Formaður viðskiptanefndar segir óviðeigandi að Alþingi sjái ekki „leynibréf":

# Ráðherra ýtir á skilanefnd

**EFNAHAGSMÁL** Skilanefnd Kaupþings leyfir viðskiptanefnd ekki að sjá „þýska bréfið", þar sem meintar hótanir þýskra yfirvalda í garð íslenskra koma fram. Viðskiptaráðherra sagði á Alþingi í gær að ráðuneyti sitt hefði rekið á eftir skilanefndinni um að skýra sín sjónarmið um þetta, og að skeytið verði birt. „Það verður enginn fegnari en ég þegar þetta skeyti kemur fyrir almenningssjónir," sagði Gylfi Magnússon ráðherra.

Hann tók fram að rétt væri að Þjóðverjar hefðu áhyggjur af greiðslum vegna Kaupþing Edge-reikninganna. „Þjóðverjar hafa ekki með neinum hætti haft í hótunum [ … ] í þessu máli," sagði Gylfi. Verið væri að gera vinaþjóð upp miklar sakir með dylgjum.

Ragnheiður Elín Árnadóttir þingmaður hafði vakið athygli á málinu og vænt ráðherrann, sem hefði kallað eftir opnu og gegnsæju viðskiptalífi á sínum tíma, um að fela sig á bak við skilanefndina.

Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar, segir óviðeigandi að einhver leynibréf séu á ferð um samfélagið sem Alþingi megi ekki sjá. Greint var frá bréfinu í fréttum Stöðvar 2 á föstudag. **- kóþ**



GYLFI MAGNÚSSON / ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Ríkisstjórn Gordons Brown:

# Fleiri ráðherrar segja af sér

**BRETLAND, AP** Hazel Blears, ráðherra sveitarstjórnarmála í Bretlandi, tilkynnti í gær um afsögn sína úr embætti.

Blears varð þar með fjórði ráðherrann í ríkisstjórn Gordons Brown til að segja af sér. Ráðherrarnir ætla að hætta störfum við uppstokkun á stjórninni sem talið er að verði á næstu dögum.

Tíðindin þykja renna stoðum undir þær kenningar að Brown sé að missa tökin á ríkisstjórn sinni, en ráðherrar í ríkisstjórninni og þingmenn úr öllum flokkum hafa verið mikið gagnrýndir fyrir að fá endurgreitt frá ríkinu ýmis gjöld fyrir einkaneyslu. **- þeb**

Umferðardeild lögreglunnar:

# Slysum fækkar um fjórðung

**UMFERÐ** Slysum í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað um fjórðung á einu ári ef miðað er við fjóra fyrstu mánuði ársins og þeir bornir saman við sama tímabil í fyrra. Umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið saman fjölda slysa sem sýnir að fækkunin nemur 25 prósentum. Einnig var kallað eftir slíkum gögnum frá tryggingafélögunum og sýndu þær tölur að fækkunin næmi 24 prósentum.

„Við höfum náttúrlega reynt að vera sýnilegir á hættulegustu stöðunum í mesta þunganum," segir Kristján Ó. Guðnason, yfirmaður umferðarmála og slysarannsókna hjá lögreglunni. „En fyrst og fremst tel ég að ökumenn séu hreinlega að verða sífellt betri hér á landi." **- jse**

Fjárfestingarsamningur ríkisins skoðaður af Eftirlitsstofnun EFTA:

# Ísland svarar til um Helguvík

**IÐNAÐUR** Fjármálaráðuneytið hefur svarað viðbótarspurningum ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, um fjárfestingarsamning ríkisins við Century Aluminium, vegna álvers í Helguvík. Frestur til svars rann út á þriðjudag, en ráðuneytið svaraði 26. maí.

ESA hefur nú tvo mánuði til að ljúka yfirferð sinni.

Samningurinn var ræddur á Alþingi í apríl og gagnrýndur vegna ríkisaðstoðarinnar sem í honum felst. Þá heyrðust efasemdir um að hann stæðist EES-samninginn. ESA skoðar það.

ESA fór einnig á sínum tíma yfir samninga vegna álvers á Reyðarfirði og stækkun álvers í Straumsvík. Ingvi Már Pálsson í fjármálaráðuneytinu segir að minna sé í nýja samninginn lagt af hálfu ríkisins, ef eitthvað er.



**GLEÐJAST YFIR ÁLVERI** Framkvæmdir hófust við álver í Helguvík, áður en gengið var frá samningum. Hér sjást bæjarstjórarnir Árni Sigfússon og Oddný Harðardóttir ásamt Ragnari Guðmundssyni fagna áfanganum í mars 2008. MYND/VÍKURFRÉTTIR

„Hann er ekki jafn viðamikill og það eru ekki jafn mörg frávik frá íslenskum skattareglum," segir hann. Á móti komi betri trygging gegn skattahækkunum, en áður var. Century er til dæmis heitið því að tekjuskattur fyrirtækisins fari aldrei yfir fimmtán prósent, en hlutfallið var átján prósent vegna álvers í Reyðarfirði. **- kóþ**

Rannsókn um hjarðeldi:

# Getur vel orðið arðbær iðnaður

**SJÁVARÚTVEGUR** **Hjarðeldi á þorski getur vel verið arðbært, segir Jón Eðvald Halldórsson, en hann hefur nýlokið við meistaraverkefni um efnið frá Háskólanum á Akureyri. „Alla vega benda mínar niðurstöður til að þetta geti orðið arðbær iðnaður," segir hann.**

**Hjarðbúskapur var reyndur af Hafrannsóknastofnun í Arnarfirði fyrir fáum árum en hann byggist upp á því að fóðra þorsk á ákveðnu svæði og reyna með slíkum hætti að fá fiskinn í stóra torfu.**

**En Jón hugsar ekki mikið um hjarðeldi núna því hann er nýtekinn við sem kaupfélagsstjóri í Kaupfélagi Steingrímsfjarðar af afa sínum Jóni Alfreðssyni sem gegnt hafði starfinu í 41 ár.** **- jse**





ÞÖKKUM FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR

Við höfum tekið til starfa í nýju útibúi MP Banka að Borgartúni 26. Þar starfar samstilltur hópur með langa reynslu af því að veita framúrskarandi og faglega bankaþjónustu. Við þökkum frábærar móttökur við opnun útibúsins og netbankans og hvetjum þig til að kynna þér þjónustuframboðið hjá MP Banka.

Starfsfólk útibús MP Banka Borgartúni.

MP BANKI

Borgartúni 26 Þjónustusími: 540 3200

thjonusta@mp.is www.mp.is

SHELL

Shell bensín og smurningsolíur
henta bílnum best

VÉR FÖGNUM

# 60 ára afmæli

## smurnings- og bensínafgreiðslustöðvar vorrar við Laugaveg í dag!




**10 kr.**
afsláttur af eldsneytislitranum*

Þann 4. júní árið 1949 var hin glæsilega afgreiðslustöð Shell að Laugavegi 180 opnuð. Í tilefni dagsins efnum við til afmælishátíðar á stöðinni. Bílar frá fornbílaklúbbnum verða til sýnis á staðnum, ljúf dægurmúsík hljómar í eyrum og prúðbúnir starfsmenn fylla á tankinn á sérstöku afmælisverði. Líttu við hjá okkur og upplifðu stöðina við Laugaveginn með augum afa og ömmu.

**20% AFSLÁTTUR AF SMURÞJÓNUSTU • FORNBÍLAR Á SVÆÐINU • KAFFI & MEÐLÆTI HANDA ÖLLUM**

*Önnur afsláttarkjör gilda ekki þennan dag.

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

ENNEMM / SÍA / NM38151

Umræðu um ársreikninga Hafnarfjarðar frestað vegna skorts á undirskrift:

# Telja um fyrirslátt að ræða

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Fyrri umræða um ársreikninga Hafnarfjarðarbæjar átti að fara fram á bæjarstjórnarfundi á þriðjudag. Bæjarstjóri bar hins vegar upp breytingatillögu og frestaði umræðunni þar sem ekki hafi náðst að undirrita þá. Ástæðuna sagði hann vera að annar skoðunarmannanna hefði verið erlendis.

„Við sjálfstæðismenn teljum um fyrirslátt að ræða þar sem varamaður skoðunarmanns var aldrei boðaður á fund,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

Rósa segir að enn hafi reikningar hafnarstjórnar ekki verið


RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

afgreiddir í hafnarstjórn, og ekki heldur framkvæmdasviðs.

„Þetta eru B-hluta fyrirtæki sem verða að fylgja ársreikningum, þannig að ekki er ólíklegt að sú staðreynd hafi haft mikið um það að segja að endurskoðendur hafa ekki getað skrifað upp á ársreikninginn og því málinu vísað frá hér í dag og frestað,“ segir Rósa.

Hafnarfjarðarbær birti tilkynningu á föstudag þar sem sagði að tap bæjarins á árinu 2008 næmi 4,2 milljörðum króna. Skoðunarmenn reikninga höfðu hins vegar ekki ritað undir þetta, eins og lög boða.

Í 72. gr. sveitarstjórnarlaga segir að ársreikningur sveitarfélags skuli fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar. - vsp

# Obama á ferðalagi um Mið-Austurlönd

**Bandaríkjaforseti fundaði með Abdullah, konungi Sádi-Arabíu, í gær. Hann heldur til Egyptalands í dag og ávarpar þar múslímaheiminn í ræðu. Heimsóknin er liður í tilraun forsetans til að bæta samskipti við múslímaríki.**

**SÁDI-ARABÍA, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti hóf tveggja daga ferð sína um Mið-Austurlönd með því að heimsækja Abdullah, konung Sádi-Arabíu, í gær. Abdullah og Obama ræddu saman stuttlega fyrir framan blaðamenn en héldu síðan til fundar.

Ferðin er hluti af tilraun Obama til að styrkja sambönd við múslímaheiminn. Obama sagði fjölmiðlum að honum þætti mikilvægt að koma á þann stað þar sem íslamstrú væri upprunnin, en heilögu borgirnar Mekka og Medína eru báðar í Sádi-Arabíu.

Þá sagðist Obama vilja fá ráð hjá konungi og ræða við hann um málefni Mið-Austurlanda. Hann sagðist enn fremur sannfærður um að löndin tvö myndu geta unnið saman að framförum og umbótum í mörgum málum.


**LEIÐTOGARNIR Í KAÍRÓ** Barack Obama og Abdullah konungur Sádí-Arabíu hittust í Kaíró í gær og áttu saman fund. Bandaríkjaforseti heldur til Egyptalands í dag þar sem hann mun ávarpa múslímaheiminn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eftir heimsóknina til Sádi-Arabíu fór Obama til Egyptalands, en löndin tvö eru meðal mikilvægustu bandamanna Bandaríkjanna meðal arabaríkja.

Í Egyptalandi mun Obama í dag halda ræðu og ávarpa múslímaheiminn. Hann minntist á það í kosningabaráttu sinni að hann vildi ávarpa múslíma og breyta þar með áherslunum í samskiptum Bandaríkjanna við múslímaheiminn.

Osama Bin Laden tjáði sig um ferðalagið í gær og sagðist „sá fyrir hefnd og hatri“ múslíma á Bandaríkjunum.

Á morgun heldur Obama til Þýskalands þar sem hann mun funda með Angelu Merkel og á laugardag með Nicolas Sarkozy í Frakklandi. thorunn@frettabladid.is





Lagadeild

www.lagadeild.hi.is

Kennarar við lagadeild Háskóla Íslands skrifa nánast allar kennslubækur í lögfræði sem notaðar eru í landinu. Við byggjum framsækið og krefjandi nám á 100 ára hefð við langöflugasta háskóla landsins.

**Engin skólagjöld**

**Skrásetningargjald aðeins kr 45.000**

**Umsóknarfrestur til 5. júní**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fíton / SÍA

**Félagsfundur VR**
**4. júní 2009**

VR boðar til almenns félagsfundar á hótel Loftleiðum fimmtudaginn 4. júní kl. 19:30. Við hvetjum alla félagsmenn til að mæta.

**Dagskrá félagsfundar – upplýsingafundur:**

1. Endurskoðun kjarasamninga – staða
2. VR og ASÍ
3. VR og sýnileiki
4. Jafnréttisstefna VR
5. Efnahagsmál

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

# Sláttuvélarnar eru í BYKO




Partner
Vnr. 53323076
**Sláttuvél**
Partner sláttuvél með fjórgengis BRIGGS & STRATTON CLASSIC Q40 mótor, 4 hestöfl, 66 l safnkassi, stór hjól að aftan. Sláttubreiddin er 53 cm, sláttuhæðin er með 5 mismunandi stillingum, frá 3 cm – 7 cm.



BOSCH
Vnr. 74891130
**Sláttuvél** 24.900
BOSCH ROTAK 320, sláttuvél, 1000W, sláttubreidd 32 cm, stillanleg sláttuhæð frá 2-6 cm.



Vnr. 53323165
**Sláttuorf**
WARRIOR sláttuorf, 25cc tvígengis bensínmótor, 0,7 hestöfl, sláttubreidd 38-43 cm, þyngd 3 kg.
17.990



BOSCH
Vnr. 74890323
**Sláttuorf**
BOSCH EASYTRIM rafmagnssláttuorf 280W. Sláttubreidd 23 cm. Orfið er aðeins 1,6 kg á þyngd. Kjörið til að slá meðfram beðum og köntum.
5.990



Vnr. 53323164
**Sláttuvél**
Warrior sláttuvél með fjórgengis loftkældum mótor. Vélin er 3,75 hestöfl, stillanleg sláttuhæð 15-70 mm, sláttubreidd 45 cm.

32.900

## Úrval, gæði og frábært verð!

| | |
|---|---|
| Handsláttuvélar | Verð frá 16.900 |
| Rafmagnssláttvélar | Verð frá 24.900 |
| Bensínssláttuvélar | Verð frá 32.900 |
| Rafmagnssláttuorf | Verð frá 5.990 |
| Bensínsláttuorf | Verð frá 17.990 |



Sumarblað BYKO er komið út með ótrúlegum og flottum tilboðum!

RÁS 2
## Sumarleikur
BYKO og Rásar 2

Allir sem versla í BYKO geta tekið þátt í sumarleik með því að setja nafn sitt í pott.
Dregið út alla föstudaga.
til 3. júlí

Aðalvinningur að verðmæti 136.900 kr. ásamt 100.000 kr. inneign hjá BYKO.

í beinni á Rás 2

# Allt fyrir viðhaldið

Hringdu
í viðhaldssíma BYKO
515 4001
Opið virka daga frá 10-18
vidhald@byko.is



BYKO

EXPO · www.expo.is

# ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP
















Saltfiskur
frosinn




Gellur
frosnar




Kinnfiskur
frosinn




Gollaraþunnildi
frosin




Saltfiskbollur
frosnar




Fiskborgarar
frosnir




Reykt línuýsa
frosin




Laxakótilettur
frosnar

ÍSLENSKT MEÐLÆTI HF

*Snöggsoðið og djúpfryst*



Sumarblanda



Spergilkál



Paprika



Hátíðarblanda



Blómkál



Kínablanda










Gildir til 7. júní á meðan birgðir endast.

**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær


Ódýrt í frystinn
mesta úrvalið!
OPIÐ
til 20
alla daga
KJARNAFÆÐI
LAMBAHRYGGUR SNEIDDUR FROSINN
1.613 kr/kg.
Merkt verð 1.898.-
KJARNAFÆÐI
LAMBALÆRI SNEITT, FROSIÐ
1.438 kr/kg.
Merkt verð 1.798.-
KJARNAFÆÐI
FRAMHRYGGS SNEIÐAR FROSNAR
678 kr/kg.
Merkt verð 798.-
2.999 kr/pk.
Sérvalinn humar
1 kg.
1.199 kr/pk.
Stór hörpuskel
330 gr.
699 kr/pk.
Kræklingur
330 gr.
859 kr/pk.
Tígrisrækjur
330 gr.
Grísalundir
Ungnauta T-bone
Kálfakjöts T-bone
Kjúklingasteikur
Kalkúnasteikur
Nauta rumpsteikur
Kálfakjötssteikur
Innfluttar gæða steikur
ÓDÝRT Í HAGKAUP
HATTING FRÖNSK BRAUÐ
399 kr/pk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
ALMONDY DAIM KAKA
799 kr/stk.
GRÍMS HUMARSÚPA
539 kr/stk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
HNETU & DAIM TOPPAR
449 kr/pk.
MCCAIN SÚKKULAÐIKAKA
699 kr/stk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
BEYGLUR 3 TEG.
189 kr/pk
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

„ORÐRÉTT"

*Kaup kaups*

**„Ef við fáum ekki umtalsverða vaxtalækkun þýðir ekkert að tala um launahækkanir."**

VILHJÁLMUR EGILSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA ATVINNULÍFSINS, UM STÖÐU KJARAVIÐRÆÐNA.

Fréttablaðið, 3. júní.

*Glæný vinnubrögð*

**„Ætlunin er að ræða málið almennt í stað þess að hengja okkur í texta hvorrar tillögu um sig."**

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON, FORMAÐUR UTANRÍKISMÁLANEFNDAR, UM HVERS VEGNA TVÆR ESB-TILLÖGUR ERU RÆDDAR Í NEFNDINNI SAMTÍMIS.

Fréttablaðið, 3 júní

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓHANN R. BENEDIKTSSON, FYRRVERANDI LÖGREGLUSTJÓRI

## *Berst við að skapa störf og gjaldeyri*



„Ég er framkvæmdastjóri sprotafyrirtækis, sem er að fara út í metnaðarfulla framleiðslu á orkusparandi búnaði fyrir stórnotendur," segir Jóhann R. Benediktsson, fyrrverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum. Jóhann sagði starfi sínu sem lögreglustjóri lausu eftir opinberar deilur þeirra Björns Bjarnasonar, þáverandi dómsmálaráðherra, um skipulagsbreytingar. Hann hefur frá því í haust starfað hjá fyrirtækinu HBT International, sem Kristjón bróðir hans stofnaði. Meðal samstarfsmanna Jóhanns hjá HBT er Eyjólfur Kristjánsson, sem starfaði áður náið með honum hjá lögreglunni á Suðurnesjum en sagði upp á sama tíma.

„Við börðumst í gegnum erfiðan tíma en þetta er allt að ganga framar vonum. Við erum með sextán manns í vinnu og erum stöðugt að fjölga starfsfólki," segir Jóhann. Starfsmenn allir eiga hlut í fyrirtækinu. „Við erum bara að berjast við að skapa störf og búa til gjaldeyri."

HBT stóð upphaflega fyrir Hydro-Boost Technology. Þá hugðist fyrirtækið einbeita sér að vinnu tengdri vetni. Áherslurnar breyttust hins vegar og nafnið með. Nú stendur skammstöfunin ekki fyrir neitt.

Jóhann segir starfið vissulega ólíkt því sem hann átti að venjast í lögreglunni. „Já, þetta er ólíkt en óhemju skemmtilegt. Maður er nú vanur að takast á við ýmsar þrautir og þetta er að mörgu leyti ólíkt en á sama hátt þá eru sömu lögmál sem gilda í allri stjórnun, það er að laða að sér gott fólk og búa til sterkan hóp sem kemst langt."

## DALAI LAMA

**FRIÐARHÖFÐINGI**



Dalai Lama er heitið sem einn aðalleiðtogi lamasiðar, helstu gerðar búddisma í Tíbet, ber. Dalai Lama voru einnig valdamestu stjórnmálaleiðtogar Tíbet frá því á sautjándu öld og fram til ársins 1951 er Kínverjar hertóku Tíbet. Núverandi Dalai Lama er Tenzin Gyatso en hann er í útlegð á Indlandi. Dalai Lama fæddist 6. júlí 1935 í norð-austurhluta Tíbets, hann er fjórtánda endurholdgun Dalai Lama og er þjóðhöfðingi og andlegur leiðtogi Tíbeta.

## SJÓNARHÓLL

**ÁKVÖRÐUN RÁÐHERRA AÐ HITTA EKKI DALAI LAMA**

### *Augljóslega mannkynsfræðari*



**STEFÁN EINAR STEFÁNSSON**
Siðfræðingur við Háskólann í Reykjavík.

„Ég tel einkennilegt að friðarverðlaunahafi Nóbels njóti ekki þeirrar virðingar að ráðherrar telji sig ekki geta fræðst og lært af honum," segir Stefán Einar Stefánsson, siðfræðingur við Háskólann í Reykjavík, um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hitta ekki Dalai Lama, sem kom til Íslands á dögunum.

Stefáni finnst einkennilegt hve stjórnvöld voru hrædd við að hitta hann sökum stjórnmálasamskipta við Kínverja.

„Þetta er maður sem kalla má mannkynsfræðara. Hann er það augljóslega. Hann er í útlegð vegna sjálfstæðishugmynda sinna um Tíbet. Sjálfstæð þjóð á að geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir um hvern hún hittir," segir Stefán.

Jafnframt segir Stefán að það kaldhæðnislegasta við þetta sé að Birgitta Jónsdóttir skuli skamma ráðherra fyrir að vilja ekki hitta Dalai Lama. Hún sem ekki vildi mæta í messu við þingsetninguna.

# Kveðja hundana sína grátandi

**Sjö hundar voru í óskilum á hundahótelinu á Leirum í gær. Sumir hafa hreinlega ekki efni á að leysa hundana út og koma til að kveðja þá. Aðrir fara þá leið að losa sig við hunda sína.**

„Sumir koma hér til þess að kveðja hundana sína og fara grátandi út. Fólk á einfaldlega ekki þá peninga sem til þarf," segir Hreiðar Karlsson, sem rekur hundahótelið að Leirum á Kjalarnesi.

Sjö óskilahundar voru á hundahótelinu á Leirum í gær. Fimm þeirra höfðu verið skildir eftir við Kattholt, fullorðinn hundur, sem var bundinn við staur þar fyrir utan og fjórir litlir hvolpar hans í pappakössum. Lögreglan í Reykjavík hafði fengið tilkynningu um hund sem var bundinn fyrir utan Kattholt. Sigríður Heiðberg, forstöðumaður Kattholts, fór á staðinn og sá þá fjóra pappakassa og í hverjum þeirra var um það bil þriggja mánaða hvolpur.

„Dýrin voru mjög glöð þegar þau voru tekin upp úr kössunum, litlu skinnin, utan einn sem var í loftlausum kassa," lýsir Sigríður aðkomunni. „Lögreglumenn komu á staðinn og aðstoðuðu mig með dýrin og vil ég þakka þeim alla hlýju er þeir sýndu þessum yfirgefnu hundum."

Auk hunda sem fólk reynir auðsjáanlega að losa sig við með svona ógeðfelldum hætti eru aðrir sem sleppa frá eigandanum af einhverjum ástæðum, eru handsamaðir og fluttir til skammtímadvalar að Leirum. Lendi óskráður hundur þar þarf að greiða handsömunar- og skráningargjald að upphæð hátt í 40 þúsund krónur, að sögn Hreiðars. Eigendurnir viti af hundunum þarna en geti ekki leyst þá út.

Hann segir sum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ósveigjanleg í samningum við hundaeigendurna.



**ÓSKILAHUNDARNIR** Hvolparnir fjórir sem skildir voru eftir fyrir utan Kattholt. Auk þeirra eru tveir fullorðnir hundar í óskilum á Leirum. Hvorugur þeirra verður sóttur að sögn Hreiðars Karlssonar sem rekur hundahótelið. Með honum á myndinni er Kolbrá Úlfarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sveitarfélögin greiða uppihald óskilahunds á hundahótelinu í sjö daga. Ef honum er enn óráðstafað eftir þann tíma er látið svæfa hann.

„Ef hundurinn er mjög góður þá er hann bara áfram hér á minn kostnað þar til hann fær heimili," segir Hreiðar. „Það gerist í mörgum tilvikum. Ég vel þá heimili sem uppfyllir ákveðin skilyrði. Það er engin sjálfsafgreiðsla á óskilahundum hér þótt sumir haldi það og telji sig jafnvel geta pantað ákveðnar tegundir. Það er allt á góðu nótunum, en óskilahundunum á þó eftir að fjölga, sýnist mér. Þetta er rétt að byrja," segir Hreiðar.

jss@frettabladid.is

ALÞINGI

## Frá utanríkismálanefnd Alþingis

Utanríkismálanefnd Alþingis gefur þeim sem þess óska kost á að senda skriflegar athugasemdir við þingsályktunartillögur er varða umsókn um aðild að Evrópusambandinu sem nefndin hefur nú til umfjöllunar.

Nefndin veitir viðtöku umsögnum og erindum frá félögum, samtökum og einstaklingum á netfangið esb@althingi.is. Vinsamlegast athugið að undirritað frumrit umsagnar óskast jafnframt sent nefndinni. Umsagnir og erindi þurfa að berast nefndinni fyrir 15. júní nk. Ekki er hægt að tryggja úrvinnslu umsagna sem berast eftir þann tíma.

Tillögurnar er að finna á vefslóðunum:
http://www.althingi.is/altext/137/s/0038.html og
http://www.althingi.is/altext/137/s/0054.html.

**Utanríkismálanefnd Alþingis**

Póstfang:
Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



**FRÁ LAUGUM Í SÆLINGSDAL** Ekki er langt að bíða uns hægt verður að lauga sig í Laugum eins og forðum daga. MYND/EYJÓLFUR STURLAUGSSON

Verið að hlaða Guðrúnarlaug í Sælingsdal:

# Hleypt í laugina eftir 159 ára lokun

**MENNING** Eftir um það bil tvo mánuði verður hægt að baða sig í Guðrúnarlaug að Laugum í Sælingsdal, segir Grímur Atlason, sveitarstjóri í Dalabyggð. „Það var nú þarna sem Guðrún Ósvífursdóttir og Kjartan hittust og eflaust verður félagsskapurinn engu verri nú þegar búið verður að hlaða laugina að nýju," segir Grímur, sem segist kunna vel við sig á Laxdæluslóðum. Gamla laugin varð undir skriðu árið 1850 þannig að 159 ár eru liðin síðan nokkur vöknaði í Guðrúnarlaug, sem margir telja vera fyrirmyndina að laug Snorra Sturlusonar á Reykholti.

Grímur segir Dalamenn vera meðvitaða um Laxdælu, það er því aldrei að vita nema ungur piltur komi askvaðandi frá Hjarðarholti á fund stúlku einnar sem laugar sig í Sælingsdal. Það er svo vonandi að ekki sjóði upp úr svo allt endi í hræðilegu drama í Svínadal.

- jse

## Viðarvörn nr. 1 á Íslandi




# Notaðu sumarið til að verja viðinn!

### Verið viðbúin vetrarhörkum

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

**Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður**

**málning**
*- það segir sig sjálft -*

**Útsölustaðir Málningar:**
BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptúni • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Snæþvottur, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur, byggingavöruverslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði BYKO Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • Öxull, Grindavík




## Útgjöldin

> Meðalverð á 100 rúmmetrum af heitu vatni í Reykjavík í febrúar ár hvert.




Heimild: Hagstofa Íslands.

# neytendur
hagur heimilanna

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### FYRIR ÖNNUM KAFIÐ FÓLK

■ *Hildur Sverrisdóttir lögfræðingur lumar á hagnýtum ráðum fyrir önnum kafið fólk, sem vill þó ekki vanrækja húsverkin og jafnvel láta líta svo út sem það haldi fyrirmyndarheimili.*




„Í fyrsta lagi: Hafa opinn glugga og láta dragsúginn um að þurrka rykið af. Ef ég vil virka sérlega húsfreyjuleg þegar gesti ber að garði hita ég annaðhvort kanil eða hvítlauk á pönnu þannig að íbúðin fyllist af góðri angan eins og ég hafi verið að baka eða elda. Að lokum hef ég alltaf þau hollráð móður minnar í huga að fallega skreytt borð geri gæfumuninn; þar eiga til dæmis mataröskjur og umbúðir ekki heima.“

### Samloka



| | | |
|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1.035 | 45 dkr. |
| París | 1.539 | €9 |
| London | 1.350 | £6,75 |
| New York | 960 | $8 |
| Róm | 1.368 | €8 |
| Reykjavík | 990 | |

### Stór bjór




| | | |
|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 920 | 23 dkr. |
| París | 1.676 | €9,80 |
| London | 1.400 | £7 |
| New York | 960 | $8 |
| Róm | 1.607 | €9,40 |
| Reykjavík | 700 | |

### Stórt gosglas



| | | |
|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 575 | 23 dkr. |
| París | 1.009 | €5,90 |
| London | 800 | £4 |
| New York | 240 | $2 |
| Róm | 906 | €5,30 |
| Reykjavík | 350 | |

### Kaffibolli



| | | |
|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 345 | 15 dkr. |
| París | 752 | €4,40 |
| London | 620 | £3,10 |
| New York | 420 | $3,50 |
| Róm | 649 | €3,8 |
| Reykjavík | 300 | |

### Gengið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dönsk króna | um 23 kr. | Pund | um 200 kr. |
| Evra | um 171 kr. | Dollari | um 120 kr. |

### Kaffihúsin

Café Plenum í Kaupmannahöfn
Café de Paris í París
Wolseley Café í London
Mozart café í New York
Da Fransesco í Róm
Café París í Reykjavík

# Í London, París, Róm urðu veskin tóm

**New York er ódýrasta ferðamannaborgin. Þó svipar verðinu þar mjög við verðið á Íslandi. Evruborgir eru dýrastar. Kaupmannahöfn er skárri.**

Tekinn var púlsinn á helstu ferðamannastöðum Íslendinga og athugað verð á kaffihúsum borganna. Þeir sem hafa hug á að fara til útlanda ættu, vegna kreppu, að hafa í huga hvar ódýrast sé að halda sér uppi. Í öllum tilvikum er verðið sem miðað er við hér á ódýrustu kaffihúsunum sem fundust í viðkomandi borgum. Tölurnar eru birtar með fyrirvara þar sem þær eru fengnar af internetinu.

Ljóst er að allt hefur hækkað í verði, bæði vegna veikrar stöðu krónunnar og almennrar verðhækkunar í öðrum löndum. Evrulöndin eru langdýrust, enda evran nú rúmlega 170 krónur. Í Frakklandi kostar til dæmis ódýrasti stóri bjórinn 1.676 krónur og venjulegur kaffibolli 752 krónur. Miðað er við ódýra kaffihúsakeðju, Café de Paris. Mjög svipað verð er á kaffihúsinu Da Fransesco í Róm. Kaffibolli kostar 649 krónur og bjórglas er á 1.607.

Í London er einnig dýrt að lifa. Venjuleg skinkusamloka kostar 1.350 krónur og stórt bjórglas er á 1.400 krónur. Kaupmannahöfn er skárri. Þar var miðað við Café Plenum, ódýrt kaffihús í Nörrebro. Kaffibolli kostar 345 krónur og samloka 1.035 krónur.

Í New York er ódýrast að lifa, miðað við þær borgir sem þessi könnun tók til. Þar kostar bjórglas 720 krónur og samloka er á 960 krónur. Svipað er verðið á Íslandi. Miðað var við kaffihúsið Café París. Þar kostar stórt bjórglas 700 krónur, gosglas 350 krónur og samloka með skinku og osti 990 krónur.

vidirp@frettabladid.is





## Ótrúleg sértilboð

**Aparthotel Castle Beach** ☼☼☼+
– án fæðis eða með hálfu fæði

**Aparthotel El Pinar** ☼☼☼+
– með „allt innifalið"

**Stökktu tilboð**
– án fæðis eða með hálfu fæði

**Bókaðu núna á**
**www.heimsferdir.is**

# 9. og 16. júní

**frá kr. 59.990**

# Júníveisla á Costa del Sol

**Ótrúlegt verð**
**kr. 59.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku. Verð m.v. 2-3 í herbergi / stúdíó / íbúð í viku kr. 64.990. Stökktu tilboð 9. og 16. júní. Aukavika kr. 20.000. Aukalega fyrir hálft fæði í viku kr. 20.000 fyrir fullorðna og kr. 10.000 fyrir börn.

Heimsferðir bjóða frábær tilboð til Costa del Sol 9. og 16. júní í 1 eða 2 vikur. Í boði er stökktu tilboð, með eða án fæðis, þar sem þú bókar sæti (og fæðisvalkost) og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.
Bjóðum einnig ótrúlegt sértilboð, með eða án fæðis, á Castle Beach íbúðahótelinu, einum vinsælasta gististaðnum á Costa del Sol. Ath. aðeins örfáar íbúðir í boði 9. og 16. júní í 1 eða 2 vikur. Einnig er í boði frábært sértilboð á Roc El Pinar íbúðahótelinu 16. júní í 1 eða 2 vikur - gisting með „öllu inniföldu" á ótrúlegum kjörum.
Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í sumarfríinu á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga á ótrúlegum kjörum.

## Athugið aðeins örfá sæti á þessum ótrúlegu kjörum!





### Sértilboð Castle Beach ☼☼☼+

**Verð kr. 64.990**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku. Verð m.v. 2-3 í íbúð í viku kr. 69.990. Sértilboð 9. og 16. júní. Aukavika kr. 20.000. Aukalega fyrir hálft fæði í viku kr. 20.000 fyrir fullorðna og kr. 10.000 fyrir börn.

**Glæsileg aðstaða**

- Loftkæling
- Sjónvarp
- Sími
- Glæsilegar íbúðir með allt að tveimur svefnherbergjum
- Glæsilegur garður
- 800m² líkamsræktaraðstaða
- Sauna
- Heitir pottar
- Barnaleiksalur
- Barnaleikvöllur
- Barnagæsla
- Veitingastaðir
- Skemmtidagskrá
- Íþróttadagskrá
- Íþróttaaðstaða
- Stórar verslunarmiðstöðvar við hliðina á hótelinu
- og fleira og fleira ...

**Glæsileg aðstaða fyrir börnin**
Vel útbúinn leiksalur er fyrir börnin. Í garðinum er sundlaug, stór barnalaug og leikvöllur með leiktækjum fyrir börn. Skemmtidagskrá. Barnagæsla.





### Sértilboð Roc El Pinar ☼☼☼+

**Verð kr. 83.740**
**– með allt innifalið**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð á Hotel El Pinar í viku með "allt innifalið". Aukavika kr. 25.000.
Verð m.v. 2 í stúdíóíbúð kr. 99.990. Aukavika kr. 35.000.
Sértilboð 16. júní í 1 eða 2 vikur.

**Glæsileg aðstaða**

- Loftkæling
- Sjónvarp
- Sími
- Fallegar íbúðir
- Góður sundlaugagarður
- Líkamsræktaraðstaða
- Þráðlaust internet (Wi-Fi)
- Sauna
- Heitir pottar
- Barnaleiksvæði
- Billard
- Borðtennis
- Mini-golf
- Veitingastaðir & barir
- Skemmtidagskrá
- Íþróttaaðstaða
- Hótelskutla í bæinn og á ströndina
- og fleira og fleira ...

**Heimsferðir**

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLANDS LAMB
1598
ÍSLANDSLAMB:
GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR KRYDDAÐAR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg.
HAMBORGARAR
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
129
1199
K.F LÚXUS HAMBORGARAR 10 STK 120g 1199 kr.
BÓNUS XL HAMBORGARABRAUÐ 4 STK 129 kr.
KJARNAFÆÐI
1598
K.F GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
VILLIKRYDDAÐAR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg.
norðanfiskur
579
N.F FROSNAR FORSTEIKTAR FISKIBOLLUR
AÐEINS 579 kr./kg.
FERSKT EÐA FROSIÐ
2698
K.S LAMBAFILLET FERSKT EÐA FROSIÐ
2698 kr./kg.
1298
norðanfiskur
NF BLEIKJUFLÖK BEINHREINSUÐ
1298 kr./kg.
norðanfiskur
698
N.F ÝSUFLÖK MEÐ ROÐI AÐEINS
698 kr./kg.
SALAT FRÁ ÍTALÍU
259
ÍTALSKT FERSKT SALAT 100g ÞRJÁR TEG 259 kr.
KS
1078
K.S LAMBALÆRI FROSIÐ
1078 kr./kg.
fjóla
798
FJÓLAN WC PAPPÍR 9 RÚLLUR 798 kr.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR Á LÆGRA VERÐI.
BÓNUS
159
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG 159 kr.
198
KARTÖFLUR HVÍTAR
2 KG POKI: 198 KR.
PEPSI
PEPSI MAX
Egils APPELSÍN
69
PEPSI-PEPSI-EGILS APPELSÍN Í DÓS 500ml 69 kr.
Signal
359
SIGNAL TANNKREM
100ml 359 kr.
BÓNUS
24
598
BÓNUS ÍSPINNAKASSI 2
598 kr AÐEINS 25 KR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
Basmatirijst
Basmati rice
49
ES BASMATI HRÍSGRJÓN
400g 49 kr.
Broccoli
Parsakaali
298
ES FROSIÐ BROCCOLI
1 kg 298 kr.
298
ES GRÆNMETISBLANDA
1 kg 298 kr.
ENERGY DRINK ENERGY
VINSÆLASTI ORKUDRYKKURINN Í BÓNUS
98
ES ORKUDRYKKUR
250ML 98 kr.
Marshmallows
98
ES SYKURPÚÐAR
280 gr 98 kr. STUTTUR LÍFTÍMI.
EURO SHOPPER
VINSÆLASTA KEXIÐ Í BÓNUS
139
ES SÚKKULAÐIKEX 125g
139 kr.
Baguette with garlic butter
129
ES HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 stk 129 kr.
Jordgubbar
459
ES FROSIN JARÐARBER
1 kg 459 kr.
Havregryn
Kaurahiutale
Oatflakes
259
ES HAFRAMJÖL
1,5 kg 259 kr.
HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ?
BÓNUS KJÚKLINGUR
BÓNUS
Kjúklingur
Bringur
1498
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.
Halta
198
HALTA
ÞEYTIRJÓMI
250 ml 198 kr.
4 STK
STK.
98
EUROSHOPPER
UPPÞVOTTABURSTI
98 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 44 **Velta:** 193 milljónir

| OMX ÍSLAND 15 | | OMX ÍSLAND 6 | |
|---|---|---|---|
| 262 | -1,83% | 712 | -2,84% |

**MESTA HÆKKUN**

| | |
|---|---|
| BAKKAVÖR | +3,57% |

**MESTA LÆKKUN**

| | |
|---|---|
| MAREL FOOD S. | -12,06% |
| ALFESCA | -4,76% |
| FØROYA BANKI | -0,42% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,00 -4,76% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +0,00% ... Bakkavör 1,16 +3,57% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 118,50 -0,42% ... Icelandair Group 4,60 +0,00% ... Marel Food Systems 55,40 -12,06% ... Össur 106,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Leita nýrra lausna og leiða

Hugmyndafundurinn Start 09 um „nýjar leiðir og lausnir fyrir Ísland“ verður haldinn í Borgarleikhúsinu í fyrramálið. Fundurinn, sem er á vegum N1, er öllum opinn og aðgangur ókeypis. Til að tryggja sér sæti þarf að skrá sig á www.n1.is/start.

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, segir að skömmu eftir áramót hafi verið fundað um hvernig fyrirtækið gæti látið gott af sér leiða fyrir samfélagið. „Miklu skiptir að endurreisnin hefjist sem fyrst og hún mun þurfa að eiga sér stað í einkarekstri. Okkar niðurstaða var að mikilvægt væri að kalla til fundar við þjóðina menn sem eitthvað hefðu fram að færa og því voru kallaðir til þessir erlendu fyrirlesarar,“ segir hann.

Fundarstjóri er Guðjón Már Guðmundsson, hugmyndaráðuneytismaður og frumkvöðull, en fyrirlesarar eru, auk Höskuldar, Jeff Taylor, stofnandi vinnumiðlunarinnar monster.com, Salem Samhoud, stofnandi ráðgjafafyrirtækisins &Samhoud í Hollandi.



HERMANN GUÐMUNDSSON

„Okkar von er að þetta geti orðið byrjunin á einhverju meiru í því að Íslendingar taki hugmyndir sem þeir eiga margir hverjir á lager og hrindi í framkvæmd. Að þeir noti kreppuna til þess að ýta úr vör verkefnum sem geta orðið þjóðhagslega hagkvæm verkefni þegar fram líða stundir,“ segir Hermann og minnir á að mörg af helstu fyrirtækjum landsins hafi orðið til í kreppu og sprottið upp af litlum hugmyndum.

Húsið opnar korter fyrir níu, en dagskrá hefst 9.15 og stendur til hádegis. Kaffi og léttar veitingar verða í hléi. - óká

# Mannaskipti hjá Straumi

Stephen Jack, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Straums, hefur látið af störfum og Jakob Ásmundsson tekið við starfi hans. Hann verður eftirleiðis framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, þar á meðal fjármála. Hann var áður framkvæmdarstjóri áhættustýringar Straums, að því er segir í tilkynningu.

Líkt og fram kom í Markaðnum í gær hafa talsverðar breytingar átt sér stað innan Straums frá því að skilanefnd tók þar völdin í byrjun mars. Reiknað er með að kröfuhafar, sem flestir eru erlendir, taki hann yfir síðar í sumar og eignastýring hans og fjárfestingastarfsemi verði endurvakin að takmörkuðu leyti. - jab




# Kauphöllin gæti tvöfaldast að ári

**Viðræður eru hafnar um skráningu fyrirtækja í Kauphöllina í haust og gætu fimmtán ný fyrirtæki verið komin á markað í lok næsta árs, segir forstjóri Kauphallarinnar. Gangi það eftir verða Kauphallar-fyrirtækin 30 talsins.**

„Við erum þegar farin að ræða við fyrirtæki sem íhuga að fara á markað og gerum ráð fyrir að skriður komist á það með haustinu,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland. Hann telur líklegt að kraftur verði í nýskráningum fyrirtækja hér um svipað leyti og efnahagslífið taki við sér á næsta ári. Reikna megi með að í lok næsta árs verði skráð félög á hlutabréfamarkaði á bilinu 25 til 30 talsins.

Fimmtán fyrirtæki eru nú skráð á markað í Kauphöllinni, þar af fjögur færeysk og eitt bandarískt. Alfesca hefur þó boðað afskráningu verði væntanlegu yfirtökutilboði í það tekið síðsumars. Á sama tíma í fyrra voru þau 25 talsins. Strax í júní í fyrra tók að kvarnast hratt úr hópnum þegar FL Group, Skipti, Flaga, Icelandic Group og Tryggingamiðstöðin hurfu á braut. Tíu félög fóru af markaði eftir það, þar af átta eftir bankahrunið í október. Afskráning Vinnslustöðvarinnar hafði staðið fyrir dyrum lengur.

Fram kom á fundi forstjóra og forsvarsmanna færeysku félaganna sem skráð eru á markað hér á fjárfestafundi í gær að þau hyggi ekki á afskráningu þrátt fyrir erfiðleika í íslensku fjármálalífi. Þvert á móti ætli þau að sitja sem fastast.

Sigurd Poulsen, forstjóri verðbréfaþingsins Virðisbrævamarknaður Føroya (VMF), sagði í samtali við Markaðinn fyrir viku að færeysk fyrirtæki í fiskeldi og sjávarútvegi hefðu íhugað skráningu hér. Af því verði ekki í bráð vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum.



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON** Forstjóri Kauphallarinnar segir rökrétt að ríkið losi sig við þau fyrirtæki sem það hafi tekið yfir upp á síðkastið. Ein þeirra leiða er að setja fyrirtækin á markað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þórður vill ekki gefa upp hvaða fyrirtæki eða hvernig félög skoði skráningu á markað nú að öðru leyti en því að þau eru öll íslensk. Haft hefur verið eftir honum áður að vonir standi til að hlutur sjávarútvegsfyrirtækja vaxi frekar.

Aðspurður hvort til greina komi að skrá einhver þeirra fyrirtækja sem ríkisbankarnir hafi tekið yfir upp á síðkastið segir Þórður svo vera. En allt sé á umræðustigi. „Það er rökrétt enda allir sammála um að fyrirtækin eigi ekki að vera undir yfirráðum hins opinbera. Þvert á móti eiga þau að fara aftur í einkaeigu. Ein þeirra leiða er að selja þau með gegnsæju ferli eða setja þau á markað,“ segir Þórður. Hann bætir við að þetta eigi ekki við um bankana í bráð. Fyrst þurfi að endurskoða efnahagsreikning þeirra. jonab@markadurinn.is





KRÓNAN
LINDIR
KÓPAVOGI
1 ÁRS
2 lítrar
299 kr. stk.
FP epla cider
580 kr. stk.
FP djúpsteikingarolía
239 kr. pk.
FP Choko kex eða Marie kex
129 kr. pk.
FP saltstangir
AFMÆLISTILBOÐ Í LINDUM!
5990 kr. stk.
Home-Plus safapressa 700W
399 kr. pk.
Home-Plus grillkol
399 kr. stk.
Home-Plus einnota grill
10 stk. í pk.
298 kr. stk.
Home-Plus rafhlöður AA
499 kr. pk.
Home-Plus microfiber klútar
50 stk. í pk.
99 kr. pk.
Home-Plus grillpinnar
299 kr. stk.
Home-Plus sokkabuxur svartar, 20 den
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is
GLÆSILEG AFMÆLISTILBOÐ, VÖRUKYNNINGAR & UPPÁKOMUR!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Einföld lífsspeki Dalai Lama:

## Að trúa á góðvild

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Það er sterk upplifun að vera í návígi við mann sem þekktur er í gegnum fjölmiðla og hefur á þann hátt verið hluti af lífi manns í áratugi. Það reyndu nokkur þúsund Íslendingar sem hlýddu á Dalai Lama í Laugardalshöll á þriðjudag og væntanlega ekki síður þeir sem tóku þátt í samtrúarlegri friðarstund í Hallgrímskirkju á öðrum degi hvítasunnu.

Dalai Lama hafði ótrúlega sterka nærveru þar sem hann sat í hægindastól með skrautlegum púðum á sviði Laugardalshallar. Hann virtist hafa lifandi áhuga á tónlistinni sem honum var flutt áður en hann hóf mál sitt og þegar að því kom birtist maður sem í senn er ótrúlega hversdagslegur og um leið á einhvern hátt upphafinn.

Af Dalai Lama stafar mikil hlýja og mannkærleikur. Hann lagði út af hversdagslegum dæmisögum og tengdi þannig friðar- og kærleiksboðskap sinn við daglegt líf venjulegs fólks. Húmorinn er skammt undan og með reglulegu millibili færist bros yfir andlitið, sem vissulega ber merki alllangrar ævi, og svo hlær hann af innlifun og mikilli gleði.

Spekingurinn mikli Dalai Lama óttast ekki að svara spurningum sem fyrir hann eru lagðar á þann veg að hann viti ekki svarið við þeim. Þetta gerir hann af auðmýkt þess sem hvílir öruggur í sjálfi sínu. Margt væri áreiðanlega farsælla í heiminum ef fleiri hefðu tök á að sýna viðlíka auðmýkt gagnvart viðfangsefnum sínum og viðurkenna þegar þeir þekkja ekki leiðina að lausn verkefnisins sem við blasir.

Annað sem einkennir Dalai Lama er hversu lítið hátíðlega hann tekur sjálfan sig. Þegar hann er spurður um samskipti hjóna eða barnauppeldi hlær hann og segir: „Ég veit það ekki, hvernig á ég að vita það? Ég er munkur.“ Á eftir fylgja svo góð ráð sem gagnast geta í öllum samskiptum, einnig milli hjóna og í hlutverki uppalenda, ráð sem einkennast af samkennd, fyrirgefningu og umburðarlyndi. Hann bendir á að með því að einbeita okkur að velferð annarra þá aukum við um leið eigin hamingju og þroska og þar með eigin farsæld.

Við sem byggjum þessa jörð þurfum vitanlega á alls kyns reglum og römmum að halda fyrir samskipti okkar, bæði manna og þjóða í milli. Hitt er ljóst að ef fleiri tileinkuðu sér lífssýn Dalai Lama, hugsjón hans um frið, umhyggju og ekki síst virðingu í garð náunga okkar þá væri friðvænlegra í heiminum en nú er.

„Trúarbrögð mín eru mjög einföld. Ég trúi á góðvildina,“ hefur Dalai Lama sagt. Þetta er einföld og skýr sýn og undir hana geta flestir tekið, óháð trúarbrögðum, og Dalai Lama leggur einmitt mikið upp úr skilningi og virðingu milli trúarhópa heimsins.

Viðfangsefni okkar mannanna, hvort sem við erum kristin, múslimar, búddatrúar eða aðhyllumst enn önnur trúarbrögð, ellegar engin, er að leitast við að lifa í samræmi við þessa einföldu sýn og með því að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til þess að bæta mannlífið og þar með stuðla að auknum friði í heiminum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ekki ráðherra, bara Ömmi**
Steingrímur J. Sigfússon undrast hastarleg viðbrögð Kínverja við þeim móttökum sem Dalai Lama hefur fengið hjá íslenskum ráðamönnum. Steingrímur bendir á að okkur sé frjálst að fá þá gesti sem okkur sýnist og taka á móti þeim eins og hentar. Hann telur heldur ekki að fundir ráðherra og þingmanna með Dalai Lama ættu að tefla stjórnmálasambandi Íslands og Kína í tvísýnu. „Þeir hittu Dalai Lama sem einstaklingar, en ekki ráðherrar,“ sagði Steingrímur í samtali við RÚV í gær. Og kviknar þá hið klassíska spursmál: Hvenær eru menn ráðherrar og hvenær ekki?

**Upprifjun**
Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði fram nokkrar fyrirspurnir á Alþingi í gær sem allar lutu að því hversu miklum byggðarkvóta var úthlutað á undanförnum þremur fiskveiðiárum. Undarlegt að Einar þurfi að spyrja að því; hann var jú sjávarútvegsráðherra á undanförnum þremur fiskveiðiárum og ætti því að vita allt um málið.



**Frjálslyndir fá sæti í nefnd**
Seinni part maí skipaði forsætisráðherra nefnd sem á að endurskoða lög um fjármál stjórnmálaflokkanna. Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu kemur fram að nefndin sé skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem eiga fulltrúa á Alþingi, auk fulltrúa Frjálslynda flokksins og einum fulltrúa sem forsætisráðherra skipar. Frjálslyndi flokkurinn féll af þingi í apríl og náði ekki tilskildum atkvæðafjölda til að eiga rétt á fjárstyrkjum frá ríkinu. Hvers vegna á hann fulltrúa í nefndinni?

bergsteinn@frettabladid.is

## Afar ánægjuleg máltíð



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Skuldastaða skattgreiðenda

Við vorum hálfnaðir með vindlana og höfðum drukkið ein fimm koníaksglös þegar þjónninn kom og Viktor afhenti honum blaðið sem hann hafði hripað eitthvað á og leit út eins og útfyllt ávísun. Þjónninn tók blaðið upp eins og hann byggist við að sjá ávísun. Svo sá ég að hann stirðnaði og augu hans hringsnerust. [...] Á blaðið hafði Viktor skrifað: „Við erum allir vistmenn á Kleppi. Verið svo vinsamlegir að hringja á lögregluna strax. Þetta var afar ánægjuleg máltíð.““ Þannig lyktaði frægu bæjarleyfi í bók Einars Más Guðmundssonar, Englar alheimsins, og samnefndri kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar.

**Undir leyndarhjúp**
Nú læðist sú óþægilega tilfinning að erlendum lánardrottnum gömlu bankanna, að fyrir þeim kunni að fara líkt og þjóninum í Grillinu á Hótel Sögu. Fulltrúar margra erlendra banka hafa verið með annan fótinn í Reykjavík síðan bankarnir hrundu í byrjun október 2008 til að fylgjast með gangi mála og reyna að bjarga einhverjum hluta eigna sinna úr brunarústunum, og þeir eru nú teknir að ókyrrast. Þeir eru að vísu vanir að tapa miklu fé í fjármálakreppum og láta slíkt ekki á sig fá. En þeir eru ekki vanir að tapa stórfé undir tortryggilegum leyndarhjúp eins og þeim, sem skilanefndir bankanna hafa sveipað um sig, og þeir sætta sig ekki við leyndina.

Mat á eignum gömlu bankanna átti að liggja frammi í febrúar samkvæmt auglýstri stundatöflu stjórnvalda, en opinber framlagning eignamatsins hefur dregizt og þá um leið uppgjör gömlu bankanna og endurfjármögnun nýju bankanna. Kvisazt hefur út meðal erlendra lánardrottna, að svo kunni að fara, að eignir gömlu bankanna dugi aðeins fyrir innstæðum og lánardrottnar tapi þá öllu sínu. Slíkar málalyktir munu trúlega kalla holskeflu málsókna yfir skilanefndirnar og ríkið og valda Íslandi enn meira álitstjóni en orðið er. Þeim mun brýnna er, að dómskerfið komi lögum yfir þá, sem kölluðu þetta ástand yfir landið með augljósum lögbrotum, bæði bankamenn og aðra.

**Semingur**
Samkomulag Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn frá í nóvember 2008 sýnist frjálslegra en nokkurt annað svipað samkomulag, sem sjóðurinn hefur gert undangengin ár. Íslendingum gefst eftir áætluninni rýmri tími en áður hefur tíðkazt til að ná endum saman í fjármálum ríkisins, þar á meðal frestur allt þetta ár til að hefjast handa um nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr útgjöldum ríkisins og hífa upp tekjurnar. Þessa tilslökun hefðu stjórnvöld þurft að nýta vel til að undirbúa og kynna rækilega áætlun um ríkisfjármál og skyld mál fram í tímann, en það hafa þau ekki enn gert.

Semingurinn mun seinka hjöðnun verðbólgunnar og afnámi gjaldeyrishaftanna, þrengja svigrúm til frekari lækkunar vaxta og grafa enn frekar undan gengi krónunnar og tiltrú umheimsins. Hjá þessum torfærum hefði verið hægt að sneiða með betra og agaðra verklagi, en ríkisstjórnin hefur það þó sér til málsbóta, að alþingiskosningarnar í apríl töfðu stefnumótunina.

**Aftur í Grillið**
Og hvernig líður þjóðinni? Okkur dugir ekki að kalla á lögregluna og biðja hana að gera svo vel að skutla okkur aftur inn á Klepp. Við erum búin að borða, og við þurfum að borga reikninginn, en bara fyrir okkar eigin máltíð, ekki fyrir allan salinn. Við ráðum við reikninginn samkvæmt bráðabirgðatölum, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kynnti í nóvember 2008. Þar er þess gætt að blanda ekki saman reikningnum fyrir borðið okkar og önnur borð í salnum. Við þurfum með öðrum orðum að greina skuldbindingar ríkisins frá einkaskuldum, sem koma skattgreiðendum ekki við. Erlendar skuldir ríkisins munu verða um 160 prósent af landsframleiðslu í árslok 2009 og 100 prósent 2013; það mat sjóðsins hefur ekki breytzt að ráði síðan í nóvember.

Þetta er að sönnu þung byrði, en hana getum við borið. Erlendar einkaskuldir, sem koma skattgreiðendum ekki við, eru enn taldar nema röskum 500 prósentum af landsframleiðslu til viðbótar. Vonir stóðu til, að erlendir lánardrottnar gætu endurheimt kannski helminginn af þeirri fjárhæð, en nú virðist þeim mörgum útlitið vera svartara en svo. Þeir óttast jafnvel, að þeir fái lítið sem ekkert upp í skuldirnar. Fari svo, má í ljósi reynslu annarra þjóða reikna með, að íslenzkir bankar og fyrirtæki búi við skert kjör á erlendum lánsfjármörkuðum næstu ár og skertan aðgang að lánsfé.

## Bati er mögulegur fyrir alla

**UMRÆÐAN**
Benedikt Gestsson skrifar um aðstandenda- og kynningardag í Klúbbnum Geysi



BENEDIKT GESTSSON

Undanfarin tíu ár hefur Klúbburinn Geysir verið einn af framvörðum nýrra hugmynda um endurhæfingu geðsjúkra á Íslandi. Þær hugmyndir sem fylgdu stofnun Geysis og byggðar eru á hugmyndafræði Fountain House mörkuðu þáttaskil um leið og þær efldu von og virðingu þeirra sem glíma við geðsjúkdóma. Aðstandenda- og kynningardagur Geysis hefur verið haldinn á hverju ári undanfarin fimm ár, til þess að vekja athygli á starfi klúbbsins og á málstað geðsjúkra á Íslandi.

Klúbburinn Geysir er félag sem hefur það að markmiði að styðja einstaklinga sem glíma við geðsjúkdóma og afleiðingar þeirra. Með þátttöku í klúbbnum er fólki gefið tækifæri til þess að sameinast fjölskyldum og vinum, ná atvinnu- og námsmarkmiðum sínum, auk þess að fá aðstoð við að öðlast lögbundin réttindi. Í klúbbnum er jákvætt og uppbyggilegt umhverfi fyrir fólk sem misst hefur tökin vegna geðsjúkdóma og þarf aðstoð þeirra sem trúa því að bati sé mögulegur fyrir alla.

Þeir sem mæta í Geysi eru félagar og samstarfsfólk á vinnumiðuðum degi í klúbbnum, þar sem unnið er að verkefnum sem hafa gildi og merkingu fyrir félaga, starfsfólk og klúbbinn. Með þátttöku í Geysi opnast tækifæri til þess að rjúfa einangrun, kynnast nýju fólki og vinna að sameiginlegum markmiðum. Allir hafa eitthvað fram að færa, búa yfir þekkingu, getu og hæfileikum. Þetta á ekki síður við um þá sem glíma við geðsjúkdóma. Þeir eiga líka rétt til þeirra lífsgæða sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Gleymum því ekki.

*Höfundur er verkefnastjóri í Klúbbnum Geysi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**LÍFIÐ VIÐ HÖFNINA** kallast sýning sem Byggðasafn Hafnarfjarðar hefur opnað í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðarhafnar. Á sýningunni er fjöldi ljósmynda, muna og sagnfræðilegra texta sem varpa ljósi á sögu hafnarinnar. Sýningin er í forsal Pakkhússins á Vesturgötu 8 og er aðgangur ókeypis.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447









Birna Melsted heldur upp á svarta hettukjólinn sem Sara í Nakta apanum hannaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fataskápurinn fullur af íslenskum kjólum

**Verslunarkonan Birna Melsted er veik fyrir fallegri hönnun, þægilegum sniðum og góðu efni. Hún reynir eftir fremsta megni að kaupa föt eftir íslenska hönnuði, sem henni þykja skara fram úr.**

„Það sem er í langmestu uppáhaldi hjá mér um þessar mundir er svartur hettukjóll sem Sara í Nakta apanum hannaði. Ég hef notað hann mikið upp á síðkastið, enda er hann mjög þægilegur,“ segir verslunarkonan Birna Melsted. Við kjólinn klæðist hún bleikum leggings úr smiðju Birnu á Skólavörðustígnum. Birna heldur upp á marga íslenska hönnuði. „Þegar ég fór að skoða í skápana mína uppgötvaði ég að ég á eiginlega bara föt eftir íslenska hönnuði. Ég á til dæmis margar leggings frá henni Birnu en þær eru bæði flottar og þægilegar. Svo versla ég mikið við þær Írisi og Kolbrúnu í versluninni KVK. Mér finnst það sem þær hafa verið að gera algjör snilld og margar af mínum uppáhaldsspariflíkum eru frá þeim. Ég á til dæmis slá með slaufu aftan á frá þeim sem er ofsalega sparileg. Hægt er að taka slaufuna af og við það verður hún ekki alveg jafn fín, þannig að það er líka hægt að nota hana hversdags.“

Aðrir íslenskir hönnuðir sem Birna heldur upp á eru þau Gunnar Hilmarsson og Kolbrún Petrea Gunnarsdóttir hjá Andersen & Lauth. „Þau eru með þægilegan og klassískan fatnað. Ég þori varla að segja það en ég held að ég eigi í kringum tuttugu kjóla frá þeim. Þeir eru sérstaklega góðir af því maður getur notað þá yfir leggings og gallabuxur. Þau gera líka mjög þægilegar peysur. Þetta er tímalaus hönnun sem virkar eiginlega við mörg tækifæri.“

Birna er sjálf ekki ókunnug fatabransanum en hún rekur barnafataverslunina Hnokka og hnátur sem lengi var á Skólavörðustíg og er flestu áhugafólki um barnaföt að góðu kunn. Verslunin er nú flutt í Hverafold í Grafarvoginum en enn þá er þar að finna sömu fallegu flíkurnar. Flestar eru þær frá Danmörku en líka Svíþjóð, Belgíu og Hollandi.

Birna myndi vilja selja íslensk föt í versluninni. Hins vegar sé lítið úrval af íslenskri barnafatahönnun. „Það er hins vegar svo rosalega mikið að gerast í íslenskri hönnun þegar kemur að fötum fyrir fullorðna. Ég sé enga ástæðu til annars en að styrkja hana. Ég reyni alltaf að kaupa íslenskt frekar en eitthvað annað.“

*holmfridur@frettabladid.is*


Þráinn SKÓARI
STOFNAÐ 1984

Í tilefni af
**25 ára afmæli**
okkar bjóðum við allar vörur og þjónustu með
**25%** afslætti í viku.

**Skóbúð/skóvinnustofa, Grettisgata 3, 101 Reykjavík**

**VINNUVÉLANÁMSKEIÐ**

**Næsta námskeið hefst 5. júní n.k.**



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

**Afleysingamenn leigubílstjóra Námskeið**

Með vísun til laga nr. 134/2002 um leigubifreiðar, gengst Vegagerðin fyrir námskeiði fyrir afleysingamenn leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd
**dagana 9. 10. og 11. júní . n.k.**
**Verð fyrir námskeiði er kr. 25.500,-**

**Næsta námskeið verður í september 2009**
**Sími: 567-0300**

VEGAGERÐIN

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

# ;TÍSKA



**MATTHEW WILLIAMSON**, breskur tískuhönnuður, sem hefur síðustu sjö ár aðeins sýnt á tískuvikunni í New York, mun sýna vor- og sumarlínu sína fyrir 2010 á tískuvikunni í London í september.

# Spangir við öll tækifæri

**Esther Ösp Gunnarsdóttir hóf að hanna og búa til hárspangir eftir árangurslausa leit að ódýrum og spennandi spöngum. Nú tveimur árum síðar er hún enn að og hefur opnað heimasíðu með spöngunum.**

„Ég ætlaði að kaupa mér hárskraut, en það sem mér leist vel á kostaði svo mikið að ég hrökklaðist í burtu," útskýrir Esther. „Ég byrjaði þess vegna að prófa mig áfram og athuga hvað ég gæti gert en bara fyrir mig í upphafi. Svo fór þetta ansi hratt að vinda upp á sig og ég fór að gera spangir fyrir vini og kunningja og nú er þetta orðið hálfgert áhugamál."

Esther segist hafa tekið námskeið í textílhönnun í menntaskóla þegar hún er innt eftir því hvar hún hafi lært að búa til spangir. „Mér hefur alltaf fundist rosalega gaman að sauma en ég hef ekkert sérstaklega lært að hanna spangir. Ég kem frá miklu föndurheimili þar sem fólk er vant því að prófa sig áfram með hitt og þetta. Þannig að þetta lá beint við."

En er flókið að búa spangirnar til? „Það eru engin vísindi. Þetta er í rauninni ekkert flóknara en að klippa og líma. Ég sit bara með skærin og límbyssuna og dunda mér," upplýsir Esther en segist lítið sauma saman. „Það er auðveldara að líma heldur en að sauma. Ég hef til dæmis gert spangir fyrir litlar stelpur. Litla frænka mín var ekki lengi að brjóta spöngina og þá var ekkert mál að kippa blóminu af og líma á nýja."

Esther segir að fólk á öllum aldri kaupi spangir af henni. „Sú yngsta sem ég veit af er tíu ára og svo hafa konur upp í fimmtugt keypt af mér. Ég hef selt mikið af spöngum til fermingarstelpna og til kvenna sem eru að gifta sig. Þær eru sparilegar og oft í stíl við kjólinn," útskýrir Esther og bætir við að þó selji hún hverjum sem kaupa vill. „Þetta er auðveld leið til að gera sig sparilegan."

Heimasíða Estherar er www.harspangir.com. *martaf@frettabladid.is*



Esther hefur dundað sér við að búa til spangir í rúm tvö ár.

MYND/ÚR EINKASAFNI






Sundbolur með virkilega góðu aðhaldi og spöngum - fæst í 32-38 D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 9.885,-

MISTY

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178, 105 R

sími 551-3366 - **www.misty.is**

opið mán-fös 10-18, lau 10-14





TILBOÐ:

Korktöfflur fyrir dömur

Stærðir: 37 - 42

Verð: kr. 1.000.-

**Misty skór**

***Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf***

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070

Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14

www.misty.is



**Ný sending**

af flottum skokkum

belladonna

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465

**www.belladonna.is**





TRIND

Ávallt No 1

**Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com**

Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir







FLOTT Í SUMAR...

með Slendertone

dömu/herra belti

NÝTT

Flex Max kr. 24.900,-

Flex kr. 19.950,-

System kr. 29.900,-

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið



**Augnháralitur og augnbrúnalitur**

**Tana® Cosmetics**





**Plokkari með ljósi**





SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR



TAX FREE

**Fimmtudag til mánudag**

***Stærsta töskuverslun landsins.***





Tösku og hanskabúðin

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Blóm og friður í sól og sumaryl

Í búðargluggum er oft annað á boðstólum en frægustu hönnuðir hafa sýnt á tískusýningum nokkru áður. Því getur verið athyglisvert að skoða það sem raunverulega er á boðstólum í búðum fyrir venjulegt fólk og á viðráðanlegu verði. Það sem hefur náð að berast frá sýningarpöllunum til almennings.

Blómamunstur sem kallað er Liberty´s er eitt af því sem hefur slegið í gegn á þessu vori og hefur oft verið notað í framleiðslu Cacharel sem reyndar fagnaði 50 ára afmæli sínu á dögunum. Munstrið er notað hjá Tommy Hilfiger, Maje og Tara Jarmon svo eitthvað sé nefnt. Eins og hjá karlmönnum eru það stuttbuxurnar sem gilda í ár í kventískunni en þær eru þó miklu styttri en herrabuxurnar og frekar hægt að tala um míní-stuttbuxur en líklega verða sokkabuxur nausynlegar með heima á fróni. Stuttbuxurnar eru í öllum gerðum og formum, úr öllum mögulegum efnum, einlitar eða munstraðar, oft með beltum úr sama efni eða með klút sem er notaður sem belti. Kjólarnir eru annaðhvort skósíðir úr léttum efnum í sterkum litum, stundum munstraðir, eða þá stuttir, þó einstaka kjóll í ´60 stílnum fljóti með. Mikið er af gegnsæjum efnum í pilsum, blússum eða kjólum til dæmis hjá franska merkinu Paule Ka, Red Valentino (ódýrari lína Valentino) og Isabel Marant.

Annað sem einkennir sumartískuna og var líklega ekki gert ráð fyrir á tískusýningum fyrir þessa árstíð er að amerískir hönnuðir eiga upp á pallborðið. Óhætt er að fullyrða þetta megi rekja til úrslita forsetakosninganna í Bandaríkjunum og hinnar smekklegu Michelle Obama sem hefur verið á forsíðum allra helstu tískublaða síðan hún varð forsetafrú og er dugleg við að nota hönnun samlanda sinna. Einn af hennar uppáhaldshönnuðum er Vera Wang sem hannaði kjól fyrir innsetningardansleikinn og er því mjög heit í dag. Fyrir vikið er New York á uppleið sem tískuborg og í stóru magasínunum hér í París má finna marga nýja ameríska hönnuði.

En það mikilvægasta í sumar eru gallajakkar sem lifa nýju lífi og gallabuxur sem helst eiga að vera rifnar og af hverju ekki að taka fram skæri til að fullkomna „rock-chic“ útlitið að hætti Balmains eða Alexander Wang? Helst eiga þær að líta út fyrir að vera gamlar og hvers vegna ekki að taka sömuleiðis fram gamla jakka? Gallaefni er eins og ég hef oft sagt afskaplega óumhverfisvæn ef ekki er um lífræna bómull að ræða, hún þarf mikið vatn við ræktun og ýmis skaðleg efni eru notuð við framleiðsu og til að ná fram litbrigðum. Því er það besta sem hægt er að gera fyrir umhverfið að nota gömlu jakkana og auðvitað ódýrast.

*bergb75@free.fr*



Glæsileikinn var mikill á tískusýningunni í Djakarta. AFP/ADEK BERRY

# Íslömsk tískuhátíð

MALASÍSKI HÖNNUÐURINN KHADANI SÝNDI GLÆSILEGA KVENFATATÍSKU Á ÍSLÖMSKU TÍSKUHÁTÍÐINNI Í DJAKARTA 26. MAÍ SÍÐASTLIÐINN.

Á Íslömsku tískuhátíðinni var sýndur fatnaður eftir þekkta og upprennandi hönnuði frá Malasíu og Indónesíu og komu áhorfendur víða að.



Markhópur íslamskrar tísku er, eins og gefur að skilja, karlmenn og konur sem eru múhameðstrúar og vilja halda í múslímskt yfirbragð og siðvenjur en vera þó skapandi og klæðast í takt við nútímann. Fatnaðurinn þarf því að vera samkvæmt ímynd íslam en samt nýtískulegur og glæsilegur. Á sýningunni gaf að líta litríkan og vandaðan fatnað með fallegum smáatriðum og skreytingum. Einnig voru sýndir brúðarkjólar og prjónaðar slæður.

*- hs*


Eirberg



Ný sending af sundfatnaði komin

www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

BOND PRJÓNAVÉLAR
20 ára reynsla á Íslandi!



Engin prjónareynsla er nauðsynleg við notkun á Bond prjónavélinni til þess að töfra fram fallegar flíkur á einni kvöldstund.

Hægt er að nota flestar gerðir garns allt frá prjónastærð 2 – 7 og styðjast við handprjónauppskriftir.

KREATÍF

Nánari upplýsingar:
Kreatíf efh.
www.kreatif.is
Sími 824 1451 og 866 7252

LAURA ASHLEY
Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | sími 5516646
Opið virka daga frá 10-18



FATADAGAR
20% af öllum fatnaði

NÝ SENDING
Sumarfrakkar
~~Áður 19.900~~
Nú 9.900
Stærðir 10-24
2 týpur
Litur: svart



COSMO
Kringlunni



**RANIMOSK** verslunin að Laugavegi 20 býður ýmsa skemmtilega hluti til sölu. Þeirra á meðal er þessi skemmtilegi sími sem vekur að öllum líkindum góðar minningar hjá mörgum.

# Túlkar Evrópu með stólum og málverkum

**Listakonan Inga Elín er þekktust fyrir leir- og glerlistaverk. Á sýningu hennar í Listasal Mosfellsbæjar gefur hins vegar að líta allt annað. Til dæmis stóla sem Inga Elín hefur málað með upprunalandið í huga.**

„Það voru mjög margir hissa sem komu á opnunina því þetta er allt öðruvísi en ég hef sýnt hingað til,“ segir Inga Elín Kristinsdóttir myndlistarmaður sem opnaði nýverið sýningu í Listasal Mosfellsbæjar undir yfirskriftinni Evrópa.

Inga Elín er hvað best þekkt fyrir gler- og leirlistaverk sín sem eru meðal annars til sölu í Galleríi Fold, Galleríi List, Álafosssölunni, Listfléttunni á Akureyri og Epal design í Leifsstöð. Sérstaklega hafa verið vinsælir leirbollar hennar sem skreyttir eru bláum kaffibaunum.

Nú hins vegar venti Inga Elín kvæði sínu í kross en á sýningunni sýnir hún abstraktmyndir af Evrópu. „Út frá verkefni mínu með málverkin þróaðist með mér hugmynd um að mála stóla með upprunalandið í huga,“ segir Inga Elín en á sýningunni má sjá sex stóla frá fimm löndum sem hún hefur málað hvern á sinn hátt. „Ég hef lengi haft mikinn áhuga á hönnun, hef lesið mikið um hana og er mikill stólasafnari,“ segir Inga Elín um tilurð stólaverkefnisins. „Ég hef nú ekki talið þá alla en ætli ég eigi ekki um 50 til 60 stóla og er þekkt fyrir það að safna þeim,“ segir Inga Elín glaðlega en henni þykir gaman að velta fyrir sér uppruna stólanna enda séu þeir táknmynd þess lands sem þeir eru hannaðir í.

Eins og áður sagði eru á sýningunni sex stólar frá fimm löndum í Evrópu: Póllandi, Danmörku, Finnlandi, Tékkóslóvakíu og Íslandi.

„Finnski stóllinn er eftir Alvar Aalto og kallast 69. Hann málaði ég með þjóðarblómi Finnlands sem heitir Liljur vallarins,“ segir Inga Elín en tveir danskir stólar eru á sýningunni. „Annar er Sjöan eftir Arne Jacobsen og hinn er gömul dönsk hönnun. Ég hafði í huga beykiskóg og sjó þegar ég málaði þá,“ segir Inga Elín. Hveitiakur var henni efst í huga þegar hún málaði pólska stólinn sem hún telur vera gamlan alþýðustól.

„Stóllinn frá Tékkóslóvakíu er einnig mjög gamall og á hann teiknaði ég gras,“ segir hún. En hvað með íslenska stólinn? „Hann er hannaður af Valdimari Harðarsyni og á hann málaði ég sóley,“ segir Inga Elín en sýning hennar í Listasal Mosfellsbæjar stendur til 27. júní.

*solveig@frettabladid.is*



Inga Elín er mikill stólasafnari og á sjálf um 50 til 60 stóla. Hér stendur hún við Sjöuna eftir Arne Jacobsen sem hún hefur málað með beykilaufum á bláan grunn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Finnska stólinn eftir Alvar Aalto málaði Inga Elín með þjóðarblómi Finna.

Verner Panton hannaði hinn klassíska Panton stól árið 1967 fyrir Vitra. Stóllinn er úr formbeygðu plasti. Panton er talinn vera einn áhrifamesti húsgagnahönnuður Dana á síðustu öld. Hönnun hans þótti framúrstefnuleg, en hann vann mikið með plast í sterkum litum.

**www.vernerpanton.com**






RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Geymslu- og dekkjahillur
í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið


Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

Kjarni málsins
Ekkert viðhald
REHAU
Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða.
gluggar@kjarnagluggar.is


AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN
Kjarnagluggar
Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is


Mótun – leir og tengd efni
Myndlista- og hönnunarnám skólaárið 2009 –10
**Mótun – leir og tengd efni** er ný námsbraut og leið til BA háskólagráðu með sterka tengingu við atvinnulífið. Námið er tilraunastofa þar sem efni, tækni og hugmyndir mætast. **Umsóknarfrestur er framlengdur til 10. júní.**
Umsækjendur skrái umsókn sína á **www.tskoli.is** og leggi auk þess inn möppu ásamt skriflegri umsókn á skrifstofu Myndlistaskólans, Hringbraut 121 R.
**Hönnunar- og handverksskóli Tækniskólans í samvinnu við Myndlistaskólann í Reykjavík.**
zetor
Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins
www.tskoli.is



# „Farmhouse Ice cream“

**Fullkomin ísgerð sem uppfyllir ströngustu kröfur.**
**Fersk mjólk og rjómi, sem unnin er beint úr spenvolgri mjólkinni**

Árið 2006 hóf Holtsel í Eyjafjarðarsveit framleiðslu á mjólkur- og rjómaís úr eigin mjólkurframleiðslu, fyrstur sveitabæja á Íslandi. Byggð var upp fullkomin ísgerð með nýjustu tækjum sem uppfyllir ströngustu kröfur um slíka framleiðslu. Uppistaðan í ísgerðinni er fersk mjólk og rjómi, sem unnin er beint úr spenvolgri mjólkinni, ásamt ferskum eggjarauðum sem koma í stað gerviefna sem víða eru notuð við ísgerð. Holtselsbúið framleiðir einnig rjómaís fyrir sykursjúka. Ávaxtaís, eða Sorbet, er stór hluti framleiðslunnar, unninn úr ávöxtum og hentar sérstaklega vel fyrir þá sem eru með mjólkur- og/eða eggjaóþol.

MATUR ÚR HÉRAÐI

HOLTSEL

**Holtsel - 601 Akureyri - Sími: 463-1159/861-2859**


# landið mitt norðurland

FIMMTUDAGUR 4. JÚNÍ 2009




NORDICPHOTOS/GETTY




# Nýkomin sending

**af vönduðum garðhúsgögnum.**
**Sólbekkir, borð og stólar í nokkrum gerðum.**



Signature ••• húsgögn

**Opið**
**Mán. - Fö. 12-18**
**Lau 12 -16**

**Fiskislóð 45, 101 Rvík - S. 771 3800 - www.signature.is**

# Með breyttu sniði

„Hátíðin verður með svolítið breyttu sniði í ár. Það sem gerir hana meðal annars skemmtilega öðruvísi er að norðlenskir listamenn leika eingöngu á fyrra kvöldinu," segir Gísli Rúnar Gylfason, formaður Jassklúbbs Ólafsfjarðar, um Blúshátíðina á Ólafsfirði sem fer fram í tíunda sinn dagana 26. til 27. júní í félagsheimilinu Tjarnarborg.


MYND/VÖLUNDUR JÓNSSON

Skemmtiatriði verða nú flest í höndum landsmanna.

Blúshátíðin á Ólafsfirði var fyrst haldin fyrir tilstuðlan tónlistarmannsins Kormáks Bragasonar og annarra sem vildu lífga upp á menningu bæjarins. Síðan þá hefur hún fyrir löngu fest sig í sessi sem ein vinsælasta samkoma áhugamanna um blústónlist á Íslandi. Árlega sækja hana á bilinu 500 til 600 manns.

Undanfarin ár hafa erlendir tónlistarmenn komið fram á hátíðinni. Að þessu sinni munu hins vegar nær eingöngu Íslendingar halda uppi fjörinu með einni undantekningu. Brasilíska bandið Guito Thomas and band spilar á föstudag. „Þetta eru þó ekki útlendingar, tveir eru brasilískir að uppruna en eru búsettir hér í firðinum," segir Gísli. Meðal annarra sem koma fram á blúshátíðinni eru Tregasveitin, Manhattan, JJ-Soulband og söngkonan Ragnheiður Gröndal.

Þá verða fastir liðir eins og útimarkaðurinn á sínum stað sem Gísli segir ávallt njóta mikilla vinsælda. Bylgjan verður með beinar útsendingar frá tónleikunum. Sjá www.fjallabyggd.is. *- rve*



Ragnheiður Gröndal syngur fyrir hátíðargesti.











Sigmar og aðrir skipuleggjendur keppninnar höfðu í hyggju að markaðssetja hafið þegar ákveðið var að halda siglingakeppni á Siglufirði. MYND/ÞÓRIR KR. ÞÓRISSON

# Einstök siglingakeppni

**Ný alþjóðleg siglingakeppni verður haldin á Siglufirði í fyrsta skipti á Jónsmessunni, hinn 20. júní.**

„Keppnin er haldin á Jónsmessunni þegar sól er hæst á lofti. Þátttakendur eru erlendir siglingamenn og íslenskir," segir Sigmar B. Hauksson, einn af skipuleggjendum siglingakeppninnar Midnight Sun Race á Siglufirði. „Það er einstakt að upplifa miðnætursólina og sigla um miðja nótt í glaða sólskini. Fáir siglingamenn í Evrópu hafa reynt það. Þá finnst fólki það talsvert afrek að hafa siglt yfir norðurheimskautsbaug."

Sigmar segir keppni hefjast á Siglufirði og siglt verði umhverfis Grímsey og aftur til baka. „Siglt verður yfir heimskautsbauginn en keppendur verða líklega í miðnætursólinni við Grímsey upp úr miðnætti, það fer þó eftir veðri og vindum."

Að hans sögn var ákveðið að fara af stað með keppnina til þess að markaðssetja Ísland. „Við viljum finna ný tækifæri í ferðaþjónustu. Verið er að selja ferðir inn á hálendið og náttúruna en hafið er líka hluti hennar. Hafið hefur þó ekki verið markaðssett á þennan hátt áður."



Sigmar B. Hauksson hefur unnið að því undanfarið ár að skipuleggja nýja alþjóðlega siglingakeppni á Norðurlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigmar bendir á að keppnin hafi verið kynnt fyrir alþjóðlega siglingaheiminum og bætir við að Ísland sé paradís fyrir siglingamenn. „Það eru gríðarlega margir eyðifirðir hringinn í kringum landið og mikið dýralíf. Þetta er þróunarverkefni en við höfum þó orðið vör við talsverðan áhuga á því og greinar hafa birst um keppnina í erlendum siglingablöðum. Ég vænti þess að keppnin verði eftirsótt í framtíðinni þar sem hún er sú eina sinnar tegundar á þessu svæði."

Keppnin er skipulögð og rekin af sveitarfélaginu Fjallabyggð í samvinnu við Siglingasamband Íslands. Inga Eiríksdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi Fjallabyggðar, segir að keppnin hafi verið tilvalið tækifæri til að skapa atvinnu á svæðinu. „Við búumst við því að þetta verði árviss viðburður sem muni stækka og skilja meira eftir sig í bæjarfélaginu, sérstaklega hvað varðar geymslu á skútum og viðgerðir. Sveitarfélagið stendur núna fyrir keppninni en vonir eru bundnar við að síðar muni einhver annar taka að sér að reka hana." *- mmf*

# Húsavík með sænskum blæ

Mikið verður um að vera á Húsavík dagana 20.-26. júlí en þá verða Mærudagar haldnir hátíðlegir. Þeim er fléttað saman við sænska daga en það hefur gefið góða raun síðastliðin ár.

„Sænskir dagar tengjast Garðarshólmsverkefninu sem aftur tengist landnámi hins sænska Garðars Svavarssonar hér á Húsavík. Það verkefni hefur verið í mótun og gerjun undanfarin ár og eru sænsku dagarnir hluti af því," segir Huld Aðalbjarnardóttir menningar- og fræðslufulltrúi Norðurþings. Hún segir hátíðina hefjast á menningarlegum nótum mánudaginn 20. júlí en eftir því sem nær dragi helginni verði meira húllum hæ.



Húsavík iðar af lífi á Mærudögum, sem fléttað er saman við sænska daga, og þá er fjölbreytt dagskrá fyrir unga sem aldna. NORDICPHOTOS/GETTY

„Á hátíðinni verður lifandi handverkssýning þar sem bæði verður hægt að skoða tilbúna muni og muni í mótun. Þá mun Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður halda fyrirlestur um hönnun sína og Johan Tiederman fyrirlestur um norræna samvinnu svo dæmi séu tekin," segir Huld. „Við stefnum svo að því að vera með sænskar kvikmyndasýningar og bjóðum að venju upp á landnámssiglingar í Náttfaravík. Þá bjóðum við upp á heilmikla tónlist og ætlar Aðalsteinn Ásberg að vera með sænskt vísnakvöld auk þess sem Garðar Cortes sækir okkur heim." *- ve*

# la Vita è Bella

RISTORANTE

## Njóttu lífsins í hjarta Akureyrar








Hafnarstræti 92 - www.bautinn.is - s:462-1818

# Þétt dagskrá á Þjóðlagahátíð á Siglufirði



Tómas R. Einarsson heldur tónleika og fyrirlestur á hátíðinni.

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði verður haldin í tíunda sinn frá 1. til 5. júlí. Það er Félag um Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar sem stendur fyrir hátíðinni að venju.

Dagskráin er mjög þétt en í boði verður fjöldi tónleika auk áhugaverðra námskeiða og fyrirlestra.

Hátíðin hefst miðvikudaginn 1. júlí með tónleikum í Siglufjarðarkirkju þar sem hljómsveitin Mógil leikur íslensk þjóðlög. Seinna um kvöldið verða tónleikar Tómasar R. Einarssonar og félaga í Bátahúsinu.

Fjöldi annarra tónleika verður næstu daga í Siglufjarðarkirkju, Bátahúsinu og í Allanum en meðal þeirra sem koma fram eru hljómsveitin Rósin okkar, Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari, hljómsveitin Melchior, Tríó Andrésar Þórs Gunnlaugssonar og Ljótu hálfvitarnir.

Auk þessa heldur Sinfóníuhljómsveit unga fólksins lokatónleika hátíðarinnar í Siglufjarðarkirkju klukkan 14 sunnudaginn 5. júlí. Þau flytja verk eftir Hector Berlioz, Carl Reinecke og Franz Schubert.

Haldin verða námskeið fyrir fullorðna sem standa yfir 2. og 3. júlí, ýmist hálfan eða allan daginn. Bára Grímsdóttir heldur námskeið um rímnakveðskap, Svavar Knútur Kristinsson heldur trúbadoranámskeið og Veska Andrea Jónsdóttir kennir búlgarska dansa. Auk þess má nefna námskeið í keðju- og skartgripagerð, námskeið um barnagælur og þulur, flókagerð, íslenska glímu, blómstursaum og skorning.

Börnin eru ekki útundan og geta einnig sótt skemmtileg námskeið á borð við víkinganámskeið og stompnámskeið.

Auk alls þessa getur fólk sótt fyrirlestra um fjölbreytt efni. Til að mynda um kúbanskan tónlistararf, sögu trúbadorsins og búlgarska dansa.

Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á http://setur.fjallabyggd.is/.



Hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir spila fyrir gesti Þjóðlagahátíðarinnar.



Saltvík hestamiðstöð býður upp á reiðþjálfun og alls konar hestaferðir. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Einstakar ferðir frá Saltvík

**Saltvík hestamiðstöð býður upp á lengri og styttri hestaferðir, reiðskóla og reiðþjálfun fyrir fatlaða. Sumarið er vel bókað og fjöldi erlendra ferðamanna hefur aukist.**

Saltvík hestamiðstöð býður upp á styttri og lengri hestaferðir en á hverju sumri hefur hestamiðstöðin yfir að ráða 120 til 160 hesta stóði. „Við erum bæði með styttri og lengri hestaferðir frá Saltvík. Um er að ræða tveggja tíma ferðir og dagsferðir og svo lengri túra sem vara í fimm til níu daga," segir Bjarni Páll Vilhjálmsson, einn af eigendum Saltvíkur hestamiðstöðvar, framkvæmdastjóri og fararstjóri.

„Í lengri ferðunum er til dæmis farið í fimm daga ferðir um Norðausturland, Mývatnssveit og Ásbyrgi. Kallast þessar ferðir Demantar norðursins og Mývatn, eða Northern Exposure eins og það útleggst á ensku. Sú ferð var fyrir nokkrum árum valin ein af tíu bestu hestaferðum í heimi og skrifuð grein í Sunday Times sem vakti mikla lukku," útskýrir Bjarni. „Síðan bjóðum við upp á níu daga túra suður á land og í sumar ætlum við í ferð sem við köllum Níu jökla sýn í samvinnu við Íshesta." Í henni er riðið frá Húsavík til Borgarfjarðar. „Þá förum við upp á Sprengisand, þvert á Hofsjökul, niður á Kjöl, þaðan norður fyrir Langjökul og Arnarvatnsheiði og niður í Borgarfjörð," segir hann. Ferðin er fyrir vana hestamenn enda tekur hún níu daga suður og aðra níu til baka. „Í hópunum eru yfirleitt um fimmtán til tuttugu manns og útvegum við nánast allt. Fólk þarf bara að klæða sig eftir tilefninu."

Saltvík hestamiðstöð rekur líka reiðskóla árið um kring. „Í honum eru krakkar frá Húsavík og nærsveitum en Saltvík er tveimur kílómetrum sunnan við Húsavík. Við höfum verið hér síðan 1992 og erum alltaf að auka við þjónustuna." Hann segist finna fyrir miklum kipp í eftirspurn, einkum í löngu ferðirnar. Þetta eru meira og minna allt útlendingar en þó hefur Íslendingum fjölgað mikið í lengri túrum. Oft koma sömu viðskiptavinirnir aftur og aftur, yfirleitt í lengstu ferðirnar. Sumir hestarnir fá jafnvel send jólakort frá aðdáendum sínum," segir Bjarni og hlær.

Einnig er boðið upp á reiðþjálfun fyrir fatlaða hjá Saltvík hestamiðstöð. „Við höfum rekið hana lengi. Konan mín, Elsa Skúladóttir, er þroskaþjálfi og höfum við þjálfað fatlaða í samstarfi við sjúkraþjálfara á Húsavík. Fólk í sumarbúðum fatlaðra í Eyjafirði kemur alltaf til okkar í heimsókn á sumrin." Boðið er upp á ódýra og þægilega gistingu í gamla íbúðarhúsinu í Saltvík og heita potta þar sem gott er að láta líða úr sér eftir útreiðartúra. „Annars er leigan opin alla daga í sumar fyrir fólk á ferðinni og því um að gera fyrir fjölskyldur og aðra á faraldsfæti að líta við og fara á hestbak," segir Bjarni. Nánar á www.saltvik.is. *-hs*

SIGLING

Þriggja daga sigling á skonnortunni Hauk

HÚSAVÍK - FLATEY - SIGLUFJÖRÐUR - GRÍMSEY

SAF ★★★ NÝSKÖPUNARVERÐLAUN 2007



Laus pláss eru í eftirfarandi brottfarir: 5. júní, 12. júní, 19. júní, 14. ágúst og 21. ágúst.

Nánari upplýsingar: www.nordursigling.is og í síma 464 7272

SKONNORTAN HAUKUR

Norður-Sigling

# Fimmtánda fjöruhlaðborðið

Hátíðin Bjartar nætur í Húnaþingi verður haldin í fimmtánda sinn 20. júlí. „Hátíðin snýst um að halda fjölbreyttum og sjaldgæfum mat að fólki," segir Gudrun Kloes, ein af húsfreyjunum á Vatnsnesi þar sem hátíðin verður haldin. „Húsfreyjur standa að hátíðinni, eru gestrisnar og bjóða upp á góðan heimagerðan mat."

Gudrun segir meðal annars boðið upp á landsþekkt fjöruhlaðborð með hráefni af svæðinu. „Fyrir löngu var byrjað að búa til matinn, því sumt fæst bara á ákveðnum árstímum eða verktími þess er langur. Undirbúningur stendur því mjög lengi." *-mmf*



Á hátíðinni Bjartar nætur í Húnaþingi er landsþekkt fjöruhlaðborð með hráefni sem ættað er af svæðinu.



Mótið er haldið á nyrsta átján holu golfvelli í heimi og hefur þá sérstöðu að kylfingar spila fram á rauða nótt.

# Spilað í sólarlaginu

Arctic Open-golfmótið verður haldið á Akureyri 25. til 27. júní en það hefur verið haldið frá 1986. Mótið er haldið á Jaðarsvelli, sem er nyrsti átján holu golfvöllur heims, og hefur þá sérstöðu að kylfingar spila fram á rauða nótt.

Síðan Arctic Open varð alþjóðlegt árið 1987 hafa fjölmargir erlendir kylfingar tekið þátt. Fyrstu kylfingar eru ræstir út klukkan 16 á fimmtudegi og er ræst út til miðnættis. Sömu sögu er að segja á föstudeginum en spilaðar eru átján holur báða keppnisdaga sem þýðir að kylfingarnir eru að slá fram undir morgun. Fyrri daginn er raðað í ráshópa af handahófi og tekið tillit til óska keppenda en síðari daginn er að mestu raðað eftir skori. Í kringum 180 keppendur taka að jafnaði þátt í mótinu. Aðalverðlaunin eru með forgjöf en síðan eru veitt verðlaun fyrir besta skor án forgjafar og fyrir besta árangur í kvenna- og öldungaflokki. *-ve*



Þjóðdansar og gönguferðir eru meðal þess sem er á dagskrá Fífilbrekkuhátíðarinnar á Hrauni í Öxnadal.

## Vígja trjáasafn á Fífilbrekkuhátíð

Fífilbrekkuhátíðin verður haldin á Hrauni í Öxnadal 13. júní og hefst hún klukkan 14.

Margt er um að vera á hátíðinni. Meðal annars verða sýndir þjóðdansar og farið í gönguferðir upp að Hraunsvatni og suður í Hraunin undir leiðsögn. Þá verður vígt trjáasafn í landi Hrauns en í því eiga að vera öll tré og runnar sem vaxa á Íslandi. Er það samvinnuverkefni Skógræktar ríkisins og Menningarfélagsins í Öxnadal.

Fleira verður um að vera á svæðinu í sumar. Sunnudaginn 30. ágúst verður haustvaka í minningarstofunni á Hrauni, þar sem meðal annars verða lesin nokkur ljóð Jónasar Hallgrímssonar. *- hhs*

## Harmonikkur í Húnaveri

Harmonikkuhátíðin í Húnaveri verður haldin í ellefta sinn helgina 19. til 21. júní. „Svæðið verður opnað síðdegis á föstudegi og um kvöldið er dansað undir harmonikkutónlist,“ segir Þórir Jóhannsson einn af skipuleggjendum hátíðarinnar. „Á laugardeginum hefst fjölbreytt dagskrá klukkan 14 og verða þar tónleikar, söngur, glens og gaman,“ segir hann en einnig verður boðið upp á kaffisölu og EG tónar á Akureyri halda harmonikkusýningu. „Um kvöldið er svo sameiginleg grillveisla og dansað frá klukkan tíu og fram á rauða nótt,“ segir Þórir og bendir á að hátíðin sé ætluð fjölskyldufólki og börnin skemmti sér ekki síður en þeir fullorðnu. Síðustu ár hafa um 500 til 600 manns mætt á hátíðina og hefur farið fjölgandi á hverju ári.



Þórir bendir harmonikkuunnendum einnig á nýja harmonikkuhátíð sem haldin verður á Laugarbakka í félagsheimilinu Ásbyrgi dagana 3. til 5. júlí en að þeirri hátíð standa harmonikkuunnendur í Húnavatnssýslu og Nikkólína í Dölum. *- sg*




# Unglist og karnival-stemning í Húnaþingi

Unglistahátíðin Eldur í Húnaþingi 2009 verður haldin dagana 22. til 26. júlí næstkomandi. Hátíðin hefur verið sett upp á hverju ári síðan árið 2003 en hátíðina skipuleggur ungt fólk úr Húnaþingi vestra. Breytilegt er frá ári til árs hverjir skipuleggja hátíðina og má því segja að hátíðin tilheyri ungu fólki á svæðinu hverju sinni.

Hátíðin stendur yfir frá miðvikudagskvöldi til sunnudags. Þó að atburðir á hátíðinni breytist ár frá ári þá hafa nokkrir þeirra unnið sér fastan sess, svo sem opnunarhátíð af einhverju tagi og Melló Músíka tónlistarhátíð, karnivalstemning í Skrúðgarðinum og í Borgarvirki.

Önnur atriði sem verið hafa á Unglist eru til að mynda kertafleyting á Miðfirði, bílabíó, grillveisla og vöfflusala og margt fleira. Þar sem hátíðin er aldrei eins verður hún meira spennandi en ella. Henni lýkur þó ávallt með dansleik. *- hs*





Hátíðin Eldur í Húnaþingi er aldrei eins þar sem sífellt koma ný ungmenni sem stýra henni. Þó eru alltaf nokkrir fastir liðir. MYND/ÚR EINKASAFNI.



**● ÍSLANDSMÓT Í EYJAFIRÐI** Íslandsmótið í hestaíþróttum fyrir fullorðna verður haldið í Eyjafirði dagana 16. til 18. júlí 2009. Hestamannafélagið Léttir á Akureyri sér um framkvæmd mótsins að þessu sinni og fer keppnin fram á Hlíðarholtsvelli á Akureyri. Á mótinu leiða saman hesta sína bestu knapar landsins og keppa í tveimur flokkum, opnum flokki og meistaraflokki. Á Íslandsmótinu er keppt í slaktaumatölti, tölti, fimmgangi, fjórgangi, 150 og 250 metra skeiði og 100 metra skeiði með fljúgandi starti auk gæðingaskeiðs.

Á mótið mæta þó ekki aðeins keppendur heldur flykkjast á mótið aðdáendur íslenska hestsins sem vilja bera augum bestu íslensku hesta á Íslandi og þótt víðar væri leitað.



# Rallí-cross menning innleidd á Akureyri

Bíladagar verða haldnir á Akureyri dagana 17. til 21. júní. Hátt í 200 farartæki verða til sýnis í Boganum að þessu sinni og dagskráin er stútfull af skemmtilegum viðburðum.

„Eitt af því sem við bjóðum upp á í ár er sérstök keppni í rallícross, sem er haldin í samstarfi við AÍH á nýja svæðinu okkar í landi Glerár,“ segir Anton Ólafsson, sýningastjóri Bíladaga á Akureyri og meðlimur í Bílaklúbbi Akureyrar. Hann bætir við að tilgangurinn sé að innleiða rallí-cross menninguna aftur í bæinn.



Anton býst við metaðsókn á Bíladaga sem haldnir verða 17. til 21. júní.

Rallí-cross keppnin er þó aðeins brot af því sem boðið verður upp á Bíladögum, sem hafa verið haldnir á Akureyri samfleytt síðan 1974 eða í 35 ár. Af því sem ber hæst nefnir Anton til sögunnar „burnout“, „drift“ og götuspyrnu. „Þarna ættu því allir sannir bílaáhugamenn að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“

Hvað aðsókn varðar, segist hann búast við minnst fimm þúsund manns í ár. Metaðsókn hafi verið á hverju ári og gestirnir koma hvaðanæva að af landinu.

Nánar á www.ba.is. Sími sýningardeildar er enn opinn, en hann er 862-6450. *- rve*

Fjöldi faratækja verður til sýnis.





**Hvalasafnið á Húsavík**

**Áhugaverður staður fyrir alla fjölskylduna.**

Á 1.600 m2 getur að líta beinagrindur af 9 tegundum hvala auk margvíslegs fróðleiks um hvali og samskipti manna og hvala. Enginn áhugamaður um hvali ætti að láta safnið framhjá sér fara.

Opið alla daga:
kl. 09:00 – 19:00 í júní, júlí og ágúst;
kl. 10:00 – 17:00 í maí og september.

THE HÚSAVÍK WHALE Museum HVALASAFNIÐ Á HÚSAVÍK

Hafnarstétt 1; 640 Húsavík; Sími 414 2800 www.whalemuseum.is



Flugsafnið á Akureyri er hið glæsilegasta. Þar verður sett upp sýning og þrír aldnir flugstjórar verða heiðraðir.

# Safngripirnir taka á

**Listflug, fallhlífarstökk og útsýnisflug verður meðal þess sem boðið verður upp á um flughelgina á Akureyri 20. og 21. júní.**

Í kringum Jónsmessuna er alltaf gaman að vera á Akureyri. Þá stendur Flugsafn Íslands jafnan fyrir flughelgi sem í ár ber upp á dagana 20. og 21. júní. „Þetta er í tíunda sinn sem við höldum flughelgina en það gerðum við í fyrsta sinn hinn 24. júní 2000, við formlega opnun Flugsafnsins,“ segir Svanbjörn Sigurðsson, aðalhvatamaður að stofnun safnsins og framkvæmdastjóri þess.

Þessa helgi verður heilmargt að sjá og gera, í lofti sem á jörðu niðri. Íslandsmót í listflugi fer fram fyrir hádegi fyrri daginn og í framhaldi af því verður hátíðin formlega sett í Flugsafninu. Eins og öll hin árin verður sérsýning opnuð í safninu og er nú stefnt að því að þrír merkir og aldnir flugstjórar verði heiðraðir.

Eftir hádegið munu svo margir af dýrmætum safngripum safnsins taka á loft. Þá verða sýningar af öllu mögulegu tagi í boði, svo sem listflug, fallhlífastökk, svifflug og módelflug.

Á sunnudag býðst fólki að fara í útsýnisflug, bæði með þyrlum og flugvélum. Báða dagana verður safnið sjálft opið en þar er meðal annars að finna gamlar farþega-



Alls kyns sýningar verða í boði, svo sem listflug, svifflug og módelflug. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Örvandi fyrir ímyndunaraflið

„Hugmyndasmiðjan er námskeið fyrir unglinga á öllum aldri eða frá tíu til hundrað ára,“ segir Arnhildur Pálmadóttir, arkitekt og einn af forkólfum Hugmyndasmiðjunnar á Húsavík.

„Okkur finnst, þegar þú býrð í litlum bæ eins og Húsavík, að oft séu skoðanir á hlutunum mótaðar fyrirfram og líka það hvernig allt á að vera. Umræðan stýrist oft af því en við viljum opna huga fólks og fá það til að velta fyrir sér möguleikunum í bænum. Þá skoðum við hvernig hlutirnir voru hér áður og fáum nemendur til að velta fyrir sér hvernig þeir gætu orðið og fáum þá til að búa til einhvers konar framtíðarsýn fyrir bæinn,“ útskýrir Arnhildur. Hún hefur ásamt Sigríði Hauksdóttur, kennara og félagsmálafræðingi, og Sunnu Guðmundsdóttur, myndlistarkonu og veitingastjóra, undirbúið námskeiðið sem haldið verður frá 6. til 17. júlí næstkomandi.

„Við viljum opna augu fólks fyrir umhverfinu svo það sjái tækifæri í hlutum sem þeim finnst kannski hversdagslegir og uppgötvi bæinn, umhverfið og íbúa á annan hátt en áður,“ segir Arnhildur. „Kirkjan er áberandi í bænum og við veltum því til dæmis fyrir okkur hvernig hún væri pökkuð í plast. Þannig viljum við opna huga unglinga og annarra og fá þá til að skapa eigin ævintýri og fá hugmyndir.“

Í verkefninu er ætlunin að nota efni sem annars yrði hent, sjá þannig gæðin í þeim og stuðla að endurnýtingu. Námskeiðinu lýkur með verki eða verkum sem sýnd verða á Mærudögum. Auk þess verður sýning á skissum og teikningum sem urðu til á hugmyndaferlinu. *- hs*



Allt getur gerst á Húsavík þegar Hugmyndasmiðjan hefur göngu sína. MYND/HUGMYNDASMIÐJAN



MYND/PÉTUR P. JOHNSON

# loft

flugvélar, flugmódel, flugvélahreyfla og mikið safn ljósmynda.

Sú nýjung er á dagskrá í ár að keppt verður í spyrnu kappakstursbíls og flugvélar á Akureyrarflugvelli. Svanbjörn segir ekkert víst að kappakstursbíllinn sigri í þeirri keppni, þó það kunni að virðast augljóst í fyrstu. „Þetta fer þannig fram að flugvél tekur stefnu á brautina í lágflugi. Bíllinn fer svo af stað á vissum punkti, um leið og flugvélin kemur yfir. Svo snýst keppnin um það hvort nær forystunni.“

Svanbjörn segir áhugann á flughelginni aukast með hverju ári. „Þetta hefur fallið mjög vel í kramið hjá Akureyringum og öðrum. Hingað koma mörg þúsund manns til að fylgjast með og sífellt fleiri erlendir flugmenn taka þátt. Nú eigum við von á heimsmeistarunum í listflugi og mörgum merkum listflugmönnum og flugmódelmönnum.“ -hss







# Hreinar gersemar frá náttúrunnar hendi

Á Norðurlandi eru mörg jarðhitasvæði og eru sum þeirra hreinar gersemar frá náttúrunnar hendi. Þar má nefna Kverkfjallasvæðið, Námafjall og Þeistareyki.

Á Norðurlandi má einnig víða finna böð og heilsulindir. Þekktastar þeirra eru Grjótagjá í Mývatnssveit, Laugarfell á Sprengisandi, Grettislaug á Reykjaströnd í Skagafirði og Hveravellir við Kjalveg.

Gígurinn Víti við norðurbarm Öskjuvatns er einnig þekktur baðstaður enda vatnið allheitt.

Jarðböðin í Mývatnssveit eru sérstök perla. Árið 2004 var opnuð glæsileg baðaðstaða í Jarðbaðshólum þar sem er baðlón með 38 til 40 gráðu heitu vatni. Vatnið inniheldur ýmis jarðefni, er basískt og hentar vel til böðunar. Vegna efnainnihaldsins þrífast óæskilegar bakteríur og gróður ekki í lóninu.

Yfir sumartímann er opið í jarðböðunum frá níu á morgnana til miðnættis en nánar má fræðast um böðin á vefsíðunni www.jardbodin.is. *-sg*



**Einstakt er að baða sig í jarðböðunum í Mývatnssveit.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Mótettukór Hallgrímskirkju flytur meðal annars verk eftir Akureyringinn Jón Hlöðver Áskelsson á tónleikunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Lokatónleikar AIM festival

Lokatónleikar AIM festival verða haldnir í Akureyrarkirkju í kvöld og hefjast þeir klukkan 20.30. Mótettukór Hallgrímskirkju hefur tónleikaferð sína um landið með tónleikunum og flytur meðal annars nýtt verk eftir Akureyringinn Jón Hlöðver Áskelsson. Verkið heitir Hallgrímur lýkur Passíusálmunum og er endurgerð samnefnds verks sem Jón Hlöðver samdi árið 1997.

„Mesta tilhlökkun mín er að tónleikarnir verða lokatónleikar AIM festival 2009, þar sem verk mitt hljómar í fyrsta skipti í mínum heimabæ," útskýrir Jón Hlöðver. „Það er mjög ánægjulegt að fá sitt eigið verk flutt af svona góðum kór og í þessu umhverfi innan um fín önnur tónverk."

Veigamesta verk tónleikanna er Messa fyrir tvo kóra án undirleiks eftir Svisslendinginn Frank Martin. Auk þessara tveggja verka verða flutt tónverk af geisladiskinum Ljósið þitt lýsi mér sem kórinn gaf út nýverið og inniheldur sautján íslensk tónverk.

Ókeypis verður inn á tónleikana til heiðurs Dalai Lama. *- mmf*



**Á Jónsmessu munu hestamenn ríða frá Melum fram að Tungurétt þar sem kveikt verður bál.**

# Fjöldasöngur við bálköstinn

Félagið Ferðatröll, Hestamannafélagið Hringur, Kvenfélagið Tilraun og Ferðafélag Svarfdæla ætla að leiða saman hesta sína og halda í sameiningu upp á Jónsmessuna, föstudaginn 23. júní. Dagskráin hefst klukkan hálf níu að kveldi þegar hestamenn fylkja liði í Hringsholti. Þaðan verður riðið fram að Tungurétt.

Á sama tíma hefst ganga í umsjón Ferðafélags Svarfdæla. Gangan hefst að Melum, farið verður um slóðir fyrstu galdrabrennu á Íslandi og endað í Tungurétt þar sem kveikt verður í bálkesti klukkan 22.30.

Við bálið verður efnt til fjöldasöngs og kvenfélagskonur munu reiða fram pönnukökur og kaffi. *- hhs*



# GARÐSLÁTTUR

Garðsláttur, þökulagnir, hellulagnir og öll almenn garðvinna frábær verð og mikil reynsla

**Hlynur s: 8633492**

## Atvinna

# Mælingamaður

Eykt ehf óskar eftir vönum mælingamanni til starfa við útsetningar og úttektir á mannvirkjum á vegum fyrirtækisins. Reynsla af vinnu við mælingar með alstöð er áskilin. Umsóknir sendist á heiddis@eykt.is

**Upplýsingar veitir Heiðdís Búadóttir í síma 595-4415.**

## Tilkynningar

# Tilkynning til lánardrottna Sparisjóðs Mýrarsýslu

Þann 27. apríl 2009 var Sparisjóði Mýrarsýslu, kt. 610269-5409, Digranesgötu 2 í Borgarnesi, veitt heimild til greiðslustöðvunar er gilti til 18. maí 2009. Með vísan til 17. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og 98. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki tilkynnist lánardrottnum hér með að framangreind heimild sparisjóðsins til greiðslustöðvunar hefur verið framlengd með úrskurði Héraðsdóms Vesturlands, uppkveðnum þann 22. maí sl. Gildir heimildin til fimmtudagsins 30. júní n.k., kl. 10:00, er málið verður tekið fyrir að nýju í Héraðsdómi Vesturlands, Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Borgarnesi, 31. maí 2009
Sigurður R. Arnalds hrl.

## Suðvesturlínur / Frummatsskýrsla

Frummatsskýrsla fyrir Suðvesturlínur vegna mats á umhverfisáhrifum var lögð inn til málsmeðferðar hjá Skipulagsstofnun 20. maí síðastliðinn og á næstunni efnir Landsnet til kynningar á niðurstöðum hennar á opnu húsi.

Opin hús verða á eftirfarandi stöðum:

**- Haukahúsinu á Ásvöllum í Hafnarfirði**
föstudaginn 5. júní, milli kl. 16 og 19,

**- Kríunesi við Elliðavatn**
sunnudaginn 7. júní, milli kl. 14 og 17,

**- Virkjun á flugvallarsvæðinu í Reykjanesbæ,**
mánudaginn 8. júní, milli kl. 16 og 19.

Gögn vegna breytinga á aðalskipulagi sveitarfélaga sem verkefnið nær til munu einnig liggja frammi til kynningar á þessum fundum.

Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Landsnets, www.landsnet.is, á vef EFLU verkfræðistofu, www.efla.is, og á heimasíðu verkefnisins, www.sudvesturlinur.is.

LANDSNET

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Fyrir veiðimenn




### Ýmislegt

Óska eftir notuðu golfsetti fyrir 8 ára strák. Uppl. í síma 661 5002.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**4ra herb. íbúð á svæði 109**

**4ra herb. 100 fm íbúð til leigu á svæði 109 Rvk. Íbúðin er á 1. hæð í fjölbýli í mjög barnvænu og góðu hverfi. Uppþvottavél, ísskápur og frystikista fylgir. Leiguverð á mánuði er 120.000 með öllu. Einungis reglusamir og skilvísir leigjendur koma til greina.**

**Áhugasamir hafi samband í s. 770 3797.**

LMH.IS Leigumiðlun Hafnarfjarðar 517-0150

Íbúðir og atvinnuhúsnæði til leigu í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni. www.lmh.is sími 517-0150

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**

**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**

**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Falleg sérhæð í gamla bænum Hfj. Laus strax. Helst langtímaleiga. S. 868 8407

Snyrtileg og vel skipulögð 2 herb íbúð í hverfi 104. Uppl. í síma 862 6679 & 824 3040.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2ja herb. íbúð í 101. Leigist með íssk. og þvottav. Uppl. í s. 892 5844

Til leigu 45 ferm.stúdíóíbúð á Grettisgötu. Laus nú þegar. Uppl. í síma 899 1089 og 895 6126

**Miðbær, miðbær**
Til leigu stórt og rúmgott herb. á frábærum stað í bænum. Sam. eldhús og WC, afnot af þvottav. Aðeins reglus. einst. kemur til greina. S. 846 0408 & 863 3328.

2 Professional Fassi-sport magaþjálfunar tæki til sölu. Kosta ný 400þ. stk. Fást saman á 100þ. Uppl. í s. 695 1918.

3 herb. 83m2 íb. í þríbýli staðsett í hjarta Hafnarfjarðar til leigu frá og með 15.júní á 105 þús. með hita og hússjóð. Uppl. veittar í s:8971923.

Til leigu herb. á sv. 105 með sameig. eldh. & baðh. Uppl. í s. 895 1441.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Stórt og bjart. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 695 1918.

87fm íbúð til leigu í Kóp. Austurbæ. Leiga 110þús m. rafm. og hita. Uppl. í s. 894 6086

2 herbergja íbúð í 104 til leigu, með hita, rafm, húsgögnum og hússjóð. email johannessnaevarr@gmail.com

### Húsnæði óskast

Ungt,reyklaust og reglusamt par með 1 barn óskar eftir 3ja herb. íbúð á höfuðborgarsv. Meðmæli ef óskað. S:8670109

Einstaklings íbúð í miðb. óskast fyrir fornleifafræðing í nokkra mánuði, hels með húsg. s.8638099, ljosleidir@hive.is

Fimm manna fjölskylda óskar eftir að leigja einbýlis- eða raðhús á höfuðborgarsvæðinu. Góð umgengni, reglusemi og skilvísar greiðslur. Mánaðarleiga allt að 180 þús. kr. Upplýsingar í síma 825 6752.

3 herbergja íbúð óskast 80-90 fm. Sími 867-6201.

Par óskar eftir íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Greiðslugeta ca 70 þús. S. 861-6728 eða holografix@gmail.com

68fm 2ja herb. íbúð í kjallara í einbýli við Hvannhóma, Kóp. Sérinng, laus, reglusemi áskilin. V.85þ. S. 895 1281.

### Sumarbústaðir

SUMARBÚST. Á BESTA STAÐ Í HÚSAFELLI TIL LEIGU Í SUMAR. S. 895 6156. GEYM. AUGL.

2 sumarhúsalóðir til sölu í Grímsnesi. Lækkað verð. S. 692 3430.

### Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

### Bílskúr

Bílskúr til leigu í Hvassaleiti. Allar fyrirspurnir sendist á karl@ecco.is

### Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

4 herb. íbúð til leigu í Árbæ. Möguleiki á bíl til afnota. Leigist í styttri tíma, viku og helgarleiga. Uppl. í s.893 3836.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

### Fasteignir

**Veitingahús á Hellu**

# TIL LEIGU

Fullbúið 211 m2 húsnæði. Einstakt tækifæri fyrir veitingamann eða samhenta fjölskyldu. Skammtímaleiga kemur til greina.

**Upplýsingar veitir Sigtryggur í síma 8972387**

**Ótrúlegt verð - Glæsileg íbúð**



Til sölu 3ja herb. íbúð 2 baðh. í Orlando, Florida. Lokað vaktað svæði. Frábær aðstaða, sundlaug, tennisvöllur, tækjasalur og fl. Verð $159.000 (var $272.000) Uppl. í sima.+321-206-5079 email: flapts@gmail.com

### Atvinna

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

# Kennara vantar!

**Kennara vantar næsta vetur:**
- **Stærðfræði og efnafræði – fullt starf.**
- **Danska - hlutastarf.**

**Áhugasamir sendi upplýsingar um starfsferil og menntun á netfangið ohj@hradbraut.is. Trúnaði er heitið og öllum verður svarað.**

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Skipuleggjum nýja dagskrá. Viltu starfa við útvarp? Dagskrárgerð og láta rödd þína heyrast? Ræða fréttir og þjóðmál? Eða sjá um markaðsmál og auglýsingasölu. Starfa sjálfstætt? Hlutastarf? Kynntu þér möguleikana og sendu umsókn á http://job.lydvarpid.is

**Domo Restaurant**
**óskar eftir áhugasömu og hressu starfsfólki í sal í sumar. Reynsla af þjónustustörfum æskileg. Upplýsingar gefur Magnús í s. 552 5588 eða maggi@domo.is**

**Vaktstjóri á Pizza Hut**
Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: Stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Allir stjórnendur Pizza Hut fá alþjóðlega stjórnendaþjálfun. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 25 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari upplýsingar veitir Þórey veitingastjóri í síma síma 822-3642

**Finnst þér gaman að daðra við karlmenn ?**
Rauða Torgið leitar samstarfs við djarfar símadömur vegna símaþjónustu sinnar „Dömurnar á Rauða Torginu“. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is.

Vantar starsfók í dagvinnu við þrif og aðstoð í eldhúsi á veitingastað í miðborginni. Staff needed for cleaning and assistand in kitchen. Upplýsingar á staðnum á milli 14-16 miðvikudag og fimmtudag. Information at the restaurant wed/thursd between 14-16. Basil and Lime Klapparstíg 38 101

Sölumenn óskast! Áhugasamir sendið inn símanr. og aðrar uppl. á netf. firmaskra@firmaskr.is

Ráðskona Óskum eftir duglegri manneskju til að sjá um heimili í Árnessýslu í sumar. Í starfinu felst að halda heimili hreinu og hugsa um börn 4, 8 og 12. Laun 190 þ. + frítt fæði og húsnæði Umsókn m. mynd skilist til Fréttablaðs fyrir 7. jún., merkt Barngóð

Fékk 60.000kr fyrir 3 vikur! Glæsilegur árangur. Vertu með í þess. Námskeið. www.MoreMoneyMakers.com s:6917186

**Hársnyrting**
Sveinn eða meistari óskast til starfa sem fyrst. Klipparinn í Laugum. Uppl. s. 899 5130.

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Eldri kona óskar eftir góðum einstakling eða hjónum með bíl til umráða til þess að aðstoða sig eftir samkomulagi. Íbúð fylgir gegn lágri leigu. Uppl. í s. 843 0061.

Óskum eftir vönum trésmiðum í gipsvinnu. Uppl. johann@adakris.is.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Fullkomin upptaka**
Ung kona hefur lagt inn hérumbil hina fullkomnu upptöku, þar sem hún lýsir því í næmum smáatriðum hvað hún mundi gera við sjálfa sig og þig ef þú værir núna hjá henni. Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8685, og á Sexychat.is (upptökur, silfuráskrift).

**Fertug kona**
Heit og hlý, spennt fyrir olíum og kertaljósi, leitar kynna við karlmann með ljúfa tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (visa/mastercard), augl.nr. 8283.

**Hugguleg kona**
á miðjum aldri, mikil kynvera, blíð og trygg, heiðarleg, fjárhagslega sjálfstæð, vill kynnast karlmanni með framtíðarsamband í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (visa/mastercard), augl.nr. 8199.

**Samkynhn. kk**
43 ára, vill kynnast karlmönnum 50 ára og eldri. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (visa/mastercard), augl.nr. 8880.

Óska eftir að kynnast konu á góðum aldri. S. 844 9615.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# Opið bréf til stúdenta við HÍ

**UMRÆÐAN**
Bergþóra Snæbjörnsdóttir skrifar um stúdentapólitík

Núverandi meirihluti hefur ætíð verið yfirlýsingaglaður og skáldlegur um stefnu Röskvu þegar kemur að gjaldskyldu í bílastæði við HÍ. Fyrst í aðdraganda kosninga þegar Vaka lýsti því yfir að Röskva vildi gjaldskyldu í öll bílastæði á háskólasvæðinu og nú í umræðunni sem hefur myndast um málið þar sem ýjað er að því að báðar fylkingar telji þetta eitt helsta hagsmunamál stúdenta. Því telur Röskva nauðsynlegt að koma skoðun sinni á framfæri í eitt skipti fyrir öll.


BERGÞÓRA SNÆBJÖRNSDÓTTIR

Í fyrsta lagi er yfirlýst stefna Röskvu sú að án bætts aðgengis gangandi og hjólandi nemenda að skólanum, auk bættra almenningssamgangna, sé gjaldskylda á háskólasvæðinu óásættanleg. Aftur á móti erum við ósammála Vöku um að það sé eitt stærsta hagsmunamál stúdenta að berjast gegn upptöku gjaldskyldu í 5% bílastæða við Háskólann. Minni mál mega vitanlega ekki gleymast en þau mega aldrei njóta forgangs á kostnað stærri mála á borð við gjaldfrjálsar samgöngur, jafnrétti og lánasjóðsmál.

Í öðru lagi viljum við að það komi skýrt fram að það eru starfsmenn skrifstofu Stúdentaráðs sem sjá um póstlista ráðsins. Sú ákvörðun að hafna beiðni stúdents um að senda út undirskriftarsöfnun fyrir þá sem eru hlynntir gjaldtöku í bílastæði, kom því aldrei inn á borð Stúdentaráðs sem slíks. Röskva viðurkennir þessa verkaskiptingu en er mótfallin ritskoðun og geðþóttaákvörðunum. Póstlistinn á að þjóna hagsmunum allra 13.500 nemenda HÍ.

Í þriðja lagi teljum við óeðlilegt að framkvæmdastjóri SHÍ skuli ganga jafnhart fram í pólitísku máli sem þessu. Æskilegra væri að formaður eða varaformaður Stúdentaráðs svaraði fyrir stefnu ráðsins í pólitískum hitamálum en faglega ráðinn starfsmaður. Þær rangfærslur sem framkvæmdastjóri ráðsins hefur verið uppvís að, sem og sá hroki sem skein í gegn í svari hans við bréfi stúdents við HÍ, varpa skugga á ráðið og rýra trúverðugleika þess. Það er með öllu óviðunandi að framkvæmdastjóri reyni að slá ryki í augu stúdenta með því að snúa þessu máli upp í að snúast um líkamlega hreysti nemenda en aðgengi fatlaðra mun ekki skerðast við upptöku gjaldskyldu í bílastæði. Enn verra er að hann leyfi sér að taka orð starfsmanns Háskólans úr samhengi eftir eigin geðþótta, máli sínu til stuðnings.

Það er nýlunda en um leið grafalvarlegt mál að ítrekað skuli nemendur við HÍ sjá sig knúna til að rita greinar um rangfærslur og lygar forsvarsmanna Stúdentaráðs á opinberum vettvangi.

Við vonum að starfsmenn skrifstofu ráðsins taki þessari gagnrýni með opnum hug og beini í framhaldinu sjónum að fleiri hagsmunamálum stúdenta en stöðumælum við hundrað bílastæði á háskólasvæðinu.

*Höfundur er oddviti Röskvu.*

# Athugasemd

**UMRÆÐAN**
Guðmundur Andri Thorsson gerir athugasemd við frétt í blaðinu

Fyrrverandi aðstoðarmaður Davíðs Þórs Jónssonar í Górillunni, Jakob Bjarnar Grétarsson, kallar Sigríði Árnadóttur „fyrrverandi aðstoðarmann Stefáns Jóns Hafstein hjá Rás 2“ í einhvers konar ritsmíð sem hann skrifar í formi fréttar í Fréttablaðið nú á þriðjudag um það áhyggjuefni sitt að fólk í nefnd sem Katrín Jakobsdóttir hefur skipað til að meta hvernig til hafi tekist um ohf-un RÚV skuli allt með einum eða öðrum hætti hafa þekkingu á málefnum stofnunarinnar.


GUÐMUNDUR ANDRI

Var Sigríður Árnadóttir einhvern tímann aðstoðarmaður Stefáns? Ekki man ég það. Hins vegar get ég tekið ómakið af Jakobi og upplýst lesendur um það að hún er lögfræðingur en var áður þjóðkunnur fréttamaður. Hún var um árabil einn af máttarstólpum fréttastofu Ríkisútvarpsins, þeirrar fréttastofu sem notið hefur meira trausts þjóðarinnar en aðrar, fyrr eða síðar. Hún var svo um hríð fréttastjóri hjá fréttastofu Stöðvar tvö.

Hafi löngun Jakobs Bjarnars verið sú að gera lítið úr Sigríði og störfum hennar má segja að honum hafi tekist prýðilega upp. Lítið er ungs manns gaman. Og minnkar með aldrinum.

*Höfundur er rithöfundur.*












*Ástkær sonur minn, bróðir og mágur,*

**Ásbjörn Ibsson**

Meðalholti 13, Reykjavík,

lést mánudaginn 1. júní.

**Sif Bjarnadóttir**
**Hilmir Þór Ibsson   Kristín Líf Karlsdóttir**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gunnsteins Lárussonar**

Látraströnd 20, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfóks heimahlynningar Krabbameinsfélags Íslands.

**Guðbjörg Ólafsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Lárus Gunnsteinsson** | **Dagmar Rósa Guðjónsdóttir** |
| **Ólafur Grétar Gunnsteinsson** | |
| **Kjartan Gunnsteinsson** | **Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir** |

**afabörn og langafabörn.**

---

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sæunn Jónsdóttir,**

Hrafnistu, Reykjavík, áður til heimilis á Hjallabraut 3, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu á hvítasunnudag, 31. maí sl. Útför hennar auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Ósk Kristinsdóttir** | **Guðmundur Brynjólfsson** |
| **Heiðar Kristinsson** | **Rakel Rut Ingvadóttir** |
| **Þórunn Kristinsdóttir** | **Guðmundur Pálsson** |
| **Auður B. Kristinsdóttir** | **Svavar Stefánsson** |
| **Guðrún Kristinsdóttir** | **Halldór Kristjánsson** |

**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurjón Ágúst Ingason**

Sóltúni 5, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík, föstudaginn 29. maí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 5. júní kl. 13.00.

**Soffía G. Jónsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Ingibjörg Sigurjónsdóttir** | **Baldvin Einarsson** |
| **Jón Ágúst Sigurjónsson** | **Guðrún Indriðadóttir** |
| **Geir Sigurður Sigurjónsson** | **Hólmfríður Jóna Bragadóttir** |
| **Soffía Björg Sigurjónsdóttir** | **Guðmundur Stefán Jónsson** |
| **Hlynur Þór Sigurjónsson** | **Björk Þráinsdóttir** |
| **Benedikt Sigurjónsson** | **Sigrún Vikar** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhann Friðrik Sigurbjörnsson**

fyrrum bóndi Atlastöðum, til heimilis að Laugabóli, Svarfaðardal,

lést á heimili sínu mánudaginn 25. maí sl. Útför hans fer fram frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 5. júní kl. 13.30.

**Lena Gunnlaugsdóttir**
**Dagmar Jóhannsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Gunnlaug Jóhannsdóttir** | **Birgir Kristbjörnsson** |
| **Kristjana Jóhannsdóttir** | **Rögnvaldur Örn Snorrason** |
| **Harpa Rún Jóhannsdóttir** | **Kristján Örn Ólafsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**ANGELINA JOLIE ER 34 ÁRA**

*„Þegar ég var lítil og hinar stúlkurnar vildu verða ballettdansmeyjar, langaði mig að vera vampíra."*

***Angelina Jolie Pitt er heimsþekkt leikkona sem hefur vakið mikla athygli fyrir ættleiðingar og hjónaband sitt og Brad Pitt.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 4. JÚNÍ 1959

## *Sjálfsbjörg stofnuð*

Þennan dag fyrir fimmtíu árum var Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, stofnað í Reykjavík. Fyrsta Sjálfsbjargarfélagið hafði þá verið stofnað á Siglufirði 9. júní árið áður og síðar sama ár voru stofnuð félög í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og í Árnessýslu. Þessi fimm félög ákváðu svo að stofna landssamband og var fyrsti formaður þess Emil Andersen.



**HJÓLASTÓLAR** Hjólastólamaraþon um Hvalfjörð.

Síðar á árinu 1959 voru stofnuð Sjálfsbjargarfélög á Bolungarvík og í Vestmannaeyjum. Árið 1960 var stofnað Sjálfsbjargarfélag á Húsavík, árið 1961 á Suðurnesjum og árið 1962 á Sauðárkróki. Þá voru félögin innan landssambandsins orðin tíu að tölu.

Jafnrétti, jafnræði, valfrelsi, jöfn tækifæri, samfélagsþátttaka og virkni fólks með fötlun eru leiðarljós í stefnu og baráttu Sjálfsbjargar.

---

**SÓLVEIG VALGERÐUR STEFÁNSDÓTTIR:** ÚTSKRIFAÐIST ÁSAMT DÆTRUM SÍNUM

# Lét langþráðan draum rætast

„Mér líður rosalega vel. Þarna rættist langþráður draumur," segir Sólveig Valgerður Stefánsdóttir, sem útskrifaðist nýverið af félagsfræðibraut við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Sólveig hefur ærna ástæðu til að gleðjast því auk þess að ljúka þessum langþráða áfanga útskrifast dætur hennar þrjár á sama tíma.

Hvernig hefur allt saman gengið? „Býsna vel. Laugardaginn 23. maí lauk dóttir mín, Soffía Kristín Jónsdóttir, stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands. Sú elsta, Jóna Björk Indriðadóttir, lauk prófi af hjúkrunarfræðibraut við Háskóla Íslands og útskrifast 20. júní. Sjálf útskrifaðist ég svo ásamt þriðju dóttur minni, Sólveigu Jóhönnu Jónsdóttur, frá Fjölbrautaskóla Suðurlands. Við fengum meira að segja báðar verðlaun fyrir góðan námsárangur," segir Sólveig og stoltið leynir sér ekki.

Hvað varð til þess að móðirin settist á skólabekk með dætrum sínum? „Mig hafði lengi langað til að klára stúdentinn, enda búin með einhverjar einingar hér og þar. Ýmislegt, þar á meðal fjölskyldulífið, varð þó til þess að ég frestaði því um öll þessi ár. En svo fékk ég loksins nóg af lífsins skóla. Þegar rétt skilyrði sköpuðust ætlaði ég að skrá mig í Háskóla Íslands en var þá bent á af gömlum vinkonum að betra væri að ljúka áður stúdentsprófi. Eftir það yrðu mér allir vegir færir. Þá fékk ég einingarnar metnar í FSU," útskýrir Sólveig.

Námið var einkar ánægjulegt að hennar sögn, ekki síst fyrir þá sök að Sólveig dóttir hennar stundaði samtímis nám á listnámsbraut við Fjölbrautaskólann. „Henni fannst það ekkert mál þar sem við erum hvort eð er svo góðar vinkonur og ég umgekkst vini hennar eins og mína eigin. Við sátum meira að segja saman í einu fagi og unnum í hóp og gerðum okkar hluta alveg hvor í sínu lagi," segir hún hlæjandi og viðurkennir að stundum hafi keppnisskapið gert vart við sig. „Við vorum þá helst að reyna að toppa hvor aðra í einkunnum. Annars var það nú meira gert í gríni."



**STOLTAR MÆÐGUR** Frá vinstri: Sólveig, Soffía, Sólveig og Jóna í sameiginlegri veislu í safnaðarheimili Langholtskirkju.

En hverju skyldi það sæta að mæðgurnar völdu sér svona ólík viðfangsefni? „Ég lét raunverulega meta mig í því sem ég kom best út í. Þess vegna valdi ég félagsfræðina. Sú elsta hefur alltaf verið harðákveðin í að fara í hjúkrunarfræði og leggja svo fyrir sig ljóðsmóðurina. Sólveig ætlaði að verða arkitekt en í ljósi þjóðfélagsaðstæðna ákvað hún að fara í lögfræði og Soffía tvíburasystir hennar ætlar í tölvunarfræði enda alltaf verið áhugasöm um tölvur."

Sjálf ætlar Sólveig að láta gamlan draum rætast og hefur því skráð sig í kennaranám við Háskóla Íslands. „Ég er búin að sækja um kennarann, tek ég hann í fjarnámi. Ég byrjaði snemma að hugsa um börn og hef alla tíð haft mikinn áhuga á þeim og þeirra líðan í því þjóðfélagi sem við búum nú í. Það er ákveðinn draumur að fá að vinna með því," segir hún ánægð, enda rétt eins og dæturnar þrjár að hefja nýjan kafla í sínu lífi.

**roald@frettabladid.is**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón B. Hannesson**

Kirkjuvegi 11, Keflavík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 29. maí. Jarðsett verður frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 9. júní kl. 13.00.

**Fanney Hjartardóttir**

| | |
|---|---|
| **Karl Taylor** | **Ása Skúladóttir** |
| **Eðvarð Taylor Jónsson** | |
| **Bjarnfríður Jónsdóttir** | **Pétur Vilbergsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Steinn Hlöðver Gunnarsson**

Andarhvarfi 11b, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 5. júní kl. 15.00.

**Björk Níelsdóttir**
**Bergþóra Skarphéðinsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Gunnar Hlöðver Steinsson** | **Sissel Espedal** |
| **Ragnar Níels Steinsson** | **Margrét Silja Þorkelsdóttir** |
| **Guðmundur Steinn Steinsson** | |

**og barnbörn.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Súsanna Kristín Stefánsdóttir**

Lækjasmára 6, Kópavogi,

lést í Sunnuhlíð Kópavogi mánudaginn 1. júní.

**Páll Ólason**

| | |
|---|---|
| **Þuríður Pálsdóttir** | **Knútur Kristinsson** |
| **Súsanna Kristín Knútsdóttir** | **Auðunn Jónsson** |
| **Hólmfríður Knútsdóttir** | **Ingólfur Finnbogason** |
| **Páll Óli Knútsson** | |

**Knútur Þór og Agnes Lind Auðunsbörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Erling Kristjánsson**

járnsmiður, Markarvegi 17,

lést föstudaginn 15. maí á LSH. Jarðarförin hefur farið fram. Þökkum auðsýnda samúð og vináttu.

**Lilja Árnadóttir**

| | |
|---|---|
| **Hlíf Erlingsdóttir** | **Tómas Rasmus** |
| **Sigríður Erlingsdóttir** | **Magnús Þ. Jónsson** |
| **Guðrún Anna Erlingsdóttir** | **Hákon E. Guðmundsson** |

**og barnabörn.**




# BOBBI BROWN HEFUR OPNAÐ Í HAGKAUP Í SMÁRALIND

Vertu velkomin og kynntu þér allar helstu nýjungarnar fyrir sumarið.
Glæsilegir kaupaukar, snyrtibuddur og snyrtivörur ef keyptar eru vörur
frá Bobbi Brown fyrir 5.000 eða meira.

*meðan birgðir endast.

BOBBI BROWN

HAGKAUP
Ein ferð betra verð







Auglýsingasími 512 50 50
Mest lesið

# Hvaða fræga illmenni ert þú?



NOKKUR ORÐ
**Kolbrún Björt Sigfúsdóttir**

Hvaða litur af Converse-strigaskóm ert þú? Hvað segja augu þín um þig? Hvaða Tim Burton-mynd ertu? Hvers lags óþokki, tegund af tík? Hversu kynþokkafullt er nafn þitt? Hversu upptekinn ertu af því að finna eitthvað sem skilgreinir þig svo þú getir deilt því með netsamfélaginu, troðið á þig merkimiðum í öllum regnbogans litum?

Í heimildarmyndinni Century of the Self er talað um hvernig hugmyndir Freuds, um það að maðurinn stjórnaðist af hvötum, hafa verið notaðar til að selja okkur hitt og þetta. Svo lengi sem draslið sem við kaupum hjálpar okkur að aðgreina okkur frá fjöldanum þá erum við glöð. „Já, þú ert svona pepsi max-manneskja, ég er meira svona appelsín-manneskja sko.“ Sjálfs-skapandi neysla er orðin okkur svo eðlislæg að við erum hætt að fá nokkuð út úr henni að ráði. Kannski er það þess vegna sem hálf þjóðin virðist keppast við að negla niður sjálfið í hverju Facebook-persónuleikaprófinu á fætur öðru. Birtir svo bara þær niðurstöður sem eru þeim þóknanlegar, það er, skilgreinir hana rétt.



Veldu tólf vini til að senda prófið á / Fela niðurstöður? Það einfaldlega samræmist ekki sjálfsmynd minni að ég, af öllum illmennum, sé Alex úr A Clockwork Orange. Ég er hins vegar Sylvia Plath (þó ég hafi aldrei stungið höfðinu í ofninn). Ég myndi aldrei gera nokkuð jafn hrottalegt og Alex, prófið hlýtur að hafa rangt fyrir sér. Fela niðurstöður.

Ég er hrædd um að ýmsir ráðamenn landsins og jafnvel listamenn vilji helst geta smellt á hnappinn: Fela niðurstöður.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Blómstrandi sumar
© Inter IKEA Systems B.V. 2009
MARGARÍTA
sumarblóm 795,-
SOLIG blómastangir
650,-/2 í pk.
L70cm. Dökkblátt
Fæst einnig í hvítu
SALVIA garðkanna
1.490,- 5L. H33cm. Ryðfrítt stál
LÓBELÍA sumarblóm 495,-
1.390,-/20 stk.
STJÚPUR sumarblóm, blandaðir litir
Fæst einnig í stykkjatali 75,-/stk.
795,-
MARGARITA sumarblóm
MYNTA hangandi
blómapottur 1.990,-
Innanmál Ø21, H15,5cm. Svart
Fæst einnig í hvítu og grænu
MYNTA blómapottur
2.490,- Innanmál Ø32,
H30cm. Ýmsir litir
HUSÖN blómapottur 3.990,-
Innanmál Ø44, H41cm.
Ryðfrítt stál
Fæst einnig í svörtu
MYNTA blómapottur
7.490,- Innanmál Ø30, H67cm.
Svart. Fæst einnig í hvítu
MYNTA blómapottar 1.990,-/stk.
B27×L27, H22cm. Grænt eða hvítt
Fæst einnig í svörtu
595,-
NELLIKA sumarblóm
DALÍA sumarblóm 595,-
595,-/stk.
TÓBAKSHORN sumarblóm
DISKRET blómapottar 3.490,-/stk.
Innanmál Ø32, H28cm. Svart
Fæst einnig í ljósgráu
MYNTA undirskálar 995,-/stk.
B26×L26cm. Ýmsir litir
MYNTA blómapottar 4.990,-/stk.
Innanmál Ø52, H26cm. Hvítt eða svart
PROFIL blómpottur 3.990,-
Innanmál Ø40, H36cm. Hvítt
SOLIG garðpoki 195,-
Ø40, H40cm. Ýmsir litir
IKEA
Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
www.IKEA.is

! **kl. 20.00**
*Listakonurnar Guðrún Vera Hjartardóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir, Sara Björnsdóttir og nýjasti verðlaunahafi Guðmundusjóðsins, Margrét H. Blöndal, ræða verk sín og feril í kvöld. Sirra - Sigrún Sigurðardóttir, verkefnastjóri fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur, fer með listakonunum um sýninguna, ræðir verkin á sýningunni með sérstakri áherslu á verk fyrrnefndra listakvenna.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Finni hlýtur tónlistarverðlaun

Tilkynnt var um verðlaunahafa tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs í gær en þau hlýtur í ár finnski klarinettuleikarinn Kari Kriikku.

Kari nýtur mikillar alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir leik sinn og er kallaður „stjörnuspilari“ í fréttatilkynningu frá Norrænu ráðherranefndinni. Í umsögn dómnefndar segir: „Kari Kriikku er einstakur virtúós á hljóðfæri sitt klarinettuna. Leikur hans einkennist af leikni og sannri spilagleði. Hann er tónlistarmaður í bestu merkingu orðsins. Hann hefur í starfi sínu endurnýjað einleiksformið á tónleikum sem hefur leitt hann til samstarfs við mörg markverð tónskáld sem hann hefur síðan flutt verk eftir.“ Kari Kriikku hefur staðið fyrir margskonar útgáfu á tónlist í hljóðritunum, bæði sígildri tónlist og nýgildri. Hann tekur á móti verðlaununum í haust en þau eru 350 þúsund krónur sænskar.

Fyrir Íslands hönd voru tilnefndir tónlistarhópurinn Voces Thules og Víkingur Heiðar Ólafsson.

- pbb



Finnski klarinettuleikarinn Kari Kriikku. MYND/NORÐURLANDARÁÐ

## > Ekki missa af …

flutningi í Salnum í kvöld kl. 20 á óperunni Orfeifur og Evrídís eftir Gluck í íslenskri þýðingu Þorsteins Valdimarssonar. Flytjendur eru nemendur úr söngdeild Tónlistarskóla Kópavogs undir stjórn Önnu Júlíönu Sveinsdóttur. Krystyna Cortes leikur undir á slaghörpu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 4. júní 2009**

### Tónleikar

**20.30 Mótettukór Hallgrímskirkju** heldur tónleika í Akureyrarkirkju þar sem flutt verða íslensk verk, ásamt nýju verki eftir Jón Hlöðver Áskelsson og Messu fyrir tvo kóra eftir Frank Martin. Aðgangur ókeypis.

**20.30 Í félagsheimilinu Skjólbrekku** á Mývatni munu fimm kórar flytja eigin dagskrá á opnunartónleikum Kórastefnu sem fer fram á Mývatni, 4.-7. júní. Nánari upplýsingar á www.korastefna.is.

**21.00 Stefán Örn Gunnlaugsson** verður með tónleika á Kaffi Rosenberg við Klapparstíg þar sem á efnisskránni verða lög úr hans eigin smiðju ásamt nokkrum vel völdum ábreiðum.

**21.00 Trúbatrixur** verða með tónleika á Græna hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið er opnað kl. 20.

**22.00 Hljómsveitin Lights on the Highway** verður á Sódóma Reykjavík við Tryggvagötu. Haukur (Dikta) hitar upp.

**22.00 Megas og Senuþjófarnir** halda tónleika á Mælifelli við Aðalgötu á Sauðárkróki.

### Leiklist

**18.00 Leikhópurinn Lotta** sýnir Rauðhettu, nýtt íslenskt leikrit með söngvum þar sem blandast saman ævintýrin Rauðhetta, Grísirnir þrír og Hans og Gréta. Sýnigin fer fram í lystigarðinum Hellisgerði við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði.



### Opnanir

**18.00 Í Gallery Turpentine** við Skólavörðustíg 14 opna Sigtryggur Bjarni Baldvinsson og Tinna Gunnarsdóttir sýninguna „Af gróðri jarðar“. Opið þri.-fös. kl. 12-18 og lau. kl. 13-17.

### Fyrirlestrar

**16.00 Yangsi Rinpoche,** prófessor í búddískum fræðum, heldur fyrirlestur um tíbeskan búddisma og hugleiðslu í Norræna húsinu við Sturlugötu. Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### Sýningar

**Í Listasafni ASÍ** við Freyjugötu 41 hafa verið opnaðar sýningar á verkum Aðalheiðar Valgeirsdóttur og Karls Ómarssonar. Einnig hefur verður opnuð sýning á verkum Jóhannesar S. Kjarval sem eru í eigu safnsins. Opið alla daga nema mánudaga, kl. 13-17. Aðgangur ókeypis.

**Þórhildur Jónsdóttir frá Lambey** sýnir portrettmyndir í Gallerí Ormi í Sögusetrinu á Hvolsvelli. Sýningin er opin alla daga kl. 9-18.



**Inga Elín** hefur opnað sýningu í Listasal Mosfellsbæjar í Kjarna við Þverholt. Aðgangur ókeypis. Opið mán.-fös. 12-19 og lau. kl. 12-15.

**Í Listasafninu á Akureyri** við Kaupvangsstræti hefur verið opnuð yfirlitssýning á verkum Huldu Hákon. Opið alla daga kl. 12-17. Aðgangur ókeypis.

### Síðustu forvöð

**Hópur listamanna frá Noregi og Íslandi** hafa opnað sýninguna „Within Reach“ hjá Kling og Bang við Hverfisgötu 42. Sýningunni lýkur á laugardag. Opið fim.-lau. kl. 14-18.

**Sýningu Jessicu Langley og Ben Kinsley** í Skaftfelli, Miðstöð myndlistar við Austurveg á Seyðisfirði, lýkur á sunnudag. Opið mið.-fim. kl. 13-17 og föst.-sun. kl. 12-20.

### Klúbbakvöld

**21.00 Plötusnúðar Breakbeat.is** spila helstu drum & bass og jungle klassíkera síðustu 10-15 ára á Jacobsen við Austurstræti. Aðgangur ókeypis.

### Bjartir dagar

**Hátíðin Bjartir dagar** stendur yfir í Hafnarfirði 28. maí-7. júní. Dagskráin í heild og nánari upplýsingar á www. hafnarfjordur.is

**17.00 Sýningin „Af veggjum Hafnfirðinga“** verður opnuð í Góðtemplarahúsinu við Suðurgötu 7. Á sýningunni má sjá ýmis verk er áður prýddu veggi hafnfirskra heimila en eru nú í eigu Byggðasafns Hafnarfjarðar. Allir velkomnir.

**17.00 og 18.00 Heimildarmyndin „Saga hafnarinnar í 100 ár“** eftir Halldór Á. Sveinsson, verður frumsýnd í Bæjarbíói við strandgötu. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



**TÓNLIST** Kammerhópurinn adapter stendur fyrir tónlistarhátíðinni Frum um helgina á Kjarvalsstöðum.

MYND LISTASAFN REYKJAVÍKUR

# Frum-hátíð á Kjarvalsstöðum

Í júní ár hvert stendur Kammerhópurinn adapter fyrir hátíðahaldi í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og fjölda annarra listamanna. Hátíðin verður haldin um komandi helgi og hefst á Kjarvalsstöðum um næstu helgi.

Megináhersla hátíðarinnar er að kynna meistaraverk nútímatónbókmenntanna fyrir tónlistarunnendum, verk sem þegar hafa sett mark sitt á tónlistarsöguna en eru þó sjaldheyrð í tónleikahúsum Reykjavíkur. Auk þessa eru alla jafnan flutt tónverk eftir yngri kynslóð tónskálda, íslenskra sem og erlendra. Hátíðin er því kjörið tækifæri til að kynnast alþjóðlegum straumum og stefnum í nútímatónlist. Sýningar Listasafnsins skapa skemmtilega umgjörð fyrir tónlistina og gefa áheyrendum tækifæri á að upplifa nýja tónlist í víðara samhengi.

adapter hefur starfað frá árinu 2004. Hópurinn er sveigjanlegur að stærð og hann skipa alla jafnan íslenskir og þýskir hljóðfæraleikarar. adapter sérhæfir sig í flutningi samtímatónlistar og vinnur mjög náið með ungum tónskáldum og hefur nú frumflutt yfir 60 verk. Auk þess leggur adapter áherslu á að flytja og kynna svokallað „standard repertoire“ tuttugustu aldarinnar en það eru verk sem þegar eru talin til meistaraverka samtímatónbókmenntanna.

Hópurinn á víðar rætur. Í samstarfi við Klangnetz e.V. sem er félag ungra tónskálda í Berlín sér adapter um tónleikaröðina „Klangnetz“ þar í borg. adapter sér einnig um tónleikaröðina „Seitsemän“ í Helsinki sem fram fer á eyjunni Suomenlinna og eru fernir tónleikar haldnir þar yfir veturinn.

adapter hefur haldið tónleika í Þýskalandi, Sviss, Hollandi, Tyrklandi, Finnlandi og á Íslandi, sem og leikið á ýmsum hátíðum, en þar má nefna Crossing Border, Maerz Musik, Kottbuser Mukiskherbst, Global Interplay og Myrka músíkdaga. Samstarf við önnur listform hefur verið mikilvægur þáttur í starfi adapter en haldnir hafa verið tónleikar í samstarfi við myndlistarmenn, dansara og rithöfunda og ber dagskráin þess merki: á laugardag kl. 14 verður flutt dagskráin „Fjöllin leiða sjónum land í fjarska“ Fyrirlestur Dr. Hólmfríðar Garðarsdóttur um yrkisefni Federico García Lorca en tilefnið er tónleikar á sunnudag.

Á laugardagskvöld kl. 20 verða flutt Trompe l’oreille, einleiksverk og dúó fyrir flautu og slagverk eftir Henze, Sciarrino, Kondo og Ambrosini. Flytjendur eru Kristjana Helgadóttir flautuleikari og Matthias Engler slagverksleikari.

Á sunnudag kl. 20 er svo dagskráin „Hví varð ég til meðal spegla?“ eftir George Crumb við texta Federico García Lorca, Madrigals, Book I-IV og Federicos’s little songs for children. Flytjendur eru Kristjana Helgadóttir flauta, Gunnhildur Einarsdóttir harpa, Borgar Magnason kontrabassi, Matthias Engler slagverk og sópransöngkonurnar Þóra Einarsdóttir Hlín Pétursdóttir og Ragnheiður Árnadóttir. Upplestur: Guðrún Eva Mínervudóttir.

pbb@frettabladid.is




WWW.BIFROST.IS

VIÐSKIPTAFRÆÐI Á ENSKU

Fyrst á Bifröst

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 10. JÚLÍ

Bifröst er eini íslenski háskólinn sem býður upp á grunnnám í viðskiptafræði sem alfarið er kennt á ensku. Frábært nám fyrir þá sem stefna að því að starfa á alþjóðlegum vettvangi eða hjá fyrirtækjum með starfsemi á Íslandi og erlendis.

Kynntu þér námið betur á **bifrost.is.**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ENNEMM / SÍA / NM38046

# HVAÐ GERÐIST EIGINLEGA?

## HRUNIÐ: ÍSLAND Á BARMI GJALDÞROTS OG UPPLAUSNAR

**Fyrsta heildaryfirlitið yfir íslenska efnahagshrunið og eftirmál þess – allt frá því að óveðursský kreppunnar tóku að hrannast upp erlendis og þar til ríkisstjórnin fór frá völdum.**



GUÐNI TH. JÓHANNESSON SAGNFRÆÐINGUR HEFUR VIÐAÐ AÐ SÉR EINSTÖKUM OG ÁÐUR ÓBIRTUM HEIMILDUM OG SKYGGNIST Á BAK VIÐ TJÖLDIN:

„Þið ráðið ekki dagskránni í mínum húsum!“

DAVÍÐ ODDSSON VIÐ FULLTRÚA ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐSINS Á FUNDI Í SEÐLABANKANUM

„Við í Samfylkingunni munum ekki sætta okkur við það að [Davíð Oddsson] sitji við stjóra og útdeili skensi og skömmum. Þess vegna verður hann að fara.“

TÖLVUPÓSTUR INGIBJARGAR SÓLRÚNAR GÍSLADÓTTUR
TIL GEIRS H. HAARDE OG ÖSSURAR SKARPHÉÐINSSONAR

„Við munum grípa til frekari aðgerða gegn íslenskum stjórnvöldum eins og þörf krefur til þess að ná fjármunum til baka.“

GORDON BROWN, FORSÆTISRÁÐHERRA BRETLANDS




**KEMUR Í VERSLANIR Í DAG**

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is


EELS


VONBRIGÐI

**> Í SPILARANUM**

**Eels** – Hombre Lobo
**Elvis Costello** - Secret, Profane & Sugarcane
**Lindstrøm & Prins Thomas** - II
**Vonbrigði** – Tapír

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Myrtur vegna líftryggingar

Gítarsnillingurinn Jimi Hendrix var myrtur af umboðsmanni sínum. Þessu heldur James „Tappy“ Wright, fyrrverandi rótari Hendrix, fram í nýrri bók. Að sögn Wrights játaði umboðsmaðurinn, Michael Jeffrey, þetta fyrir honum árið 1971, ári eftir að Hendrix fannst látinn í hótelherbergi í London. Jeffrey lét Hendrix taka inn allt of mikið af svefnpillum í von um að græða á líftryggingu hans. Óttaðist hann að Hendrix ætlaði að fá sér nýjan umboðsmann og taldi því að hann væri honum meira virði undir grænni torfu. Talið er að Jeffrey hafi átt rétt á tveimur milljónum dollara að núvirði, eða hátt í 250 milljónir króna, við lát Hendrix. „Þú hlýtur að skilja það? Ég varð að gera þetta,“ mun Jeffrey hafa sagt við Wright. „Við fórum í herbergið hans, náðum í handfylli af pillum og neyddum þær í hann. Síðan helltum við í hann nokkrum flöskum af rauðvíni.“ Hendrix fannst látinn í Samarkand-hótelinu 18. september 1970 og var úrskurðað að hann hefði kafnað í eigin ælu. Umboðsmaðurinn Jeffrey lést í flugslysi árið 1973.


**JIMI HENDRIX** Rótari gítarsnillingsins segir að hann hafi verið myrtur.




**> Plata vikunnar**

Létt á bárunni - Sexí

★★★

„Mátulega hrátt heimapopp með skemmtilegum textum.“

TJ



**TÓNNINN GEFINN**
**Trausti Júlíusson**

## *Morr heiðrar andfætlinga*

Óháð plötuútgáfa blómstraði á Nýja-Sjálandi á níunda áratugnum. Plötufyrirtæki eins og Flying Nun, Xpressway, IMD og Corpus Hermeticum voru dugleg að gefa út plötur með listamönnum á borð við The Chills, Verlaines, The Clean, Jean-Paul Sartre Experience og Chris Knox. Þessi öfluga indísena hafði áhrif yfir til Evrópu og Bandaríkjanna þar sem Pavement, Sonic Youth og Yo La Tengo meðal annarra tóku nýsjálenska módelið sér til fyrirmyndar.

Ástæðan fyrir því að ég er að rifja þetta upp er að Morr-útgáfan þýska hefur nú gefið út tvöfaldan safndisk til heiðurs þessari gróskumiklu senu. Hann heitir Not Given Lightly – A Tribute To The Giant Golden Book Of New Zealands Alternative Music Scene og var að koma út. Á fyrri disknum gera listamenn sem eru á mála hjá Morr sínar útgáfur af lögum Nýsjálendinganna, en á þeim seinni eru ný lög með Morr-liðum. Auk þess fylgir texti um nokkur mikilvægustu nöfnin á nýsjálensku indísenunni með.


**SINDRI MÁR SIGFÚSSON** Sin Fang Bous á tvö lög á Not Given Lightly og Seabear eitt.

Á plötunni má heyra í gömlum Morr-stjörnum á borð við Lali Puna, Tarwater, B. Fleischmann, Electric President og Isan, en líka í nýja blóðinu í útgáfunni eins og Butcher The Bar, It's A Musical, Surf City (sem er einmitt frá Nýja-Sjálandi) og The Wooden Birds.

Eins og kunnugt er hefur Thomas Morr mikið dálæti á íslenskri tónlist. Á Not Given Lightly eru fimm lög með íslenskum flytjendum. Borkó tekur lagið Up In The Sky eftir Jean-Paul Sartre Experience, Sin Fang Bous tekur I Think I'd Thought I'd Nothing Else To Think About eftir The Chills og svo eru þarna ný lög með Benna Hemm Hemm, Seabear og Sin Fang Bous.




# Á faraldsfæti í allt sumar

**Fjöldi íslenskra tónlistarmanna verður á faraldsfæti í sumar. Á meðal viðkomustaða eru tvær af stærstu tónlistarhátíðum Evrópu, Hróarskelda og Glastonbury.**


**EMILIANA TORRINI** Emilíana Torrini spilar bæði á Glastonbury-hátíðinni og Rock Werchter í sumar.

Emilíana Torrini og Lay Low spila báðar á The Park-sviðinu á Glastonbury á Englandi 26. júní. Á meðal annarra flytjenda þennan dag á sama sviði verða Animal Collective og The Horrors. Emilíana, sem er að kynna plötu sína Me and Armini, spilar einnig á Rock Werchter í Belgíu 2. júlí, sem er ein stærsta tónlistarhátíð Evrópu eins og Glastonbury.

Glastonbury-hátíðin var fyrst haldin árið 1970, degi eftir að Jimi Hendrix dó. Dregur hún jafnan til sín fjölda þekktra flytjenda og í ár má þar nefna Neil Young, Blur og Nick Cave and the Bad Seeds.

Hróarskelduhátíðin í Danmörku hefur verið haldin hátíðleg síðan 1971 og í ár spila þar Coldplay, Oasis og Kanye West, svo fáein séu talin upp. Hjaltalín verður þar einnig og stígur hún á stokk á fyrsta kvöldinu, fimmtudaginn 2. júlí. Ekki er ljóst á hvaða sviði sveitin verður en margir bíða þessarar frumraun hennar á hátíðinni með mikilli eftirvæntingu. Hún hefur verið á stórri tónleikaferð um Evrópu síðan í vor, og henni lýkur ekki fyrr en í haust.

Áður en Hjaltalín mætir á svæðið spilar tónlistarkonan Kira Kira 30. júní á Pavilion-sviðinu í Hróarskeldu, því sama og Bloodgroup var á í fyrra. Um er að ræða stórt tjald fyrir um tíu þúsund áhorfendur þar sem ungir og upprennandi tónlistarmenn fá að spreyta sig í aðdraganda hátíðarinnar.

Múm spilar á tveimur smærri tónlistarhátíðum á Englandi í sumar, eða Loop Festival í Brighton 12. júlí og á Summer Sundae-hátíðinni í Leicester 14. ágúst. Einnig spilar hún á Feneyjatvíæringnum á Ítalíu 17. og 18. júní og heldur síðan nokkra tónleika til viðbótar þar í landi, meðal annars í Róm og Flórens.

Jóhann Jóhannsson verður duglegur við tónleikahald frá 25. júní til 14. júlí. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá spilar hann í Warhol-listasafninu í Pennsylvaníu, auk þess sem New York og Chicago verða á meðal viðkomustaða.

Hljómsveitin For A Minor Reflection hóf tónleikaferð sína um Evrópu í gær og stendur hún yfir til 19. júní. Flestir tónleikarnir verða í Þýskalandi, Hollandi og Bretlandi. Einnig verður Gus Gus á fullu í allt sumar, þar sem President Bongo verður mest áberandi sem plötusnúður. Flest giggin verða í Þýskalandi og Danmörku, meðal annars á Vega, sem íslenskir tónlistarmenn ættu að kannast við. Einnig spilar sveitin á Sonar-hátíðinni í Barcelona sem verður haldin 19. til 21. júní.

Á meðal fleiri hljómsveita á faraldsfæti í sumar eru rokkararnir í Gavin Portland sem fara í stórt tónleikaferðalag um Evrópu 28. ágúst til 11. september og dansboltarnir í Bloodgroup sem spila á tónlistarhátíð í Toronto 18. og 20. júní og á G!-hátíðinni í Færeyjum skömmu síðar. Einnig ætlar Steed Lord að spila bæði í Evrópu og Ástralíu á næstu mánuðum.

freyr@frettabladid.is

# Marglaga popplög og klisjur

Þriðja plata hljómsveitarinnar Ske, Love For You All, kemur út á morgun. Fimm ár eru liðin síðan síðasta plata, Feelings Are Great, leit dagsins ljós.

„Þetta er búið að vera langt ferli. Þegar menn eru orðnir svona gamlir og komnir með fjölskyldur er erfitt að ná saman,“ segir gítarleikarinn Frank Hall og bætir við að elstu lögin séu orðin fjögurra ára. „Svo er bara alls konar vesen. Við erum að reyna að gera þetta ódýrt í kreppunni og það er alltaf tímafrekara.“

Sú breyting hefur orðið á Ske að Höskuldur Ólafsson, fyrrverandi meðlimur Quarashi, er orðinn söngvari. Fetar hann þar í fótspor Ágústu Evu Erlendsdóttur og Ragnheiðar Gröndal og segir Frank að hljómsveitin hafi breyst töluvert við komu hans, enda taki hann virkan þátt í lagasmíðunum. „Við erum samir við okkur að öðru leyti. Við erum að leika okkur með alls konar popp- og rokkklisjur. Þetta eru marglaga popplög.“


**SKE** Hljómsveitin Ske hefur gefið út sína þriðju plötu sem nefnist Love For You All.

Þess má geta að fjórir trommarar koma við sögu á plötunni, eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu, eða þeir Paul Maguire, Orri Páll Dýrason úr Sigur Rós, Sigtryggur Baldursson og Kjartan Gunnarsson.

Útgáfuhóf verður haldið á laugardaginn milli 18 og 20 á kaffihúsinu Tíu dropum. Þar verður platan spiluð auk þess sem Ske-liðar leika órafmagnaða útgáfu af henni. - fb




BOSS KYNNING Í HAGKAUP
DAGANA 4. - 11. JÚNÍ

Veglegir kaupaukar í boði*

* Á meðan birgðir endast

NÝTT fyrir herra
BOSS IN MOTION WHITE

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

### > SLUMDOG-STJÖRNUR TIL LONDON

Rubinu Ali og Azharuddin Ismail, stjörnunum úr Slumdog Millionaire, hefur verið boðið til London af breska þinginu. Þau fá að hitta breska ráðamenn og fá að sjá alla söguFrægustu staðina í höfuðborg breska heimsveldisins en það eru bresk stjórnvöld sem borga reikninginn.



# bíó

bio@fretta-

# Nicholson tekur til í Óskars-hillunni

Jack Nicholson hefur ákveðið að taka við keflinu af gamanleikaranum Bill Murray í kvikmynd eftir James L. Brooks. Myndinni hefur enn ekki verið gefið nafn en er titluð sem Paul Rudd/Reese Witherspoon/Owen Wilson-myndin en hún ku vera rómantísk, væntanlega með smá gríni og glensi inni á milli. Murray hafði staðið í samningaviðræðum við framleiðendur myndarinnar í dágóðan tíma en þegar hann svaraði ekki skilaboðum og lét ekki ná í sig, gáfust þeir upp og fengu Nicholson til að hlaupa í skarðið.

Ef marka má kvikmyndabiblíuna Variety þá er þetta ekkert óalgengt þegar Murray er annars vegar því Sofia Coppola, leikstjóri Lost in Translation, vissi ekki hvort Murray hefði samþykkt að leika í myndinni fyrr en hann mætti til Japans.

En þá að Jack Nicholson. Hann er væntanlega farinn að taka til í Óskars-hillunni sinni, nú þegar samstarfið við Brooks hefur verið endurnýjað. Því þegar Nicholson hefur leikið í kvikmynd eftir leikstjórann þá hefur sú ráðstöfun nánast undantekningalaust skilað honum gullstyttunni frægu. Nicholson fór á kostum í Terms of Endearment og var engu síðri í As Good as it Gets, en þær kvikmyndir eru báðar eftir Brooks. Þótt hlutverkið sé lítið, spáir kvikmyndatímaritið Empire því að Nicholson verði meðal þeirra sem tilnefndir verða til Óskarsins fyrir bestan leik í aukahlutverki.



**ÖRUGGUR ÓSKAR** Jack Nicholson tekur við hlutverki sem Bill Murray hafnaði og leikur í rómantískri gamanmynd eftir James L. Brooks.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

### Managment

Rómantísk gamanmynd með Jennifer Aniston og Steve Zahn í aðalhlutverkum auk Woody Harrelson. Myndin segir frá sölukonunni Sue sem á stutt næturgaman með eiganda vegamótels. Hann er sannfærður um að hún sé ástin í lífi sínu, hún er ekki alveg sömu skoðunar.



### Terminator Salvation

Þvottekta hasarmynd með Christian Bale í hlutverki Johns Connor, byltingarleiðtogans, sem á að bjarga mannkyninu frá því að verða útrýmt af vélunum. Móðir Connors, Sarah Connor, undirbjó hann vel undir þetta stríð. Myndin er að sjálfsögðu sjálfstætt framhald Terminator-kvikmyndanna vinsælu og hefur hlotið afbragðs góða dóma.

### Gott silfur, gulli betra

Heimildarmynd eftir Þór Elís Pálsson þar sem skyggnst er á bak við tjöldin hjá „strákunum okkar" þegar þeir lögðu upp í magnaða ferð á Ólympíuleikana í Peking. Þar unnu þeir hug og hjörtu íslensku þjóðarinnar og ekki minnkaði þjóðarstoltið þegar íslenska landsliðið í handbolta kom heim með silfurpeningana góðu.

### Home

Heimildarmynd eftir Yann Arthus-Bertrand sem frumsýnd verður bæði í Laugarásbíói og á RÚV auk þess sem DVD-diskur myndarinnar kemur út þennan sama dag. Myndin fjallar um þau áhrif sem mannkynið hefur haft á loftslag jarðar og hvað er til ráða.

# PINEWOOD BRÝTUR BLAÐ

**Breska kvikmyndaverið Pinewood hyggst brjóta blað í sögunni með 200 milljóna punda framkvæmdum sínum í Buckinghamskíri. Pinewood hefur sótt um byggingarleyfi fyrir nýju kvikmyndaveri og breski kvikmyndaheimurinn heldur niðri í sér andanum.**

Hugmyndir forsvarsmanna Pinewood um nýtt kvikmyndaver þykja byltingarkenndar því innan veggja þess eiga kvikmyndaleikstjórar að geta komist í tæri við götumyndir frá París, New York og Feneyjum. Þá eiga þeir að geta fangað andrúmsloft hins sögulega franska hverfis í New Orleans og úthverfanna í Chicago, svo eitthvað sé nefnt. Einnig er gert ráð fyrir skólum, kirkju og íþróttavöllum í kvikmyndaverinu.

Samkvæmt teikningum er ráðgert að kvikmyndaverið hafi yfir að ráða 100 ekrum af landi. Forsvarsmenn Pinewood hafa þegar sótt um leyfi fyrir framkvæmdunum til sveitarstjórnar Buckinghamskíris og eru vongóðir um að þessi draumur geti orðið að veruleika. Þessar framkvæmdir verða þó ekki ókeypis. Talið er að kostnaðurinn nemi 200 milljónum punda eða rúmum fjórutíu milljörðum íslenskra króna.

Í yfirlýsingu frá Pinewood segir að hugsunin sé sú að bjóða kvikmyndagerðarmönnum upp á hagstæða lausn og að taka þátt í umhverfisvæðingu kvikmyndalistarinnar.

„Framleiðendur geta með þessu kvikmyndaveri minnkað kostnað til muna og komið í veg fyrir löng og dýr ferðalög í flugvélum sem hafa mengandi áhrif á umhverfið," segir í tilkynningu frá Pinewood. Ef marka má aðstæður í kvikmyndaheiminum um þessar mundir, þar sem alþjóðlega lausafjárkreppan hefur stungið sér rækilega niður, má reikna með að kvikmyndagerðarmenn taki þessum hugmyndum Pinewood fagnandi.

Pinewood-kvikmyndaverið er þekktast fyrir að vera heimili hinna Bond-kvikmyndanna og Carry On-bálksins. Nýlegar myndir sem hafa verið gerðar hjá kvikmyndaverinu má nefna síðustu Bond-mynd, Quantum of Solace, og Dark Knight, síðustu kvikmyndina um Leðurblökumanninn.

Þess má til gamans geta að Hollywood-stórmyndin Prince of Persia: Sand of Time var að stórum hluta tekin upp í Pinewood-kvikmyndaverinu í London en eins og flestir kvikmyndaáhugamenn ættu að vita leikur Gísli Örn Garðarsson stórt hlutverk í henni.

freyrgigja@frettabladid.is





**EINSTAKT**

Hugmyndir forsvarsmanna Pinewood þykja einstakar en kvikmyndagerðarmenn gætu haft aðgang að götumyndum frá **New York** og New Orleans ef þær ná fram að ganga. Kvikmyndir á borð við Dark Knight og **Quantum of Solace** hafa verið teknar upp í gamla kvikmyndaverinu í Buckinghamskíri.






# Total Recall endurgerð

Þær fréttir berast nú frá Hollywood að til standi að endurgera vísindatryllinn Total Recall sem Arnold Schwarzenegger lék í sællar minningar auk Sharon Stone.

Myndin naut mikilla vinsælda á sínum tíma enda var hún uppfull af tæknibrellum sem margar hverjar höfðu ekki sést áður á hvíta tjaldinu.

Hugmyndin hefur væntanlega kviknað eftir að menn sáu hversu vel gengur að búa til framhald af Tortímanda-myndunum sem Arnie ríkisstjóri lék einnig í.

Kvikmyndatímaritið Empire greindi frá því í gær að handritshöfundurinn Kurt Wimmer hefði verið ráðinn til að endurskrifa handritið en hann á meðal annars heiðurinn af handriti The Thomas Crown Affair sem einnig var endurgerð.

Total Recall var byggð á smásögu bandaríska rithöfundarins Philip K. Dick en sá er í hávegum hafður í Hollywood, sérstaklega þegar menn ætla að gera framtíðarmyndir. Kvikmyndin Blade Runner var byggð á skáldsögu eftir Dick, sem og Minority Report.



**AFTUR Á HVÍTA TJALDIÐ** Hugmyndir eru uppi í Hollywood að endurgera vísindatryllinn Total Recall sem Arnold Schwarzenegger lék í, sællar minningar.


Opið í veitingahúsinu fimmtudags- föstudags- og laugardagskvöld frá 18-22
& í hádegi alla virka daga

Nýr matseðill í veitingahúsi alla miðvikudaga

Veisluþjónusta:
brúðkaup, erfidrykkjur, afmæli, skírn, fermingar ofl.

Fjölskyldufyrirtæki í 15 ár

Gallerý fiskur

Opið í fiskbúðinni
mán - fös 10:00-18:30
lokað um helgar

www.galleryfiskur.is

Nethyl 2, 110 Reykjavík. S: 587-2882


WWW.BREIK.IS/SIMS
breik.is
The SIMS 3
Upplifið nýjasta Sims leikinn sem er mun stærri, opnari og fjölbreyttari en áður!
SENDU SMS EST SIMS
Á NÚMERIÐ 1900
- ÞÚ GÆTIR UNNÐ EINTAK!
Fullt af aukavinningum: Tölvuleikir, DVD myndir, gos og margt fleira!
KOMINN Í ELKO!
PC DVD
Mac
The SIMS 3
12+
Sony Ericsson
SMS LEIKUR
9. HVER VINNUR!
ELKO
VEFVERSLUN ELKO.is
199 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

> AÐ VERA EÐA EKKI VERA?

**Emile Hirsch** hefur tekið það að sér að leika í nýrri mynd um Hamlet. Catherine Hardwicke, leikstjóri Twilight, mun leikstýra. Harla ólíklegt þykir að hinn ungi hjartaknúsari fái að fara með hin fleygu orð: að vera eða ekki vera, þar sem flytja á söguna af hinum þjáða Danaprins til Bandaríkjanna og færa í nútímalegri búning.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Fjölþjóðleg súpa á menningarhátíð

„Menningarhátíðin er haldin í miðri Íslandskreppunni og því hefðbundinni grillveislu slaufað. Súpueldhús sett upp í staðinn,“ segir Friðrik Indriðason, kynningarfulltrúi menningarhátíðar Grand Rokks.

Sjöunda árið í röð blæs menningarknæpan til menningarhátíðar sem hefst í kvöld og umrætt súpueldhúsið er með alþjóðlegu sniði. „Byrjað verður á klassískri kjötsúpu nema uxahalar verða í stað lambakjöts, þá danskættuð baunasúpa, danske ærter, og svo er það bors – rauðrófusúpa.“

Friðrik á ekki í nokkrum erfiðleikum með að þylja upp nafntogaða Íslendinga sem koma að hátíðinni. „Andrea Gylfadóttir stjórnar stúlknakór Grand Rokks en hann kallast Sólsnípurnar, Birna Þórðardóttir fer fyrir menningargöngum og Bragi bóksali Kristjónsson stýrir bókauppboði.“ Að sögn Friðriks verða tónleikar meðan hátíðin varir og kemur hljómsveitin Gæðablóð, skipuð þeim Kormáki Bragasyni, Magnúsi Einarssyni, Tómasi Tómassyni og Hallgrími vélstjóra fram. Leikhópurinn Peðið, sem á varnarþing á Grand Rokki sýnir einþáttunginn Komið og farið eftir Samúel Beckett í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar.“ **- jbg**



**FRÁ SETNINGU MENNINGARHÁTÍÐAR GRAND ROKKS 2006** Ómar Stefánsson myndlistarmaður og Andrea Gylfadóttir, stjórnandi Sólsnípna, stúlknakórs Grand Rokks. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sluppu við þjófavarnarkerfið

Tökur á stuttmyndinni Imagination fóru fram í Hagaskóla um hvítasunnuhelgina og heppnuðust vel. „Við náðum að klára klukkutíma áður en þjófavarnarkerfið fór í gang í skólanum. Við vorum alveg á mörkunum en náðum að klára þetta sem betur fer,“ segir Steinar Jónsson, hinn ungi leikstjóri myndarinnar.

Tökur fóru fram bæði innan- og utandyra og hátt í fimmtíu manns, flestir á framhaldsskólaaldri, tóku þátt í lokaatriðinu sem var tekið upp fyrir utan skólann.

Imaginaton er átta mínútna dans- og söngvamynd sem er undir áhrifum frá hinum vinsælu myndum High School Musical. Með hlutverk aðalpersónunnar, Michaels Cabley, fer Júlí Heiðar Halldórsson en myndin var tekin upp á ensku með erlenda dreifingu í huga. „Við eigum eftir að fara yfir tökurnar en það sem ég hef séð finnst mér vera alveg fínt. Þetta er nokkurn veginn það sem við vorum að leita að,“ segir Steinar, sem er á listnámsbraut í Borgarholtsskóla ásamt Júlí og aðstoðarkonu sinni, Elínu Magneu Magnadóttur. „Næstu þrjár vikur fara í klippingu og hljóðsetningu og þá er myndin tilbúin. Það er merkilegt hvað það tekur langan tíma að gera átta mínútur,“ bætir hann við.



**MEÐ AÐALLEIKURUM** Steinar (lengst til vinstri) ásamt aðalleikaranum Júlí Heiðari og aðstoðarkonu sinni, Elínu Magneu Magnadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá semur Örlygur Smári, sem tók upp Allt fyrir ástina með Páli Óskari, tónlistina í myndinni og Haffi Haff sér um förðun. „Ætli hann hafi ekki bjargað förðunardeildinni,“ segir Steinar um Haffa. „Hann var alveg yndislegur.“ **- fb**

# PILSNER Í BOÐI RAUÐA KROSSINS

**Steinþór Steingrímsson og Ölvir Gíslason, höfundar spurningaspilsins Spurt að leikslokum sem kemur út á morgun, halda spurningakeppni í Rauða kross-húsinu í Borgartúni sama dag.**

Steinþór og Ölvir bjuggu spilið til eftir að þeir misstu vinnuna. Þeir höfðu áður haldið spurningakeppni fyrir barflugur Grand Rokks en hjá Rauða krossinum verður eingöngu pilsner og snakk í boði.

Að sögn Gunnhildar Sveinsdóttur verkefnastjóra á koma þeirra í Rauða kross-húsið vel við því þangað koma margir sem eru atvinnulausir. Engu síður er húsið opið öllum sem þurfa á stuðningi að halda og einhvers konar afþreyingu. „Við erum með alls konar námskeið og hópa í gangi. Síðan getur fólk fengið ráðgjöf frá sjálfboðaliðum um ýmis úrræði sem eru í boði.“ Nefnir hún sem dæmi ókeypis sálfræði-, fjármála- og lögfræðiráðgjöf.

Auk spurningakeppninnar á morgun ætlar Herbert Guðmundsson að skemmta í hálftíma og leika sín þekktustu lög. Dagskránni lýkur síðan klukkan 16 með hláturjóga í umsjón Ástu Valdimarsdóttur sem hefur verið vel sótt af báðum kynjum að undanförnu.

Ýmsar uppákomur og námskeið hafa verið haldin í Rauða kross-húsinu alla virka daga síðan 5. mars við góðar undirtektir. „Við reynum alltaf að hafa eitthvað skemmtilegt á föstudögum. Við höfum verið með félagsvist og bingó og það hefur lukkast mjög vel og síðasta föstudag var Sirrý hjá okkur,“ segir Gunnhildur. „Í síðustu viku komu hingað um fimmtíu manns á dag. Fólki finnst betra að koma í hús þar sem er eitthvað við að vera og það hefur verið töluverð aukning núna.“

**freyr@frettabladid.is**



**GUNNHILDUR SVEINSDÓTTIR** Gunnhildur býst við góðri mætingu í spurningakeppnina í Rauða kross-húsinu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**STEINÞÓR OG ÖLVIR** Spurningaspilið Spurt að leikslokum kemur út á morgun.


# LÚÐUVEISLA

LÚÐUSNEIÐAR 1.690 KR/KG (VERÐ ÁÐUR 2.190)

LÚÐUFLÖK 1.690 KR/KG (VERÐ ÁÐUR 2.190)

STÓR HUMAR 3.990 KR/KG (VERÐ ÁÐUR 6.990)

TILBOÐIÐ GILDIR FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755


# Leikstjórar framtíðarinnar

Kvikmyndahátíðin Stuttmyndadagar í Reykjavík fer fram í Kringlubíói í dag. Hátíðin hefst stundvíslega klukkan 17.30 í Kringlubíói og er aðgangur ókeypis.

Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin en alls verða nítján stuttmyndir sýndar á hátíðinni. Ásgrímur Sverrisson, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, segir að óvenjumikið magn af myndum hafi verið sent inn í ár. „Það voru tæpar níutíu myndir sem við höfðum úr að velja og allar nema ein eftir íslenska leikstjóra.“

Sigurverðlaunin fyrir bestu stuttmyndina eru glæsileg því auk peningagjafar fær sigurvegarinn styrk til að fara með mynd sína á kvikmyndahátíðina í Cannes og keppa þar í flokki stuttmynda. **- sm**



FRÉTTABLAÐIÐ/BLAH

**ÁSGRÍMUR SVERRISSON** Segir Stuttmyndadaga vera grasrótarhátíð fyrir unga kvikmyndagerðarmenn.

# Brangelina hætt saman



Samkvæmt tímaritinu The National Enquirer hefur ofurparið Brad Pitt og Angelina Jolie slitið samvistum. Heimildarmaður blaðsins segir að samband þeirra hafi staðið á brauðfótum síðustu vikur og því sé nú endanlega lokið.

Parið ætli sér samt sem áður að koma fram opinberlega enn um sinn en eftir tökur á nýjustu mynd sinni muni Angelina snúa ein heim til Frakklands með börnin. Brad mun aftur á móti dvelja áfram í Kaliforníu þar sem hann hefur verið síðustu daga.

Angelina og Brad hafa verið nánast stanslaust á forsíðum slúðurblaðanna eftir að samband þeirra komst í hámæli, skömmu eftir að tökum á kvikmyndinni Mr & Mrs. Smith lauk. Brad var þá unnusti leikkonunnar Jennifer Aniston.

**FRÉTTIR UM AÐ PITT OG JOLIE** hafi slitið sambandi sínu hafa nú heyrst hið vestra.

# Kompudót og kakó til sölu

Flóamarkaðurinn í Vesturbæ, sem haldinn var í fyrsta sinn í fyrrasumar við glimrandi undirtektir, verður endurtekinn nú á laugardag. „Í fyrra mættu um átta þúsund manns og fólk sem býr nálægt KR-vellinum segist aldrei hafa séð annan eins fjölda af bílum og fólki. Þeir eru margir sem hafa óskað eftir að markaðurinn verði haldinn aftur í sumar, þannig að ég geri ráð að fjöldi fólks mæti. Það gæti líka verið gott í kreppunni að græða svolítið á geymsludótinu,“ segir Guðný Þórarinsdóttir, annar skipuleggjenda flóamarkaðarins. Hún segir að í fyrra hafi fólk þurft frá að hverfa vegna plássleysis. „Það fylltist allt mjög fljótt hjá okkur. Flestir voru með kompudót og föt með sér til að selja, en einnig var hægt að fá ókeypis svæðanudd og tveir ungir strákar seldu gestum kakóbolla á 40 krónur.“



**FLÓAMARKAÐURINN Í VESTURBÆ** verður endurtekinn nú á laugardag og búast skipuleggjendur markaðarins við fjölmenni. MYND/GUÐNÝ ÞÓRARINSDÓTTIR

KR-dagurinn verður haldinn hátíðlega sama dag og því má búast við mikilli stemningu á svæðinu, einhver skemmtiatriði verða í boði, en einnig er fólki frjálst að koma og troða upp með tónlist eða önnur skemmtiatriði. „Vegna KR-dagsins verður veitingasala í salnum og flóamarkaðurinn þess vegna eingöngu úti. Veðurspáin fyrir helgina er alveg þokkaleg, en það er kannski vissara að kippa með sér glæru plasti til að henda yfir viðkvæmt dót ef það skyldi rigna,“ segir Guðný. Engin básaleiga er á staðnum, en þess í stað er hægt að leigja borð fyrirfram eða koma með sitt eigið. Markaðurinn hefst klukkan 12.00 og stendur til klukkan 17.00. **- sm**



**LJÓTU HÁLFVITARNIR** Önnur plata Ljótu hálfvitanna er komin út. MYND/HAFÞÓR HREIÐARSSON

# Meðlag og fyllibyttublús

**Önnur plata Ljótu hálfvitanna er komin út og er hún nefnd í höfuðið á sveitinni rétt eins og fyrsta platan. Meðal laga á nýju plötunni eru Lukkutröllið, sem hefur hljómað töluvert í útvarpi að undanförnu, Stjáni, Fyllibyttublús og Meðlag. Auk þess syngur Guðrún Gunnarsdóttir dúett með Guðmundi Svavarssyni í Paradísarmissi og þeir Hjörleifur Valsson fiðluleikari og Gunnar Ben óbóleikari takast á í einleikseinvígi í Áfram stelpur! Seinni útgáfutónleikarnir vegna plötunnar verða haldnir í Ýdölum í Aðaldal á föstudagskvöld. Í júní eru síðan fyrirhugaðir tónleikar í Keflavík, Ólafsvík og á Dalvík.**



**PAUL OG RINGO** Ringo ætlar hugsanlega að spila með Paul McCartney og Bob Dylan.

# Ringo verður kannski með

Ringo Starr mun hugsanlega taka þátt í fyrirhuguðu samstarfi Sir Pauls McCartney, fyrrverandi félaga hans úr Bítlunum, og Bobs Dylan. Talið er að þeir ætli að leiða saman hesta sína í hljóðveri í Los Angeles í sumar, skammt frá heimili Ringos. „Orðrómur er uppi um að Ringo muni spila á trommur í tveimur lögum,“ sagði breska blaðið Daily Express. „Ringo er kjörinn í hlutverkið enda þekkir hann bæði Bob og Sir Paul mjög vel.“







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR SALVATION | kl. 8D - 10:40D | 14 |
| MANAGEMENT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| ADVENTURELAND | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 5:50(3D) | L |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 | L |
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:30 | 10 |
| STAR TREK XI | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MANAGEMENT | kl. 6 - 8:10 - 10 | 10 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 6:10 - 8 | L |
| ADVENTURELAND | kl. 10:20 | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 4(3D) | L |
| CORALINE 3D m/ensku tali | kl. 10:20(3D) (ótextuð) | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 3:40 | L |
| LOFTLEIÐIR | kl. 3:30D síð sýn | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 8 | L |
| CRANK 2 | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 8 | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10 | 16 |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR SALVATION | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 8 | L |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 10 | 12 |

HTTP://FACEBOOK.SAMBIOIN.IS

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| TERMINATOR: SALVATION LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5 - 8 -10.50 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3.40 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 10.20 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20 - 8 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 10.40 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.50 - 10.15 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 8 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR SALVATION | kl. 5.45, 8 og 10.15-POWER | 14 |
| CORALINE 3D | kl. 3.45 - Ísl. tal | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 4, 6 og 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| 17 AGAIN | kl. 10 | L |


# Fínt Tortímanda-framhald

Fjórða Terminator-myndin lítur nú dagsins ljós með Christian Bale í hlutverki Johns Connor, en samkvæmt því sem fullyrt er í fyrri myndum, er hann bjargvættur mannkynsins. Árið er 2018 og hafa vélmenni með gervigreind yfirtekið jörðina. Hópur fólks berst gegn vélmennunum meðan aðrir reyna að halda sér á lífi með því að fela sig.

Sögusvið myndarinnar hefur verið fjallað um í forverum hennar og þótt það hafi ekki upphaflega verið ætlunin að sýna þessa framtíð í sérkvikmynd, þá er núna komið að þessu. Leikstjórinn McG, sem áður gerði Charlie's Angels-myndirnar tvær, skilar af sér sæmilegri leikstjórn en hans helsti styrkleiki liggur í hasaratriðum myndarinnar, sem eru þrælgóð. Útlit myndarinnar er flott, og þá allt frá vélmennunum til bækistöðva andspyrnunnar.

Mér til mikillar undrunar hefur höfundum tekist illa að gæða Connor einhverju lífi í myndinni. Að undanskildum þeim hlutum sem áhorfendur vita nú þegar úr fyrri myndum er engu nýju bætt við, og er hann sviptur öllum persónuleika. Öll sagan í kringum Connor verður að lúta í lægri haldi fyrir nýrri og áhugaverðari persónu að nafni Marcus Wright. Er för hans og Kyle Reese, um rústir Los Angeles-borgar, mun meira spennandi en barátta Connors við Skynet (fyrirtækið sem ber ábyrgð á vélmennunum).

Ég er ekki frá því að Sam Worthington verði innan nokkurra ára næsta stóra hasarmyndastjarnan. Frammistaða hans í myndinni er afar góð, og eru atriðin með honum og Antons Yelchin sem leikur Reese þau bestu í myndinni. Aftur á móti þá er Bale í aðalhlutverki myndarinnar afar tilgerðarlegur og óspennandi. Í flestum senunum er hann að öskra, kalla og tala til skiptis eins og hann gerði sem Batman í The Dark Knight.

Þegar mörg ár hafa liðið milli framhaldsmynda og nýir komnir við stjórnvölinn getur verið erfitt að bera myndir saman, en Terminator Salvation er fjarri því að eiga séns í fyrstu tvær Terminator-myndirnar. Þrátt fyrir það er myndin fínasta spennumynd með flottum hasaratriðum, en það má ekki búast við að hún risti eitthvað sérstaklega djúpt.

Vignir Jón Vignisson – Topp5.is



**KVIKMYNDIR**

**Terminator Salvation**

Leikstjóri: McG

Aðalhlutverk: Christian Bale, Anton Yelchin og Sam Worthington

★★★

Ágætis framhald en á ekki séns í fyrstu tvær Terminator-myndirnar.

# Frumraun Conan

Conan O´Brien hefur stjórnað sínum fyrsta kvöldþætti á sjónvarpsstöðinni NBC í stað Jays Leno. Conan hefur hingað til stjórnað næturþætti sínum frá New York en er núna fluttur til Los Angeles þar sem The Tonight Show er tekinn upp.

Fyrsti gestur hans var gamanleikarinn Will Ferrell sem gaf honum góð ráð varðandi búsetuna í nýju borginni. Í gamanmáli sínu í upphafi þáttarins gerði Conan grín að efnahagsvanda Bandaríkjanna og lélegum áhorfstölum NBC.



**FERRELL Í HEIMSÓKN** Gamanleikarinn Will Ferrell var fyrsti gestur Conans O´Brien. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




***Fjarðabyggð óskar landsmönnum til hamingju með sjómannadaginn.***



Hátíðarhöld í tilefni dagsins í Fjarðabyggð verða á Eskifirði, Norðfirði og á Fáskrúðsfirði dagana 4. til 7. júní

Á dagskrá verða siglingar, sjómannamessur, reiptog, dorgveiðikeppni og margt fleira.

Dansleikir verða m.a. með Jónsa í Svörtum fötum og Land og synir, Mónó og fleiri.

Dagskráin er á www.fjardabyggd.is

Verið velkomin.
*Góða skemmtun.*

FJARÐABYGGÐ | *þú ert á góðum stað* fjardabyggd.is

Mjóifjörður Norðfjörður Eskifjörður Reyðarfjörður Fáskrúðsfjörður Stöðvarfjörður


Kauptu eina flík
í dömudeild
og fáðu aðra á
50%
afslætti
Þú borgar fullt verð fyrir dýrari vöruna
Gildir ekki með öðrum tilboðum og gildir ekki af
Jane Norman, Oasis og NTC
FLOTT VARA Á FLOTTU VERÐI
Designer Remix
Gerry Weber
Esprit
Taifun
Part Two
Mexx
Collection
Casual Club
Maine
B Young
Betty Jackson
John Rocha
Red herring
JJeans
Julian McDonald
M By M
Gildir fimmtudag til sunnudags
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## > Atvik umferðarinnar

Mark Þóris Hannessonar í leik Fylkis gegn KR þótti umdeilt. Stefán Logi Magnússon varði skalla Þóris en aðstoðardómari dæmdi að boltinn hefði verið kominn yfir línuna þegar Stefán Logi varði. Erfitt að dæma um það á myndbandsupptökum en markið stóð.

## > Bestu ummælin

„Við þurfum að smíða einhverja hafsenta, það er klárt,“ sagði Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar, eftir tapið fyrir Val enda verður miðvarðapar hans í banni í næsta leik Þróttar.



# sport

sport@frettabladid.is

**PEPSI-DEILD KARLA:** LIÐ 6. UMFERÐAR

## *Íslandsmeistararnir komnir á flug*

Óhætt er að segja að Íslandsmeistarar FH séu komnir á gott flug enda hefur liðið unnið fimm leiki í röð og trónir á toppi Pepsi-deildar karla að loknum sex umferðum. FH-ingar eru þó ekki stungnir af en ef önnur lið fara ekki að kroppa af þeim stig er hætt við því að erfitt verður að ná í skottið á Hafnfirðingum eftir því sem líður á sumarið.

FH vann nú síðast 3-0 sigur á Fjölni sem hefur ekki byrjað eins vel og liðið gerði á síðasta tímabili. FH-ingar eiga þrjá fulltrúa í liði umferðarinnar að þessu sinni og Eyjamenn tvo. Sex önnur lið eiga fulltrúa í liðinu.

Sjálfsagt voru einhverjir búnir að afskrifa ÍBV enda þurfti liðið að bíða þar til í fimmtu umferð með að skora sitt fyrsta mark á tímabilinu. En þá brast stíflan og hefur ÍBV unnið tvo síðustu leiki sína, báða 3-1, og lyfti sér þar með upp í áttunda sæti deildarinnar. Þróttur er nú eina liðið sem á enn eftir að vinna leik í deildinni.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** Stjarnan 19
**Flest skot á mark:** Fylkir, Fram 8
**Fæst skot:** Þróttur 5
**Hæsta meðaleink.:** FH 6,46.
**Lægsta meðaleink.:** Grind. 4,77.
**Grófasta liðið:** Breiðabl. 19 brot.
**Prúðasta liðið:** Stjarnan, 3 brot.
**Flestir áhorfendur:** 1.980, á leik Keflavíkur og Stjörnunnar.
**Fæstir áhorfendur:** 609, á leik ÍBV og Grindavíkur.
**Áhorfendur alls:** 7.974 (1.329).

**Besti dómarinn:** Örvar Gíslason og Kristinn Jakobsson fengu báðir 8 í einkunn fyrir sína leiki.



**Í BANN** Fylkismaðurinn Ásgeir Börkur Ásgeirsson hefur fengið fjögur gul spjöld á leiktíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pepsi-deild karla:

## Átta leikmenn dæmdir í bann

**FÓTBOLTI** Átta leikmenn úr liðum í Pepsi-deild karla voru úrskurðaðir í leikbann á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í fyrradag.

Bjarni Rúnar Einarsson, Tony Mawejje (báðir ÍBV), Runólfur Sveinn Sigmundsson (Þrótti), Kjartan Ólafsson (Stjörnunni) og Guðjón Árni Antoníusson (Keflavík) fengu allir bann vegna rauðs spjalds. Þá voru þeir Haukur Páll Sigurðsson (Þrótti), Kristján Hauksson (Fram) og Ásgeir Börkur Ásgeirsson (Fylki) úrskurðaðir í eins leiks bann fyrir fjórar áminningar. - esá

Ísland á styrkleikalista FIFA:

## Upp um tvö sæti

**FÓTBOLTI Íslenska landsliðið færðist upp um tvö sæti á styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins sem var gefinn út í gær. Liðið er í 92.-93. sæti, ásamt Albaníu.**

**Ísland mætir Hollandi á Laugardalsvellinum á laugardaginn en síðarnefnda þjóðin færðist upp í annað sæti listans í gær. Holland hafði sætaskipti við Þýskaland en Spánn er enn í efsta sæti.**

**Af hinum liðunum í riðli Íslands í undankeppni HM 2010 má nefna að Skotland er í 22. sæti og færist upp um tvö sæti, Noregur er í 47. sæti og fellur um tvö sæti og Makedónía er í 64. sæti og stendur í stað.** - esá

# Ætlum að vinna tvennuna

**Björn Daníel Sverrisson, leikmaður FH, er leikmaður 6. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði tvö mörk í 3-0 sigri FH á Fjölni í vikunni en Íslandsmeistararnir hafa nú unnið fimm leiki í röð og eru á toppnum.**

**FÓTBOLTI** Björn Daníel Sverrisson er leikmaður 6. umferðar að mati Fréttablaðsins. Þessi ungi FH-ingur hefur unnið sér fast sæti í byrjunarliði Íslandsmeistaranna og þar með haldið hinum reynda Tryggva Guðmundssyni á bekknum. Tryggvi lék á miðjunni hjá FH í fyrstu umferðunum en hefur mátt sætta sig við setu á varamannabekknum í síðustu þremur leikjum liðsins. Á sama tíma hefur Björn Daníel fest sig í sessi í byrjunarliðinu og skoraði sín fyrstu tvö mörk í efstu deild karla þegar FH vann Fjölni, 3-0, á mánudagskvöldið.

FH hefur unnið síðustu fimm leiki sína í deildinni eftir að hafa tapað fyrir Keflavík í fyrstu umferðinni. Reyndar stefndi allt í að FH myndi tapa fyrir Breiðabliki í þriðju umferð þegar liðið lenti 2-0 undir en vann síðan eftirminnilegan 3-2 sigur. Síðan þá hefur FH verið á beinu brautinni.

„Það var gott að fá þrjú stig gegn Fjölni og við höfum verið að komast í gang eftir erfiða byrjun. Við spiluðum reyndar ekkert sérstaklega góða knattspyrnu gegn Fjölni en skoruðum samt þrjú mörk. Það hlýtur að sýna hvað við erum með sterkt lið,“ sagði Björn Daníel í samtali við Fréttblaðið. „Það var líka ánægjulegt að skora. Mér var búið að ganga vel á undirbúningstímabilinu og vonandi að ég sé búinn að finna markaskóna í deildinni.“



**MARKI FAGNAÐ** Björn Daníel Sverrisson, til hægri, fagnar öðru marka sinna gegn Fjölni ásamt Matthíasi Guðmundssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann segir FH-inga hungra enn í árangur. „FH hefur ekki enn tekist að vinna tvennuna, bæði deild og bikar á sama árinu og er það markmið okkar í ár.“

En þrátt fyrir gott gengi FH-inga og tveggja stiga forystu liðsins í deildinni á Björn Daníel síður von á því að liðið sé að fara að stinga af. „Það eru mörg lið sem hafa verið að koma á óvart og þó svo að það séu ekki jafn margir útlendingar í deildinni nú og í fyrra tel ég hana sterkari nú. Liðin eru miklu jafnari að styrkleika og lið eins og Fylkir hafa verið að koma sterk inn. FH og KR hafa verið að spila bestu knattspyrnuna og verða sjálfsagt í toppbaráttunni í sumar. En þau lið sem ætla sér að vera í henni þurfa að byrja vel eftir landsleikjafríið.“

Nú er hlé í deildinni vegna landsleikja og fá því knattspyrnumennirnir sem ekki taka þátt í þeim kærkomið frí. „Það er búin að vera stíf keyrsla síðan mótið hófst og því gott að geta safnað kröftum á ný. Við fáum væntanlega frí um helgina en það gerist afskaplega sjaldan yfir sumartímann og því kærkomið.“

Það verður þó lítið frí fyrir Björn Daníel því hann er annar tveggja FH-inga, ásamt Hirti Loga Valgarðssyni, sem halda utan í dag með U-21 landsliði Íslands. Liðið leikur æfingaleik gegn Dönum á morgun. eirikur@frettabladid.is



**ÞÓRIR HÁKONARSON** Ekki ánægður með hegðun stuðningsmanna Stjörnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framkvæmdastjóri KSÍ:

## Stjarnan er á gulu spjaldi

**FÓTBOLTI** Málefni stuðningsmanna Stjörnunnar voru tekin fyrir á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ á þriðjudag. Ástæðan var sú að stuðningsmenn félagsins fóru langt yfir strikið með hegðun sinni í Keflavík á mánudag er þeir voru með helberan dónaskap í garð Hauks Inga Guðnasonar og fjölskyldu hans.

„Stjarnan fékk sent bréf frá okkur þar sem fram kemur að við munum ekki líða svona hegðun á knattspyrnuvellinum,“ sagði Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, hvass í samtali við Fréttablaðið.

„Þeir verða að taka á stuðningsmönnum sínum enda eru þeir á ábyrgð félagsins. Málið er litið alvarlegum augum og má segja að Stjörnumenn séu nú á gulu spjaldi,“ bætti Þórir við.

Ekki var ákveðið að beita sektarákvæði í þessu tilviki og vonast KSÍ til þess að Stjörnumenn leysi þetta innan sinna raða.

„Stjörnumenn segjast hafa rætt þetta mál við stuðningsmennina og gert þeim grein fyrir alvöru málsins. Þeir fá tækifæri til að bæta ráð sitt og vonandi taka menn rétt á málum því við munum ekki líða fleiri slíkar uppákomur,“ sagði Þórir. - hbg

**SUNDNÁMSKEIÐ**

Sundnámskeið Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík fyrir börn hefst 8. júní. Kennt verður í sundlaug Sjálfsbjargar, Hátúni 12. Skráning fer fram í Íþróttahúsi ÍFR Hátúni 14 eða í síma 561-8226 frá og með 1. júní. Námskeiðið er opið öllum.

**Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík**

Ólafur Stefánsson gefur ekki kost á sér í landsliðið þrátt fyrir pressu:

## Sagðist ætla að fara í frí í eitt ár og það stendur óbreytt

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson segist ekki ætla að endurskoða þá ákvörðun sína að taka sér ársfrí frá landsliðinu þó svo að landsliðið sé í miklum vandræðum vegna meiðsla lykilmanna þessa dagana og eigi erfiða leiki í mánuðinum.

„Ég mun ekki spila. Ég hef einu sinni verið plataður til þess að koma aftur þegar ég tók mér frí og það var ekki góð reynsla,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið.

„Ég lét plata mig til Túnis 2005 og hausinn á mér var þá búinn að segja að ég ætti ekki að vera þar og þá fylgdi líkaminn bara með. Ég var ekki í neinu standi á því móti. Það var versta mótið sem ég hef spilað með landsliðinu,“ sagði Ólafur.

„Ég ætla að læra af því og einnig að standa við mín orð. Ég sagðist ætla að fara í frí í eitt ár og sjá svo til. Það stendur enn,“ sagði Ólafur sem vonast þó að sjálfsögðu til þess að strákarnir standi sig vel og komist til Austurríkis næsta janúar.

„Þeir eru í góðum málum og þurfa að vinna annan heimaleikinn. Þá eru þeir í fínum málum,“ sagði Ólafur. „Það má vel vera að einhverjir af þessum meiddu leikmönnum séu leikfærir ef þeir bíta á jaxlinn. Ég veit ekki hversu alvarleg staðan er hjá þeim öllum. Þeir verða líka að spyrja sjálfa sig að því hverju þeir séu til í að fórna,“ sagði Ólafur Stefánsson. - hbg



**STENDUR FASTUR Á SÍNU** Ólafur segist ekki ætla að láta að plata sig í að koma til baka eins og árið 2005 þegar hann segist hafa átt sitt lélegasta mót. NORDIC PHOTOS/AFP

# Nýtt í Múrbúðinni!

MÚRBÚÐARVERÐ

# Hreinlætistæki

## í miklu úrvali







**Nú bjóðum við frábært úrval af baðvörum á verði sem kemur á óvart**

























Baðinnréttingar frá
**19.900 kr.**

Eldhúsvaskar frá
**8.900 kr.**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

***Reykjavík, Kletthäls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16***
***Suðurnes, Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14***
***Akureyri, Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14***

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afsláttur eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**



**NIGEL DE JONG** Í leik með hollenska landsliðinu á EM. NORDIC PHOTOS/GETTY

Nigel De Jong fékk leyfi:

## De Jong missti af æfingu

**FÓTBOLTI** Miðvallarleikmaðurinn Nigel De Jong missti í gær af æfingu með hollenska landsliðinu sem undirbýr sig nú fyrir leikinn gegn Íslandi í undankeppni HM 2010 á Laugardalsvelli á laugardaginn.

De Jong fékk leyfi til að vera viðstaddur fæðingu sonar síns.

Bert van Marwijk, landsliðsþjálfari Hollands, segir að þetta hafi ekki áhrif á Íslandsferðina og að De Jong komi með landsliðinu hingað til lands.

Hann leikur nú með Manchester City í ensku úrvalsdeildinni en áður lék hann með Hamburg í Þýskalandi og Ajax í heimalandinu Hollandi. - esá

# Minningar sem maður gleymir seint

**Eiður Smári er ánægður með að vera kominn til Íslands eftir ótrúlegt þrennu-tímabil með Börsungum. Hann kveðst þó enn óviss hvar framtíð hans liggi í boltanum og ætlar að flýta sér hægt í þeim málum.**

**FÓTBOLTI** Eiður Smári var ásamt öðrum landsliðsmönnum mættur á létta æfingu í veðurblíðunni í Kópavogi í gær og kvaðst afar sáttur við að vera mættur aftur til landsins.

„Þetta er klassi, hér er allt grænt og fínt. Eins og ég hef alltaf sagt þá er mjög gaman að koma heim og hitta strákana í landsliðinu. Það er mjög létt yfir hópnum og mikil spenna fyrir komandi landsleikjum,“ segir Eiður Smári en Ísland mætir sem kunnugt er Hollandi hér heima á laugardag og svo Makedóníu úti á miðvikudag í undankeppni HM 2010.

Eiður Smári er svo til enn að ná áttum eftir að hafa tekið þátt í ótrúlegu þrennu-tímabili með Barcelona þar sem katalónska stórliðið vann deild og bikar á Spáni og toppaði svo allt með fræknum sigri gegn Manchester United í úrslitaleik Meistaradeildarinnar í Rómaborg í lok síðasta mánaðar.

„Ég er búinn að fagna vel með vinum og fjölskyldu. Heimkoman til Barcelona eftir úrslitaleikinn er einhver ótrúlegasta upplifun sem ég hef lent í. Ég er bara mjög þakklátur fyrir að hafa tekið þátt í þessu öllu saman og upplifa stemninguna. Þetta eru minningar sem maður gleymir seint. Þetta var ótrúlegt,“ segir Eiður Smári.




**Á RÚNTINUM** Eiður Smári og félagar fögnuðu vel við heimkomuna til Barcelona. NORDIC PHOTOS/AFP

Katalóníubúar fylltu öll torg og stræti í Barcelona þegar Eiður Smári og félagar sneru aftur heim til að fagna Meistaradeildartitlinum. Fögnuðurinn hélt svo áfram á Nou Camp-leikvanginum fræga þar sem Eiður Smári tók meðal annarra til máls og var sérstaklega hrósað í spænskum fjölmiðlum fyrir orð sín.

„Já, ég tók bara virkan þátt í öllum fagnaðarlátunum og hélt þarna smá ræðu sem vakti víst mikla lukku. Ég man nú ekki nákvæmlega hvað ég sagði en ég þakkaði aðdáendum liðsins bara fyrir þeirra stuðning og allir voru bara þarna mættir til þess að samgleðjast. Þetta var æðislegur endir á ótrúlegu tímabili og maður fær eflaust aldrei að upplifa annað eins aftur,“ segir Eiður Smári.

### Ekki bara Spánn og England

Eiður Smári á enn eitt ár eftir af samningi sínum við Barcelona en segist þó óviss um hvar hann muni spila á næstu leiktíð.

„Ég get ekkert sagt hvað verður. Ég ætla bara að einbeita mér að því að spila þessa tvo landsleiki sem fram undan eru og svo kemst ég vonandi í frí með fjölskyldunni og næ aðeins að slappa af. Hvort sem ég verð áfram hjá Barcelona eða fer eitthvert annað þá held ég að það komi ekki til með að ráðast fyrr en líður vel á sumarið,“ segir Eiður Smári sem var sagður í breskum fjölmiðlum vilja helst fara til Englands á dögunum. Hann vill nú samt ekki kannast við að hafa sagt neitt til um það.

„Það sem ég sagði var að það væri eins og flestir reiknuðu með því að ég færi aftur til Englands. Það er nú aftur á móti alls ekki eini kosturinn. Ég ætla að bara að sjá til og kannski prófa ég eitthvað ævintýri einhvers staðar annars staðar en ég hef verið áður. Ég er búinn að vera lengi á Englandi og svo í þrjú ár á Spáni og það er spilaður topp fótbolti í fleiri löndum en þessum tveimur. Ég er svo sem ekkert farinn að spá almennilega í þetta á þessari stundu, minna en margir aðrir alla vega. Hvort ég fari og þá hvert, ætla ég bara að njóta fótboltans,“ segir Eiður Smári að lokum. omar@frettabladid.is


KNATTSPYRNUÞJÁLFUN ehf.
adidas
Gatorade
Sumarskóli 2009 Mosfellsbæ
10 - 12. júní.
Knattspyrnuþjálfun og Afturelding



Úrvals þjálfarar, frábærir fyrirlestrar. Ógleymanleg skemmtun.
Skráning fyrir alla krakka allstaðar af landinu, stelpur og stráka í 3. 4. & 5. flokk stendur til mánudagsins 8.júní
Aðskildar verða æfingar og gisting fyrir annars vegar 5. flokk og hins vegar 4. & r.flokk.
SKRÁNING ER Á WWW.KNATTSPYRNUTHJALFUN.IS







**BARÁTTA** Valsstúlkur höfðu betur, 2-3, í toppbaráttuslag við Fylki í Pepsi-deild kvenna í Árbænum í gærkvöld. Þetta var fyrsta tap Fylkis í deildinni en liðið hefur komið hressilega á óvart í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Toppslagur í Pepsi-deild kvenna í Árbænum í gær:

## Valur hirti toppsætið af Fylki

**FÓTBOLTI** Valur kom sér í gær á topp Pepsi-deildar kvenna með 3-2 sigri á Fylki sem þar með tapaði sínum fyrsta leik á tímabilinu. Fylkir var á toppi deildarinnar fyrir leiki gærkvöldsins.

Valur byrjaði leikinn af miklum krafti og skoraði þrívegis á fyrstu 60 mínútunum. Hallbera Guðný Gísladóttir tvisvar og Kristín Ýr Bjarnadóttir einu sinni.

En þá vöknuðu Fylkismenn skyndilega til lífsins og Anna Björg Björnsdóttir skoraði tvö mörk á fimm mínútum. Fylkir sótti mikið eftir þetta en náði ekki að skora þriðja markið.

„Ég er mjög ánægður með fyrsta klukkutímann en fannst það algjör óþarfi að hleypa þeim inn í leikinn eins og við gerðum,“ sagði Freyr Alexandersson, þjálfari Vals. „Við vorum að spila mjög vel og náðum að skora þetta dýrmæta þriðja mark í leiknum. Sem betur fer dugði það.“

Anna Björg var vitanlega svekkt í leikslok.

„Það var bara eitt lið á vellinum í seinni hálfleik og afar svekkjandi að ná ekki að skora þriðja markið. En við ætlum að halda okkar striki þrátt fyrir þetta og vera í toppbaráttu deildarinnar í allt sumar.“

Þá náði Stjarnan að rífa sig upp eftir tap gegn GRV í síðustu umferð með góðum 2-0 sigri gegn Þór/KA og Breiðablik og KR skildu jöfn í markalausum leik. GRV vann svo Keflavík en Keflavíkurstúlkur eru enn án stiga í deildinni. - esá

## ÚRSLIT

*Pepsi-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| Fylkir-Valur | 2-3 |
| 0-1 Hallbera Guðný Gísladóttir (17.), 0-2 Kristín Ýr Bjarnadóttir (26.), 0-3 Hallbera Guðný Gísladóttir (57.), 1-3, 2-3 Anna B. Björnsdóttir (61.) og (65.) | |
| KR-Breiðablik | 0-0 |
| Afturelding/Fjölnir-ÍR | 1-1 |
| 1-0 Amanda Johansson (14.), 1-1 Aleksandra Mladenovic (25.). | |
| Keflavík-GRV | 1-2 |
| Stjarnan-Þór/KA | 2-0 |
| 1-0 Björk Gunnarsdóttir (57.), 2-0 Sjálfsm. (61.). | |

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Valur | 6 | 5 | 0 | 1 | 31-9 | 15 |
| 2. Stjarnan | 6 | 5 | 0 | 1 | 13-2 | 15 |
| **3. Fylkir** | **6** | **4** | **1** | **1** | **18-6** | **13** |
| 4. Breiðablik | 6 | 4 | 1 | 1 | 17-6 | 13 |
| **5. GRV** | **6** | **3** | **0** | **3** | **6-15** | **9** |
| 6. Þór/KA | 6 | 2 | 1 | 3 | 18-16 | 7 |
| **7. Afturelд/Fj.** | **6** | **2** | **1** | **3** | **9-13** | **7** |
| 8. KR | 6 | 1 | 1 | 4 | 8-8 | 4 |
| **9. ÍR** | **6** | **1** | **1** | **4** | **5-29** | **4** |
| 10. Keflavík | 6 | 0 | 0 | 6 | 4-25 | 0 |

*Vináttulandsl. í handbolta*

Portúgal-Ísland 23-31 (10-15)

**Mörk Íslands:** Harpa Sif Eyjólfsdóttir 7, Karen Knútsdóttir 7, Ásta Birna Gunnarsdóttir 5, Stella Sigurðardóttir 3, Elísabet Gunnarsdóttir 3, Kristín Clausen 2, Arna Sif Pálsdóttir 1, Dagný Skúladóttir 1, Sólveig Lára Kjærnested 1, Hrafnhildur Skúladóttir 1.

**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 16.



**MEIDDUR** Heiðar Helguson getur ekki leikið með Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heiðar Helguson meiddur:

## Gefur ekki kost á sér í leikina

**FÓTBOLTI** Karlalandslið Íslands varð fyrir blóðtöku í gær þegar framherjinn Heiðar Helguson dró sig út úr landsliðshópnum fyrir leikina gegn Hollandi og Makedóníu í undankeppni HM 2010.

„Heiðar er því miður meiddur og getur ekki gefið kost á sér í komandi verkefni með liðinu. Hvorki í leiknum gegn Holland né á miðvikudaginn gegn Makedóníu,“ sagði aðstoðarlandsliðsþjálfarinn Pétur Pétursson. - óþ


TAL
6 vinir
óháð kerfi
Veldu 6 gsm eða heimasímanúmer fyrir 0 kr. mínútuna.
Allur Pakkinn
frá 3.990 kr. á mánuði
Mánaðargjald á heimasíma, neti og gsm
HEIMASÍMI
NET
GSM
Þjónustuver 1817 | Sími 445 1600 | Fax 445 1601 | tal@tal.is
Suðurlandsbraut 24 | 108 Reykjavík



> **Chris Rock**

„Ég held að venjulegt fólk hafi ríkari þörf fyrir að sjá spaugilegar hliðar á sínu daglega lífi. Ég sæki að minnsta kosti nánast allt mitt gamanefni til venjulegs fólks.“

***Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum í þættinum Everybody Hates Chris sem Skjár einn sýnir í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON MINNIST ÞESS BESTA FRÁ JAY LENO

# *Síðasti brandari bandarísks spéfugls*

Bandaríski spéfuglinn Jay Leno hefur sagt sinn síðasta brandara í kvöldþætti sínum á sjónvarpsstöðinni NBC, en upptaka frá lokaþættinum verður sýnd á Skjá einum í kvöld.

Sumir fagna því að Conan O´Brien taki nú við af honum og skil ég þá að vissu leyti. Conan er með svartari og beittari húmor og er einnig líklegri til að spyrja gesti sína dýpri spurninga en forveri hans, sem ávallt hafði léttleikann í fyrirrúmi. Ekki er víst að þátturinn breytist þó mikið því sömu stjörnurnar munu halda áfram að láta sjá sig auk þess sem svigrúmið til að auka á alvarleika þáttarins er líklega ekki mikið.

Í aðdraganda brotthvarfs síns heiðraði Leno eftirminnilega gesti þáttarins, þar á meðal hinn skræka Ross og hreinskilnu ávaxtakerlinguna, sem reyndar er látin. Margt annað er minnisstætt úr tíð Leno, þar á meðal götuspjall hans og spurningakeppni hinna fávísu. Sumar stjörnurnar voru líka hressari en aðrar og má þar nefna ærslabelgina Robin Williams og Jim Carrey sem virtust aldrei geta setið kyrrir.



**CONAN OG LENO** Conan O´Brien hefur tekið við af Jay Leno sem stjórnandi The Tonight Show.

Eftir langan tíma í sama starfi (sautján ár í tilfelli Leno) getur verið gott að hleypa öðrum að og vonandi á Conan eftir að standast áskoruninna. Vafalítið bíða hans fjölmörg farsæl ár í Los Angeles innan um allar Hollywood-stjörnurnar, sem þurfa auðvitað á honum að halda rétt eins og hann á þeim. Leno vil ég óska velfarnaðar í nýjum þætti og um leið þakka honum fyrir öll brosin sem hann hefur náð að framkalla á köldum og dimmum vetrarkvöldum.

## FIMMTUDAGUR



▶ **17.40 The O.C.** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 Hell's Kitchen** STÖÐ 2



▶ **20.00 F1. Við rásmarkið** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Bræður og systur** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.25 Wedding Crashers** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**11.40 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur** Bein útsending frá úrslitakeppni í borðtennis.

**15.00 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur** Bein útsending frá úrslitakeppni í sundi.

**16.20 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur - Samantekt** (2:6)(e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fálkinn**

**17.45 Tómas og Tim** (4:16)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Úr vöndu að ráða** (3:7) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Bræður og systur** (Brothers and Sisters II) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

**20.55 Fréttir aldarinnar** 1958 Landhelgin færð út í tólf mílur.

**21.05 Þegar á reynir** (3:3)(e)

**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V)

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur - Samantekt**

**22.30 Nýgræðingar** (Scrubs VI)

**22.55 Trúður** (Klovn) (1:10) (e)

**23.25 Anna Pihl** (Anna Pihl) (6:10) (e)

**00.10 Kastljós** (e)

**00.40 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur** Upptaka frá úrslitakeppni í sundi. (e)

**02.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 My Date with Drew**

**10.00 Draumalandið**

**12.00 You Can't Stop the Murders**

**14.00 Tenacious D.**

**16.00 My Date with Drew**

**18.00 Draumalandið**

**20.00 You Can't Stop the Murders**

**22.00 Volcano**

**00.00 Resurrection of the Little**

**02.05 The Door**

**04.00 Volcano**

**06.00 Spin**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Litla risaeðlan, Elías og Íkornastrákurinn.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (21:25)

**09.55 Doctors** (22:25)

**10.20 Las Vegas** (16:19)

**11.05 Logi í beinni**

**11.50 Grey's Anatomy** (2:24)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (204:260)

**13.25 Wings of Love** (72:120)

**14.10 Wings of Love** (73:120)

**14.55 Ally McBeal** (4:21)

**15.40 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Nonni nifteind, Bratz og Elías.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (15:23) Joey þróar sérstaka leikaðferð til að ganga í augun á frægum leikara. Ross er miður sín þegar hann kemst að því hver rændi hann þegar hann var yngri og hinn atvinnulausi Chandler fær starf sem lærlingur í skófyrirtæki.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (2:25)

▶**20.00 Hell's Kitchen** Gordon Ramsey er snillingur í að etja saman efnilegum áhugamönnum um matreiðslu í einstaklega harðri keppni um starf á alvöru veitingahúsi.

**20.45 Shark Swarm** Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins.

**22.05 Twenty Four** (19:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.

**22.50 Never Say Never Again** Auðjöfurinn Blofeld hefur stolið tveimur kjarnorkuoddum ásamt illmenninu Largo og hótar að sprengja þá ef ekki verður farið eftir þeirra fyrirmælum. Bond þarf að finna skotmarkið áður en það verður of seint.

**01.00 Prison Break** (18:24)

**01.45 Damages** (13:13)

**02.50 Tough Luck**

**04.15 Air Strike**

**05.45 Friends** (15:23)

## SPORT *besta sætið*

**18.10 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Crowne Plaza Invitational At Colonial. Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**19.05 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**19.30 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.

▶**20.00 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir komandi keppni. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.

**20.30 Shakhtar Donetsk - Werder Bremen** Útsending frá úrslitaleiknum í Evrópukeppni félagsliða.

**22.20 Augusta Masters Official Film** Þáttur um Augusta Masters-mótið sem er hið fyrsta af fjórum árlegum risamótum í golfinu.

**23.20 Poker After Dark**

**00.05 F1. Við rásmarkið**

**00.35 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**01.00 Lakers - Orlando** Bein útsending frá leik í úrslitarimmunni í NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**19.55 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**20.25 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.55 Season Highlights 1996/1997** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**21.50 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Crystal Palace og Blacburn leiktíðina 1992-1993.

**22.20 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Norwich og Southampton leiktíðina 1993-1994.

**22.50 Wigan - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Rachael Ray**

**18.20 The Game** (3:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**18.45 America's Funniest Home Videos** (30:48)(e)

**19.10 Top Chef** (12:13) (e)

**20.00 All of Us** (8:22) Bandarísk gamansería um fráskilin hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd. Þau eiga ungan son sem reynir sitt besta til að koma foreldrunum aftur saman.

**20.30 Everybody Hates Chris** (2:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum. Chris gerir samning við annan nemanda, Angel. Hann ætlar að hjálpa Angel með heimaverkefnin en í staðinn ætlar Angel að hjálpa Chris að næla í stúlku.

**21.00 Family Guy** (1:18) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum. Þetta er ný sería.

▶**21.25 Wedding Crashers** Grínmynd með Vince Vaughn og Owen Wilson í aðalhlutverkum. Þeir mæta óboðnir í brúðkaup og heilla dömurnar upp úr skónum. En allt breytist þegar þeir gerast boðflennur í brúðkaupi ársins og annar þeirra fellur fyrir trúlofaðri dóttur áhrifamikils og sérviturs stjórnmálamanns.

**23.25 Jay Leno**

**00.15 America's Next Top Model** (e)

**01.05 Painkiller Jane** (15:22) (e)

**01.55 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Gestir eru á öndverðum meiði í stjórnmálum.

**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm og Þorkell Sigurlaugsson ræða um ný útgefna bók Þorkels

**21.30 Maturinn og lífið** Fritz Jörgenssen ræðir um matarmenningu við gest sinn en matreiðslumeistari er Ragnar Ómarsson.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




WWW.BIFROST.IS

MEISTARANÁM Í MENNINGARSTJÓRNUN

Aðeins á Bifröst

Bifröst er eini íslenska háskólinn til að bjóða upp á meistaranám í menningarstjórnun. Námið er kjörið fyrir alla sem vilja takast á hendur leiðandi störf á sviði menningar og menntunar.

Kynntu þér námið betur á **bifrost.is.**

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 10. JÚLÍ

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ENNEMM / SÍA / NM38046

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.45**

### Shark Swarm



Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar mánaðarins. Veiðimaðurinn Daniel ásamt fjölskyldu sinni tekst á við siðlausa og fégráðuga byggingaverktaka sem eru að menga veiðilendur hans með því að losa eiturúrgang þar í stórum stíl. Það verður til þess að hákarlarnir sem annars hafa verið til friðs verða að blóðþyrstum árásardýrum.

Aðalhlutverk: Daryl Hannah, F. Murray Abraham og John Schneider.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Grey's Anatomy**

**Stöð 2 extra kl. 20.15**

Fimmta sería þessa vinsæla dramaþáttar er nú sýnd frá upphafi á Stöð 2 Extra, alla virka daga í júní. Meredith og Derek komast að því að það er mun erfiðara en þau áttu von á að viðhalda hinu fullkomna sambandi. Líf læknanna ungu tók stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veiktist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Saga af bláu sumri
**15.25** Gullmolar úr safninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Smásaga: Svona er að vera feiminn
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sólon Islandus
**23.00** Útvarpsperlur: Gyðjan barnslega
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (203:260)
**17.15 Hollyoaks** (204:260)
▶ **17.40 The O.C.** (24:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**18.25 Seinfeld** (20:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
**18.45 Hollyoaks** (203:260)
**19.15 Hollyoaks** (204:260)
**19.40 Seinfeld** (20:22)
**20.15 Grey's Anatomy** (4:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Gossip Girl** (18:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**22.45 Grey's Anatomy** (24:24)
**23.30 The Closer** (7:15)
**00.15 In Treatment** (4:43)
**00.45 Idol stjörnuleit** (14:14)
**01.35 Sjáðu**
**02.05 The O.C.** (24:27)
**02.50 Fréttir Stöðvar 2**
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.20** Dalziel and Pascoe **11.10** Dalziel and Pascoe **11.55** After You've Gone **12.25** The Weakest Link **13.10** EastEnders **13.40** My Hero **14.10** My Hero **14.40** After You've Gone **15.10** Dalziel and Pascoe **16.00** Dalziel and Pascoe **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **19.30** Rob Brydon's Annually Retentive **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** My Hero **21.20** After You've Gone **21.50** Dalziel and Pascoe **22.40** Dalziel and Pascoe **23.25** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **23.55** Rob Brydon's Annually Retentive

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Kandidaterne 1 **11.25** Mød EU-kandidaterne **11.40** Penge **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.55** Chapper & Pharfar **14.15** S, P eller K **14.30** Monster allergi **15.00** Lloyd i Rummet **15.20** Small Faces **15.30** Fandango med Rebecca **16.00** Historier fra Danmark **16.15** Mød EU-kandidaterne **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Venner på eventyr **18.00** Tæt på dyrene på giraffangst **18.30** Hammerslag ved Torup strand **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Spidskandidaterne **21.00** Strange Days **23.20** Backstage **23.50** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Sommertid **10.40** Urter **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Ansikt til ansikt **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** I sørhellinga **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Månebjørn **16.15** Bernt og Erling på nye eventyr **16.20** Rorri Racerbil **16.30** Her er eg! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Uten tilgivelse **20.25** Uti vår hage 2 **20.55** Smilehullet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Da pengane erobra verda **22.35** Livets porto

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Chris på chokladfabriken **10.35** Vårt hus - en mögelfälla **12.15** Agenda **13.00** Vem tror du att du är? **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Mäklarna **15.25** Mat och grönt på Friland **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Vildmark fiske **16.45** Hemliga svenska rum **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Plus sommar **18.30** Mitt i naturen **19.00** Draknästet **20.00** Medborgaren **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Uppdrag Granskning **22.15** Sändningar från SVT24



## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér oftast þrjá bolla af kaffi til að byrja með, svo bíð ég í hálftíma og fæ mér þá rúnstykki og eplasafa ef það er til í mötuneytinu. Óhollustan er algjörlega í fyrirrúmi, að eplasafanum frátöldum.“*

Reynir Traustason ritstjóri.

# Óverjanleg staða Rúnars í Grímunefnd

Leiklistarverðlaunin Gríman eru í hálfgerðu uppnámi eftir að upp komst að Rúnar Guðbrandsson, leikstjóri og höfundur sýningarinnar Steinar í djúpinu, sat í valnefnd Grímunnar. Rúnar hefur sagt af sér og beðið þess að atkvæði hans verði gerð ógild: „Heiður Grímunnar gengur fyrir í einu og öllu, sem og þeirra listamanna sem hafa unnið með mér að sýningunni Steinar í djúpinu,“ segir í yfirlýsingu frá Rúnari.

Málið hefur þó frekari eftirköst því samkvæmt Sigurði Kaiser, framkvæmdastjóra Grímunnar, hafa bæði stjórn Leiklistarsambands Íslands og fulltrúaráð LSÍ fundað um málið og hefur þótt ástæða til að bregðast við setu annarra í valnefnd. Þá segir hann að starfshópur vinni að því að meta verkferlana fyrir næsta leikár. Ekki hafa þó fengist upplýsingar um hverjir aðrir sitja í nefndinni.

„Breytir þetta einhverju í raun?“ spyr Jón Viðar Jónsson, leikhúsgagnrýnandi. „Breytir það því að sýningin hans fær flestar tilnefningar? En þessi ákvörðun er skynsamleg, ég held að Rúnar hafi verið í alveg óverjanlegri stöðu. Ég hef lengi haft miklar efasemdir um þetta fyrirkomulag á útnefningum til Grímunnar,“ segir Jón Viðar. „Það verður alltaf hægt að deila um verðlaun og viðurkenningar og því er ákaflega mikilvægt að vel sé staðið þar að.“

Formaður Félags leikstjóra á Íslandi og ritari Leiklistarsambandsins, Steinunn Knútsdóttir, sagði í samtali við Fréttablaðið að skipun Rúnars í nefndina hefði verið samkvæmt starfsreglum. „Það var því enginn sem gerði neitt rangt, hvorki hann né Félag leikstjóra. Það er ekkert sem bendir til þess að eftir afsögn hans sé neitt sem kastar rýrð á ákvörðunartökuna, þá sem eru tilnefndir eða þá sem hljóta vinninga.“ - kbs



**BLÓRABÖGGULL** Rúnar Guðbrandsson hefur sagt sig úr valnefnd Grímunnar.

**ÓHEPPILEGT** Jón Viðar hefur efasemdir um fyrirkomulag við útnefningar.



**LÁRÉTT**
**2.** gáski, **6.** í röð, **8.** sjáðu, **9.** tækifæri, **11.** hvort, **12.** skermur, **14.** helmings, **16.** fisk, **17.** umfram, **18.** að, **20.** slá, 21. tigna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elds, **3.** í röð, **4.** framlag, **5.** hrós, **7.** afturhluti, **10.** klettasprunga, **13.** árkvíslir, **15.** tafl, **16.** svif, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** áb, **8.** sko, **9.** lag, **11.** ef, **12.** skjár, **14.** hálfs, **16.** ál, **17.** auk, **18.** til, **20.** rá, **21.** aðla.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** rs, **4.** skerfur, **5.** lof, **7.** bakhlið, **10.** gjá, **13.** ála, **15.** skák, **16.** áta, **19.** ll.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Guðni Th. Jóhannesson.
2. Air France.
3. Jacqui Smith.


vísir.is
„...ég sá það á vísi“


HÓLMFRÍÐUR MATTHÍASDÓTTIR: TIKTÚRUR ARABÍSKRA ÚTGEFENDA

# Laxness loks út á arabísku

„Það var mjög sérstakt að skipta við hinn arabíska heim og þeir voru með ýmsar tiktúrur í sambandi við innihald bókanna sem þeir gefa út,“ segir Hólmfríður Matthíasdóttir hjá réttindastofu Forlagsins.

Nýverið var gengið frá því að Brekkukotsannáll eftir Halldór Laxness kæmi út á arabísku en það eru Arab Scientific Publishers sem munu gefa bókina út og stendur til að dreifa henni um allan hinn arabíska heim. Er þetta í fyrsta skipti sem bók eftir Laxness kemur út á arabísku. Samkeppniseftirlitið reisti fyrir ári skorður við því að Forlagið fengi að annast útgáfumál nóbelsskáldsins. Nýverið gekk sú ákvörðun til baka. Hólmfríður segir að nú haldi Forlagsmenn sínu striki og eftir að Forlagið fékk höfundarverk Halldórs Laxness aftur í hendurnar hefur verið unnið að því hörðum höndum að auka hróður hans. En hvaða tiktúrur eru þetta sem Hólmfríður vísar til? „Jahhh, hvernig á ég að orða það. Varla að maður geti sagt frá því. En það er alls konar. Bækur mega ekki fjalla um eitthvað sem er trúarlegs eðlis, það má ekki vera mikið kynlíf í þeim og einhverra hluta vegna mega þær ekki vera of langar.“ Hólmfríður tekur fram að þessar kröfur eða skilyrði hafi komið fram í bréfaskriftum við umboðsaðila arabísku útgefendanna. „Svo hitti ég forleggjarann þeirra í London og hann var hins vegar ekki með neinar slíkar kröfur uppi heldur fannst þetta allt stórkostlegt og vonast til að gefa mikið út af íslenskum bókum í framtíðinni.“

Valið stóð á milli Sjálfstæðs fólks og Brekkukotsannáls. Arabísku útgefendurnir töldu betra að byrja á Brekkukotsannáli meðal annars vegna þess að þeir telja að ekki taki eins mikinn tíma að ganga frá þýðingu þeirrar bókar. Hólmfríður segir að þótt aðeins sé fyrirliggjandi samningur um útgáfu Brekkukotsannáls hafi komið fram fullur vilji til að halda áfram. Fyrsta prentun verður ekki í mjög stóru upplagi, eða rúmlega tvö þúsund eintökum, en gangi vel verður prentað meira. Arab Scientific Publishers eru að sögn Hólmfríðar með afar gott dreifikerfi. Þó fleiri íslenskir höfundar séu til skoðunar hjá arabísku útgefendunum ákváðu þeir að byrja á garðinum þar sem hann er hæstur. Eða á verkum Laxness. Varðandi hina efnislegu átakapunkta segist Hólmfríður hafa litlar sem engar áhyggjur af því. Og alls ekki í tilfelli Laxness. „Ég er þeirrar skoðunar að Laxness eigi erindi til allra. Og er viss um, miðað við það sem ég hef lesið af arabískum bókmenntum, að þeir hljóti að vera hrifnir af honum. Þeirra sagnaheimur er ríkur og flókinn. Laxness skrifar um mannlegt eðli, samskipti og er djúpur. Það hlýtur að höfða til þeirra. Ég hef ekki trú á öðru,“ segir Hólmfríður Matthíasdóttir.

jakob@frettabladid.is



**HALLDÓR LAXNESS** Bækur hans hafa verið þýddar á samtals 43 tungumál en fyrst nú kemur verk eftir hann út á arabísku.



**HÓLMFRÍÐUR MATTHÍASDÓTTIR** Bækur sem koma út í hinum arabíska heimi mega ekki innihalda of mikið um trúmál, kynlíf og þær mega ekki vera of langar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Menn halda sjómannadaginn hátíðlegan með ýmsu móti. Bókabéusarnir á Forlaginu undir forystu feðganna Jóhanns Páls Valdimarssonar og **Egils Arnar** hafa til að mynda þann hátt á að skrá sig til leiks í kappróðurinn sem er fastur liður í hátíðarhöldunum. Lið þeirra heitir Kafteinn ofurbrók og kjöldregnu klappstýrurnar. Liðið hefur æft stíft en það hefur lengi ætlað sér að sigra lið færeyskra húsmæðra sem einokað hafa keppnina undanfarin ár en ekki haft erindi sem erfiði. Markmiðið nú er að vera fyrstir bókaforlaga en ekki er vitað til þess að önnur forlög ætli að taka þátt.



Viðurnefni vantar á hina nýju ríkisstjórn sem **Jóhanna Sigurðardóttir** leiðir. Einhverjir vildu tala um Norrænu stjórnina en það hefur ekki kveikt á neinum bjöllum. Hins vegar gætu menn verið að leita langt yfir skammt því ef grannt er skoðað kemur á daginn að ákaflega hátt hlutfall þeirra pólitísku ráðherra sem sitja í stjórninni hafa komið við í Alþýðubandalaginu einhvern tíma á sínum pólitíska ferli. Allaballastjórnin? Sex fyrrum allaballar af tólf auk Ögmundar Jónassonar sem var fyrir óháða og Alþýðubandalag á sínum tíma sitja í stjórninni: Össur Skarphéðinsson, Katrín Júlíusdóttir og Árni Páll Árnason og Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon og Svandís Svavarsdóttir. - jbg






Þorir að vera öðruvísi
Ísak Freyr Helgason 19 ára förðunarfræðingur hefur vakið mikla athygli fyrir persónulegan stíl og á sinn eigin aðdáendaklúbb.
föstudagur
fylgir Fréttablaðinu á morgun
Allt sem þú þarft


# Ólafur Darri orðheppnastur

Lokahóf leikaraboltans svokallaða var haldið á Catalinu í Kópavogi, annan í hvítasunnu. Fögnuðu leikarar þar góðu ári í Fífunni þar sem þeir etja kappi í fótbolta, stundum eftir leikhúsum. „Ég skoraði þrennu,“ segir Bergur Þór Ingólfsson, leikari ánægður. „Það voru engin ákveðin lið, heldur voru menn bara svartir á móti ljósum treyjum.“

Eftir góðan leik tók við fögnuður á Catalinu sem Björn Thors stýrði. Veitt voru verðlaun í ýmsum flokkum, Stefán Hallur Stefánsson var valinn markaskorari ársins en Ólafur Egilsson þótti taka mestum framförum. „Við verðlaunaathöfnina sagðist hann hafa byrjað á því að reyna að vera ekki fyrir en endað á að skora næstum mark. Næstum,“ segir Bergur.

Þá fékk Björn Thors verðlaun sem markahæsti varnarmaðurinn, Ingvar E. Sigurðsson var valinn smekklegasti leikmaðurinn en Ólafur Darri Ólafsson sá orðheppnasti.

Um kvöldið sá svo Hjálmar Hjálmarsson um hljómsveitarstjórn en mönnum var boðin frjáls þátttaka í bandinu og gripu margir í hljóðfæri, þar á meðal Vignir Rafn Valþórsson sem fór á kostum á rafmagnstrommusettinu. - kbs



**HVETUR SÍNA MENN** Ólafur Darri þótti orðheppnastur á vellinum í vetur.



**NÆSTUM ÞVÍ MARKASKORARI** Ólafur Egilsson þótti sýna framfarir í Fífunni.

# OUTLET CENTER

## FAXAFENI 8

OPIÐ VIRKA DAGA $11^{00}$-$18^{00}$
LAUGARDAGA $11^{00}$-$18^{00}$
SUNNUDAGA $12^{00}$-$17^{00}$



Hlýra bolir aðeins
**499 kr**

Mikið úrval af Levis gallabuxum, aðeins
**1990 kr**

Errea barna takkaskór aðeins
**3990 kr**

Mikið úrval af skóm
**990 kr**

Bikini margir litir
**990 kr**

KLINKIÐ
LÁGVÖRUMARKAÐUR
...ótrúleg verð

Signatures Of Nature
ENDORCED FOR YOU

**OUTLET CENTER | FAXAFENI 8** 534 4450

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






**Hvar er þín auglýsing?**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.
Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.




**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur

## *Fer hver að verða sér næstur?*

BMX reiðhjóli húsbóndans var stolið úr garðinum um daginn. Þetta er þriðja hjólið í hans eigu sem einhver óprúttinn hefur á brott með sér í skjóli nætur. Eins var hjólinu mínu stolið fyrir nokkru síðan, með áföstum barnastól! Ég kenni kreppunni um. Þegar harðnar á dalnum er fólk til alls víst.

**KREPPAN** dregur fram bæði það versta og besta í fólki. Það mætti kannski flokka þetta sem sjálfsbjargarviðleitni en þegar bensíndropinn er farinn að nálgast tvö hundruð krónurnar er betra að vera á hjóli. Og auðvitað betra að þurfa ekkert að borga fyrir hjólið. Ég vona bara að rabarbarinn fái að vera í friði í garðinum, en ætli sykurskatturinn sjái ekki til þess, fólk sultar sjálfsagt minna fyrir vikið.

**KREPPAN** er að hefja sig á annað stig. Ákveðin örvænting virðist vera að grípa um sig í samfélaginu en fréttir af innbrotum og ofbeldisverkum fylla síður blaðanna. Þeir sem þekkja til segja slíkt alltaf aukast í efnahagslægðum. Fólk tekst misjafnlega á við ástandið. Einhverjir kunna þó að nýta sér það til tekna en tvær ef ekki þrjár bækur sem fjalla um hrunið hafa verið drifnar út á síðustu mánuðum. Fólk er forvitið að lesa og fá kannski einhver svör við því af hverju fór sem fór, hverjum sé um að kenna. Lára Ómarsdóttir skrifaði bók þar sem er að finna ýmis ráð til að kljúfa kreppuna, með gleðina að vopni.

**ÞAÐ** er hressandi að heyra af fólki sem lætur ekki deigan síga í atvinnuleysi heldur framkvæmir hugmyndir sínar, gefur út bækur eða hannar nýtt borðspil og opnar verslanir með notuð barnaföt. Það má fá innblástur af bjartsýni og dug þessa fólks og sjálfsagt að taka það sér til fyrirmyndar, frekar en að stela reiðhjólum. Sjálfsagt þýðir heldur ekkert að vonast til þess að ráðamenn þjóðarinnar kippi ástandinu í liðinn á næstunni.

**RÍKISSTJÓRNIN** hefur tönnlast á því að brýnast sé að hjálpa þeim sem mest þurfa á að halda. En eftir síðasta útspil hennar, held ég að við munum öll á endanum enda í þeim hópi hvort sem er, sem þarf mest á hjálp að halda. Og hvað þá, er þá bara hver sjálfum sér næstur?



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 4. júní, 155. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.16 | 13.26 | 23.38 |
| Akureyri | 2.22 | 13.11 | 0.03 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# Lítið dæmi
## um gott verð



**Aðeins 299 krónur stykkið**

**Sportbúðin – Ódýra veiðibúðin**

**SPORTBÚÐIN**

**Í leiðinni úr bænum**

**Krókháls 5 - 110 Reykjavík - 517 8050 - sportbudin.is**